

Háskóli Íslands
Guðfræðideild

júní 2009

01.88.00

BA ritgerð í guðfræði

prófessor Jón Ma. Ásgeirsson

Mennska og máttur

Mannssonarheitið í semísku,
hellenísku og kristnu samhengi

Davíð Þór Jónsson

Háskóli Íslands
Guðfræðideild

júní 2009

01.88.00

BA ritgerð í guðfræði

prófessor Jón Ma. Ásgeirsson

Mennska og máttur

Mannssonarheitið í semísku,
hellenísku og kristnu samhengi

Davíð Þór Jónsson

EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	1
2.	Aðferðafræði	2
3.	Mennska og æðri máttur í hellenískum hugarheimi	5
4.	Mannssonarhugtakið í munni hins sögulega Jesú	10
5.	Mannssonurinn í ljósi Gamla testamentisins	15
6.	„Sonur“ og „maður“ á tungum ritningarinnar	21
7.	Hugmyndin um „Manninn“	24
8.	Táknheimur Mannssonarins	28
9.	Rudolf Bultmann og mannssynirnir þrír	32
10.	Mannssonurinn í Jóhannesarguðspjalli	35
11.	Mannssonurinn og Q	39
12.	Mannssonurinn og samstofnaguðspjöllin	42
13.	Elía og aðrir mannsónarkandidatar	46
14.	Mannssonurinn og Páll postuli	50
15.	Mannssonurinn og frumkirkjan	54
16.	Niðurstaða	59
17.	Lokaorð	63
18.	Viðbót: Ritningarstaðir	
	a. בן־אדם og בן־אנוש í Gamla testamentinu	65
	b. ó υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου í Nýja testamentinu	67
19.	Heimildaskrá	77

I. Inngangur

Af öllum þeim heitum sem Jesús frá Nasaret ber í Nýja testamentinu hlýtur „Mannssonurinn“ (ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου) að vera torræðast í huga síðari tíma lesenda. Merking annarra titla virðist næsta augljós í samanburði við mannssonarheitið. Skilgreiningar á borð við „Sonur Guðs“, „Sonur Davíðs“, „Drottinn“ (κύριος) og „konungur Gyðinga“, af hvaða tilefni sem þær eru notaðar, virðst, alltjént við fyrstu sýn, hafa mun gegnsærri merkingu þótt meira kunni að búa undir. Jafnvel sjálft Kristsheitið þarfnast ekki mikilla rannsókna eða yfirlegu til að grunnmerking þessi verði ljós. Kristur (Χριστός) er ekki sérnafn. Það er nafnorð myndað af sögninni χρίω sem merkir „að smyrja“. Það er þýðing hebreska nafnorðsins *mashiah* (מָשִׁיחַ), „messías“, en bókstafleg merking þess er „smurður“.

Á fyrstu öldinni höfðu Gyðingar um alllangt skeið vænst frelsara eða messíasar, „hins smurða“. Hin hefðbundna mynd af honum var af veraldlegum höfðingja sem hrista myndi ok erlends hervalds af „Guðs útvöldu þjóð“, endurreisa ríki hennar og hefja hana til fyrri dýrðar. Slík messíasarmynd kallaði ekki einu sinni á gyðinglegan valdhafa, í Spádómsbók Jesaja 45.1 er Kýrus Persakonungur, sá er batt enda á herleiðingu Gyðinga eftir að Persar lögðu undir sig babýlónska heimsveldið, kallaður Messías, „hinn smurði Drottins“. Síðar tóku þessar væntingar á sig aðra mynd, messíasinn varð að fígúru sem fyrst og fremst myndi boða iðrun og endurlausn á efsta degi og svipa meir til Elía spámanns og síðar Jóhannesar skírara en völdugs herkonungs.

Í Ísrael fór konungsvígsla fram með smurningu eins og frá greinir í Fyrri Samúelsbók 16.12-13 og víðar. Þrátt fyrir hinar yngri messíasarhugmyndir er grunnmerking Kristsheitisins því konungstitill, rétt eins og þegar talað er um „Son (þ.e. erfingja að embætti) Davíðs“, „Drottin“ (þ.e. hæstráðanda) og „Son Guðs“¹ (sbr. 2 Sam 7.14). Í fljótu bragði virðist mannssonarheitið því stinga í stúf við hina titlana. Hvaða hlutverki gegnir vera sem er ekki annað en „sonur manns“ í þessari himnesku ráðagerð? Eða má hugsanlega færa rök fyrir því að mannssonarheitið sé í raun enn einn konungstitillinn? Er það kannski samheiti hinna titlanna eða a. m. k. að einhverju leyti merkingarlega hliðstæða þeirra?

¹ Um liturgískt hlutverk konungsins og guðlegt eðli konungsembættisins verður fjallað nánar í sjöunda og áttunda kafla.

Markmið þessarar ritgerðar er að reyna að varpa einhverju ljósi á hvað átt er við með hugtakinu „Mannssonurinn“ í Nýja testamentinu. Viðfangsefnið er fráleitt nýtt af nálinni. Allir helstu guðfræðingar sögunnar hafa rýnt í það og reynt að ráða gátuna að baki þess. Margir hillumetrar hafa verið ritaðir um þetta hugtak svo ógjörningur er að gera grein fyrir öllu sem þar hefur verið sett fram. Það sem upp úr stendur er þó að þrátt fyrir allt sem um efnið hefur verið ritað hefur fremstu fræðimönnum veraldar á þessu sviði í gegn um tíðina ekki tekist að komast að samhljóða svári við hinni einföldu spurningu: „Hver er þessi Mannssonur?“ (Jóh 12.34).

Markmiðið er ekki að ritskýra hvern einasta ritningarstað þar sem hugtakið kemur fyrir. Það hefur verið gert og ritskýrendum ber ekki saman². Hér verður látið nægja að vitna í slík rit þegar óhjákvæmilegt er að fjalla sérstaklega um einstaka ritningarstaði til að skýra viðfangsefnið.

Segja má að spurningin sem hér verður reynt að svara sé sú sem Jesús spyr lærisveinana þegar hann kemur í byggðir Sesareu Filippí: „Hvern segja menn Mannssoninn vera?“ (Matt 16.13)³, að vísu með sögnina í þátið. Hugsanlega er mögulegt að komast til botns í þeirri spurningu, þ.e. að átta sig á því hvaða hugmyndir tengdust hugtakinu á fyrstu öldinni. Hvern sögðu menn Mannssoninn vera?

II. Aðferðafræði

Aðferðafræði þeirrar rannsóknarvinnu sem hér liggur til grundvallar byggir á svokölluðum textatengslum (*e. intertextuality*). Þá er gert ráð fyrir því að flókin tengsl séu á milli hinna ýmsu texta, höfundar verði ávallt fyrir áhrifum frá menningarumhverfi sínu, menningarsögu og bókmenntaarfi og vísi meðvitað eða ómeðvitað til almennrar eða sértækrar þekkingar í samtíma sínum. Textatengsl geta vísað í margar áttir. Texti sprettur úr öðrum textum, er endurunninn upp úr hefðum eða tekur upp þráð sem þar var ofið úr. Sé texti skoðaður frá því sjónarhorni öðlast hann í raun merkingu sína með sambandi sínu og samspili við aðra texta sem varpa á hann ljósi og hann varpar ljósi á. Það sem kallað er textatengsl einskorðast þó ekki við hið ritaða mál, heldur taka þau

² Þar má til dæmis nefna Rudolf Bultmann, Heinz Eduard Tödt, Frederick H. Borsch, R. G. Hamerton-Kelly, Douglas R. A. Hare og Maurice Casey. Sjá heimildaskrá.

³ Ritningarstaðurinn á sér hliðstæðu bæði hjá Markúsi (8.27) og Lúkasi (9.18), en á hvorugum staðnum er mannsónarheitið notað. Sjá viðbót.

einnig til fjölmargra sögulegra, félagslegra og menningarlegra þátta sem skerpt geta skilninginn á því sem er til skoðunar⁴.

Þegar ógagnsætt hugtak, eins og það sem hér er til umfjöllunar, er hvað eftir annað sett fram án þess að því fylgi útskýringar hlýtur að liggja í augum uppi að höfundarnir hafi einfaldlega ekki talið neinna útskýringa þörf. Tíð notkun þess gæti ennfremur verið vísbending um að merking þess hafi heyrt undir almenna þekkingu. Ætla má að höfundarnir hafi haft ákveðna áheyrundur eða lesendur í huga við skriftirnar og hagað framsetningunni þannig að þeir hafi getað reiknað með að þeir skildu það sem sagt var. Þannig ætti að mega rekja notkun og merkingu hugtaka út frá forsendunum sem viðtakendur textans höfðu til að taka við orðunum og leggja merkingu í þau. Þær forsendur hafa þeir sótt í umhverfi sitt, þekkingu og félagslegan og menningarlegan tilvísunarramma.

Það sem hér flækir málið er einkum þrennt:

Í fyrsta lagi er aldursdreifing texta, þar sem hugtakið kemur fyrir, mjög mikil. Í samanburði við textatengsl á milli rita sem samin eru á einum mannsaldri eða jafnvel hluta úr mannsaldri, eins og tvíbókarrit Lúkasar (Lúkasarguðspjall og Postulasagan) gæti verið dæmi um, hljóta textatengsl á milli rita sem aldir skilja að í tíma að vera mun óljósari og langsóttari. Textatengsl takmarkast þó ekki við fáeinar aldir⁵. Á móti vegur nefnilega að saga hugtaksins frá elstu ritum Biblíunnar til þeirra yngstu er nokkuð óslitin. Merking þess hverju sinni ætti því að geta skoðast í ljósi samhengisins sem ætlaðir viðtakendur textans þekktu það í.

Í öðru lagi er hér um að ræða hugtak sem ekki einasta hefur ferðast á milli alda heldur á milli ólíkra málsvæða og menningarheima. Merking einstakra orða eins tungumáls er sjaldan fullkomlega hliðstæð nærtækustu þýðingu þeirra yfir á aðra tungu. Þau hafa blæbrigðamun, aukamerkingar og fela jafnvel í sér félagslegar, sögulegar eða bókmenntalegar vísanir og skírskotanir sem glatast í þýðingu á milli tungumála – að ekki sé minnst á færslu á milli menningarlegra hugarheima. Það er því ekki hægt að gefa sér að merking hugtaksins hafi verið fullkomlega sú sama á hebresku, arameísku og grísku. Til hins ber að líta að megnið af elstu grunnbókmenntunum sem liggja til grundvallar því, helgirit Gyðinga á hebresku og arameísku, voru þýdd snemma á grísku. Sú þýðing, Septúaginta, var fráleitt neinar jaðarbókmenntir heldur grunnrit hellenísks

⁴ Georges Aichele og Gary A. Philips, „Introduction: Exegesis, Eisegesis, Integesis“ 1995, s. 7 – 8.

⁵ Jón Ma. Ásgeirsson, „Inngangur“ 2007, s. 20.

gyðingdóms. Hugtakið fékk því að öllum líkindum snemma þegnrétt í helgimáli grískumælandi Gyðinga í dreifingunni. Málsvæðið fyrir botni Miðjarðarhafsins hafði auk þess verið á alþjóðlegum menningarlegum krossgötum öldum saman og varð sennilega tvítyngt að miklu leyti undir hellenismanum í kjölfar landvinninga Alexanders mikla. Það mætti því ætla að grísk, hebresk og arameísk mynd hugtaksins hafi vísað með ótvíræðum hætti hver á aðra.

Loks ber þess að geta að orðasambandið $\acute{o} \upsilon\iota\omicron\varsigma \tau\omicron\upsilon\hat{\iota} \acute{\alpha}\nu\theta\rho\acute{\omega}\pi\omicron\upsilon$ fékk snemma trúfræðilegt inntak. Það er fullkomlega eðlilegt. Textatengsl „mótast af þörfum samfélags til að árétta tiltekna hugmyndafræði eða koma til móts við breytt viðhorf innan sinna vébanda“⁶. Undir lok fyrstu aldarinnar e.Kr. eða í upphafi þeirrar annarrar áttu sér stað pólitísk og trúarleg átök sem urðu þess valdandi að þetta orðasamband af vörum Jesú Krists kom að góðum notum við að styðja undir „orþódox“ kristfræði. Æ síðan hefur hugtakið haft kristfræðilegt inntak sem óhugsandi er að það hafi haft á vörum hins sögulega Jesú. Í kjölfarið sést þetta hugtak ennfremur notað á svo gerólíka vegu í apókrýfum, gnóstískum og frumkristnum heimildum að erfitt er að henda reiður á því að þar hafi ein og sama hugsunin einhvern tímann búið að baki. Þessi ruglingur annars vegar og hins vegar hin síðar tilkomna trúfræðilega útlekking hugtaksins þurfa þó ekki að flækjast fyrir rannsókn á merkingu þess í þeim textahefðum sem með áreiðanlegustum hætti má rekja aftur til hins sögulega Jesú⁷. Hvorugt var til staðar þegar hann lifði og starfaði.

Aðferðafræði textatengsla er „ekki fyrirbæri sem felur í sér að litið sé á fyrirliggjandi texta sem dauða hluti heldur byggir hún mun fremur á því að lesendurnir leggi sjálfir merkingu í það hvernig þeir skynja heild táknaða sem textarnir geyma og merkingu þeirra“⁸. Merking textans verður m.ö.o. til hjá lesendum hans, þeir leggja hana í textann með „textatengslum“, þ.e. tengingu textans við það sem fyrir er í hugskoti þeirra. Þess vegna verður hér ekki strax hafist handa við að rekja túlkunarsögu orðasambandsins $\acute{o} \upsilon\iota\omicron\varsigma \tau\omicron\upsilon\hat{\iota} \acute{\alpha}\nu\theta\rho\acute{\omega}\pi\omicron\upsilon$ í rétttri tímaröð, hvorki aftur á bak né áfram. Slíkt ferðalag þyrfti annað hvort að hafa einhverja blábyrjun á notkun orðasambandsins í ræðu og riti sem upphaf eða endi. Slík hugmyndafræðileg fæðing þess er með öllu

⁶ Ibid, s. 20.

⁷ Sigurður Örn Steingrímsson, „Mannssonarheitið“ 1968-69, s. 42.

⁸ „... not af phenomenon of given texts as static objects, as much as it is a phenomenon of readers making meaning of a (perceived) complex of textual signs and their meanings.“ James W. Voelz, „Multiple Signs, Levels of Meaning and Self as Text: Elements of Intertextuality“ 1995, s. 149.

ógreinanleg í gegn um mistur aldanna. Jafnvel hinir elstu textar hljóta nefnilega að byggja á ætluðum skilningi og forsendum samfélagsins sem þeir voru ætlaðir.

Þess vegna verður byrjað á hinum sögulega Jesú og fyrstu áheyrendunum að prédíkun hans – eða öllu heldur á Kristi ritningarinnar og fyrstu lesendum hennar. Hvaða forsendur höfðu þeir til að skilja orðasambandið $\acute{\omicron} \upsilon\acute{\iota}\omicron\varsigma \tau\omicron\upsilon\hat{\omega} \acute{\alpha}\nu\theta\rho\acute{\omega}\pi\omicron\upsilon\upsilon$ eins og það kemur þar fyrir? Hver var forsaga þess? Til hvers vísaði það sem var fyrir í hugarheimi þeirra og menningarlegum bakgrunni? Hvaða hugmyndir voru t.d. ríkjandi í samfélaginu um samband mennsku og máttar?

III. Mennska og æðri máttur í hellenískum hugarheimi

Strax í upphafsorðum Markúsarguðspjalls, elsta guðspjalls Nýja testamentisins, er Jesús kallaður „Guðs son“ og hefur sá titill, ef rétt er að tala um „titil“ í þessu samhengi, ávallt verið miðlægur í kristsskilningi kristinna manna. Sjálfur notar Jesús samt helst mannssonarheitið þegar hann ræðir sjálfan sig, hlutverk sitt og örlög í guðspjöllunum⁹. Það eitt nægir til að sá titill hljóti að teljast mikilvægastur allra þeirra sem þar eru notaðir um hann¹⁰. En með hvaða hætti skildi Jesús frá Nasaret sjálfur sonarhlutverk sitt, annars vegar gagnvart Guði og hins vegar gagnvart „manninum“? Og með hvaða hætti skildu samtímamenn hans þessi tvö hlutverk og samspil þeirra? Þess ber að geta að hvergi í Nýja testamentinu er gefið í skyn að mannssonarhugtakið þvælist fyrir áheyrendum Jesú, að merking þess sé þeim einhver ráðgáta¹¹.

Jesús lifði og starfaði í hellenískum menningarheimi. Flestir eru þeirrar skoðunar að móðurmál hans hafi verið arameíska eða sýrlensk mállýska af arameískum meiði og að hann hafi notað það í boðun sinni. Þótt arameíska sé semískt mál, náskyldt hebresku, verður að hafa í huga að á dögum Jesú var gyðingdómurinn og allur hugarheimur manna í Galíleu og Júdeu gegnsýrður hellenískum menningaráhrifum¹². Hugmyndafræði Jesú og skilning samtímamanna hans á orðum hans verður því að reyna að skilja í ljósi þeirra

⁹ Gerd Theissen, *De første kristnes religion: En teori om urkristendommen* 1999, s. 52.

¹⁰ Sigurður Örn Steingrímsson, „Mannssonarheitið“ 1968-69, s. 38 – 45; Frederick H. Borsch, *The Son of Man in Myth and History* 1967, s. 16.

¹¹ Á tveim stöðum í Nýja testamentinu (Jóh 9.36 og 12.34) er hægt að lesa textann þannig að áheyrendur Jesú skilji ekki hugtakið, en þegar að er gætt sést að þar er mun fremur spurt að því hver gegni hlutverki Mannssonarins en því hvers eðlis þetta hlutverk sé. Báðir þessir ritningarstaðir eru í Jóhannesarguðspjalli, en að sérstöðu mannssonarhugtaksins hjá Jóhannesi verður vikið sérstaklega í tíunda kafla.

¹² Helmut Koester, *Introduction to the New Testament, Vol. 1: History, Culture, and Religion* 1995, s. 158.

áhrifa. Gyðingdómurinn stóð ekki andspænis hellenisma á dögum Jesú, heldur var hann fremur eins og menningarkimi innan hans. Rannsóknir á arameískri tungu geta vissulega fært okkur nær ytra formi boðunar Jesú, þ.e.a.s. hinu upphaflegasta orðalagi þess texta sem kynni að vera upprunninn á vörum hins sögulega Jesú sjálfs. En orðfæri og málkennd eru tæplega lykillinn að kjarna boðskapar hans. Óhætt hlýtur að vera að gera ráð fyrir því að honum hafi verið miðlað tiltölulega óbrengruðum á frummáli guðspjallanna, grísku. Þess vegna er afar áhugavert að enginn guðspjallamannanna gerir svo mikið sem tilraun til að útskýra merkingu mannsöngsins fyrir lesendum sínum¹³. Þeir hljóta að hafa gengið út frá því að þeir hefðu einhvers konar skilning á því.

En með hvaða hætti voru samskipti mannskra manna og æðri máttarvalda í hellenískum hugarheimi? Grískar goðsagnir geyma fjöldann allan af frásögnum um samskipti guða og manna þar sem guðirnir eru vægast sagt breyskir og hlaðnir mannlegum tilfinningum, ekki síst losta. Afkvæmi guða og manna eru þar alþekkt fyrirbæri, jafnan afreksmenn eins og Herakles og Akkiles.

Í Postulasögunni 14.11-13 er sagt frá atburðum sem benda til þess að sú trú að guðirnir gætu gengið í mannsmynd manna á meðal hafi lifað góðu lífi. Þar greinir frá því að í borginni Lýstru í Litlu-Asíu hafi múgurinn álitid þá Pál og Barnabas vera Seif og Hermes í kjölfar þess að Páll gerði lamaðan mann heilbrigðan. Þótt atburðarásin sjálf kundi að vera uppspuni frá rötum þá fer höfundur Postulasögunnar alla jafna býsna rétt með staðhætti og menningu ólíkra svæða, eftir því sem næst verður komist¹⁴. Það má því ætla að þessi viðbrögð lýðsins hafi hljómað trúverðuglega í eyrum fyrstu lesendanna, óháð sögulegum áreiðanleika frásagnarinnar sjálfrar að öðru leyti. Líkamlegar guðsbirtingar af því tagi voru alþekktar í heiðnum hugmyndaheimi fornaldar¹⁵.

Nú kann að vera að slík viðbrögð hafi hljómað hjákátlega í eyrum Gyðinga sem aðhylltust stranga eingyðistrú. Ætla mætti að fyrir þeim hafi allt tal um slíkt beint líkamlegt samneyti við Guð gengið guðlasti næst. En þó geymdi þeirra eigin trúararfur svipaðar hugmyndir. Í 18. kafla Fyrstu Mósebókar segir frá því að Guð hafi gengið á fund Abrahams og ekki látið sér nægja að eiga við hann orðastað, heldur hafi hann beinlínis sest að snæðingi með honum og tekið til matar síns (1 Mós 18.8). Þótt ekki sé

¹³ Douglas R. A. Hare, *The Son of Man Tradition* 1990, s. 249.

¹⁴ Luke Timothy Johnson, *Acts of the Apostles* 1992, s. 5.

¹⁵ Karen Armstrong, *A History of God* 1994, s. 15.

sanngjarnnt að líkja góðri matarlyst við losta þá er þar óneitanlega um afar mannlega, líkamlega kennd að ræða. Gyðingar virðast ekki hafa átt í erfiðleikum með að tengja Guð slíkri athöfn, a.m.k. ekki á ættfeðratímanum.

Samskipti Jakobs, sonarsonar Abrahams, við Guð tóku á sig enn líkamlegri mynd en afans. Einn áhrifaríkasti atburðurinn sem lýst er í sögu ættfeðranna er glíma Jakobs við „mann nokkurn“ sem reynist vera Guð í mannlíkama (1 Mós 32.24). Þeim viðskiptum lyktar með því að Guð segir: „Ekki skaltu lengur heita Jakob heldur Ísrael því að þú hefur glímt við Guð og menn og unnið sigur“ (1 Mós 32.28). Sjálft nafnið Ísrael, sem merkir „glímdi við Guð“, tengist því líkömnun Guðs sjálfs órjúfanlegum böndum. Upp frá þessu kölluðu afkomendur Abrahams, Ísaks og Jakobs sjálfa sig „Ísraelsmenn“, bókstaflega „syni Ísraels“ (þ. e. Jakobs).

Þessar hugmyndir eru eldfornar, þær eiga rætur að rekja til upphafs þjóðarinnar á ættfeðratímanum, sennilega um 1800 – 1700 f.Kr.¹⁶. Rétt er þó að hafa í huga að þessar frásagnir eru færðar í letur a.m.k. sjö eða átta öldum síðar, hugsanlega allt að þrettán öldum síðar. Eins og trú Abrahams er lýst myndi hún sennilega frekar flokkast undir eins-guðs-þjónustu (*monolatria*) heldur en hreinræktaða eingyðistrú (*monotheism*) eins og venjan er að skilgreina hana. Þá er átt við að tilvist annarra guða var ekki beint hafnað, en trúnaður þjóðarinnar var algerlega bundinn einum Guði. Í tilfalli Abrahams var það líklega kanverski háguðinn El. Færð hafa verið rök fyrir því að sérnafn Guðs, Jahve, hafi ekki komið til sögunnar fyrr en hann talaði til Móse úr runnanum (2 Mós 3.4) og hin stranga eingyðistrú, sem alfarið hafnar tilvist annarra guða og afgreiðir þá sem heilaspuna, hafi fylgt í kjölfarið. Guð í mannsmynd var aðeins trúanlegur í fjölgyðissamfélagi þar sem guðir voru á hverju strái, áttu náðið samneyti við mannfólkið og gáfu því hollráð, að ýmsu leyti líkari hverjum öðrum ættbálkahöfðingja í háttum en hinum eina, almáttuga himnaföður sem átrúnaðurinn beindist síðar að¹⁷.

Á dögum Jesú mætti auðvitað ætla að þessi guðsmynd hafi algerlega vikið fyrir hinum upphafna og ósnertanlega Guði strangrar eingyðistrúar. Hjá því verður samt ekki litið að í ritningunni voru þessar sögur rammlega girtar inn í trúararf og hugmyndaheim þjóðarinnar. Sjálfsskilgreining þjóðarinnar sem „Ísraels“ manna átti rætur að rekja til líkamlegrar snertingar síðasta sameiginlega forföðurins við guðsbirtingu í mannsmynd.

¹⁶ Bernard W. Anderson, *The Living World of the Old Testament* 1988, s. 646.

¹⁷ Armstrong, *History of God* 1994, s. 14.

Gera verður ráð fyrir því að samfélagið sem Jesús frá Nasaret starfaði í og ávarpaði hafi þekkt þessar hugmyndir og gengist við þeim. Þær voru samfélaginu heilagar.

Ástæða þess að þetta er rifjað upp er sú að mannssonarheitinu hefur frá alda öðli verið stillt upp sem eins konar mótvægi við guðssonarheitið¹⁸. Þetta er afar þægileg afgreiðsla fyrir kirkjuna, sem kennir að Jesús hafi verið sannur Guð og sannur maður og því sé hann sitt á hvað kallaður sonur Guðs og sonur manns, allt eftir því hvort eðlið sé verið að undirstrika. Þannig áréttaf mannssonarheitið hið mannlega eðli og kirkjan fær biblíulega réttlætingu á seinni tíma kristsfræði upp í hendurnar á silfurfati. Þessi skilningur ómar í gegnum nánast alla kirkjusöguna. Hans gætir fyrst hjá Jústínusi píslarvotti (100-165), síðan hjá Tertúllíanus frá Karþagó (160-230), Gregoríusi frá Nyssa (330-395)¹⁹ og Ágústínusi frá Hippó (354-430) allt fram á síðmiðaldir, til siðbótarleiðtogans Jóhanns Kalvíns (1509-1564). Þessa skilnings verður jafnvel vart í skrifum svissneska guðfræðingsins Karls Barths (1886-1968)²⁰, eins áhrifamesta guðfræðings 20. aldarinnar, ekki síst hÉrlendis.

Gallinn við þessa skilgreiningu er sá að ástæðulaust er að ætla að Jesús frá Nasaret hafi séð einhverja ástæðu til að klifa á því að hann væri mennskur. Hann hafði frá öðru mikilvægara að segja sem ekki var jafnaugljóst og það að hann væri af holdi og blóði. Ekkert bendir til þess að mennska Jesú hafi verið véfengd af þeim sem hann mætti. Hvergi í guðspjöllunum er svo mikið sem ýjað að því að vafi hafi leikið á henni. Hann svarar aldrei neinum spurningum þar að lútandi, enda át hann bæði og drakk með fólkinu, sem sá enga þversögn í því að sonur Guðs væri maður með líkamlegar þarfir sér til viðhalds. Hvort sem fólk áleit hann messíasinn sem koma skyldi eða aðeins nýjan spámann, þá efaðist enginn um að hann væri mennskur og sonur manns.

Deilur um eðli Krists eru að sjálfsögdðu síðar til komnar. Þessi beiting mannssonarheitisins hlýtur í fyrstu að koma til sem beint andsvar við ýmsum gnóstískum hugmyndum, einkum dóketisma eða skynhyggju, sem einmitt náði hátindi sínum á annarri öldinni og Tertúllíanus frá Karþagó hefur þekkt. Skynhyggjan kenndi að Jesús hefði aðeins birst í skynlíkama og í raun verið hreinn andi. Fráleitt er að ætla að Jesús hafi sjálfur staðið frammi fyrir slíkum tilgátum um sjálfan sig og sífellt fundið sig knúinn til að hrekja þær. Hafi hann gert það hefði hann eflaust gripið til annarra ráða en

¹⁸ Alister E. McGrath, *Christian Theology – An Introduction* 2007, s. 278.

¹⁹ Maurice Casey, *The Solution to the 'Son of Man' Problem* 2007, bls 2.

²⁰ Hare, *Son of Man* 1990, s. 30.

að kalla sig hinu óræða nafni „Mannssonurinn“ í tali um eitthvað allt annað. Það er ekki í stíl við framsetningu hans og nálgun að öðru leyti að fara þannig eins og köttur í kring um heitan graut.

Vegna þessa ágreinings um eðli Jesú, sem fráleitt er að ætla að hafi verið til staðar þegar hann var að störfum, fær mannsónarheitið með tímanum einhvers konar ættfræðilega merkingu í ræðu og riti²¹. Það er eins og það merki að Jesús hafi verið sonur Guðs í föðurætt en „mannssonur“ í móðurætt, enda rímar það þægilega við frásagnirnar af getnaði hans í Matteusar- og Lúkasarguðspjöllum (Matt 1.18, Lúk 1.26-34). Þess ber þó að gæta að ekkert virðist benda til þess að samferðamönnum Jesú hafi þótt líffræðilegur uppruni hans og faðerni nokkurt tilefni til heilabrota. Þannig hefst Matteusarguðspjall á því, áður en sagt er frá flekklausum getnaði Jesú, að ættir hans eru raktar allt frá Abraham, Ísak og Jakobi í gegn um Davíð og loks ... Jósef! Að því gefnu að Matteus og Lúkas²² hafi reynt að vera sjálfum sér samkvæmir má ljóst vera að sonarhugtakið, alltjént þegar andlag þess var Guð, hafði ekki neitt líffræðilegt inntak. Ennfremur er rétt að benda á að í orðræðu Jesú einskorðast guðsónarheitið alls ekki við persónu hans sjálfs, ólíkt mannsónarheitinu. Þegar hann kennir fólkinu að biðja (Matt 6.9-13) lætur hann bænarávarpið til Guðs hefjast á orðunum: „Faðir vor.“ Þetta átti sér rætur í trúararfleifðinni þar sem Ísrael var „frumburður“ Drottins (2 Mós 4.22). Þannig voru allir mennskir menn, synir og dætur manna, börn Guðs. Þarna var engin þörf á að greina á milli, engin þversögn.

En einnig mætti spyrja: Ef það hefði vakað fyrir guðspjallamönnum að leggja með mannsónarhugtakinu áherslu á innlegg hinnar jarðnesku móður til sonarins á móti framlagi Guðs föður hans, hefði þá ekki verið nær að kalla hann „son konunnar“ (ὁ υἱὸς τῆς γυναίκὸς) eða, ef út í það er farið, „son meyjarinnar“ (ὁ υἱὸς τῆς παρθένου) fremur en „son mannsins“ – svona rétt til að forðast misskilning?

²¹ Ibid, s. 19.

²² „Réttir“ höfundar guðspjallanna eru ekki viðfangsefni þessarar ritgerðar. Þegar hér er talað um „Matteus“, „Markús“, „Lúkas“ og „Jóhannes“ er því einfaldlega átt við höfunda viðkomandi guðspjalla án þess að afstaða sé tekin til þess hvort þeir séu í raun þessar tilteknu sögulegu persónur eða ekki.

IV. Mannssonarhugtakið í munni hins sögulega Jesú

Mannssonarhefðina má með áreiðanlegum hætti rekja allt aftur til fyrstu kristnu hópanna sem mynduðust eftir að Jesús frá Nasaret hvarf af sjónarsviðinu, jafnvel til hins sögulega Jesú sjálfs. Þýski guðfræðingurinn Ernst Käsemann (1906-1998) telur líklegra að fylgjendur Jesú hafi „brugðist við skilningi sínum á því hve einstætt verkefni hans var með því að svara boðun hans á þann hátt að játa hann sem Messías og Son Guðs“²³ heldur en að Jesús hafi sjálfur notað um sig titlana Messías, Mannssonur og Sonur Guðs²⁴.

Aðrir telja aftur á móti næsta víst að hugtakið geti ekki átt sér annan uppruna en hinn sögulega Jesú²⁵. Það sést varla notað í öðrum tilgangi en þeim að vitna beint í orð hans. Þannig heyrir það til algerra undantekninga að því bregði fyrir í skrifum hinna fyrstu kristnu manna²⁶. Það hverfur nánast af sjónarsviðinu eftir páskaatburðinn. Kirkjan leggur lítið upp úr því og þá sjaldan þegar því bregður fyrir er það aðeins til að leggja áherslu á mennsku Krists, eins og vikið hefur verið að. Því hlýtur að teljast mun sennilegra að það eigi upptök sín hjá Jesú sjálfum, en að það hafi verið heimfært upp á hann síðar af fólki sem hafði engar hugmyndafræðilegar forsendur til þess²⁷. Það hefði ekki þjónað neinum tilgangi fyrir það. Ef gripið væri til líkingar úr rannóknarlögreglumálfari mætti segja að engin ástæða væri til að fremja glæpinn.

En hvort heldur sem Jesús frá Nasaret notaði orðasambandið sjálfur eða fyrstu fylgjendur hans lögðu honum það í munn þegar þeir endurtóku orð hans, þá breytir það ekki því að heitið er upprunnið í alfyrsta vitnisburðinum um kristinn boðskap og er því jafngamalt kristinni boðun²⁸. Það sem skiptir meira máli er að hvort heldur sem Jesús

²³ „... testified to its having understood the uniqueness of his mission by answering his proclamation with its confession of him as the Messiah and the Son of God.“ Wolfhart Pannenberg, *Jesus – God and Man* 1968, s. 56 – 57.

²⁴ Pannenberg vitnar í Käsemann og kallar þessa þrjá titla „eskatólógíska“ (*Jesus – God and Man* 1968, s. 56), en eins og síðar verður vikið að hafa ekki enn komið fram fullnægjandi rök fyrir því að mannsónarheitið sjálf sé í raun eskatólógískt í eðli sínu, þótt Kristur ritningarinnar noti það m.a. í eskatólógísku samhengi.

²⁵ C. F. D. Moule, *The Origin of Christology* 1977, s. 20; Hare, *Son of Man* 1990, s. 55; Sigurður Örn Steingrímsson, „Mannssonarheitið“ 1968-69, s. 42.

²⁶ Um mannsónarheitið (eða skortinn á því) hjá frumkirkjunni verður fjallað ítarlegar í fimmtánda kafla.

²⁷ Hare, *Son of Man* 1990, s. 258 – 259.

²⁸ John S. Kloppenborg Verbin, *Excavating Q – The History and Setting of the Sayings Gospel* 2000, s. 446.

notaði það sjálfur eða fyrstu fylgjendur hans notuðu það um hann eftir hans dag, þá hlýtur það að hafa haft einhverja merkingu fyrir þeim.

Dregið hefur verið í efa að um eiginlegan titil sé að ræða. Orðasambandið $\acute{o} \upsilon\iota\omicron\varsigma \tau\omicron\upsilon \acute{\alpha}\nu\theta\rho\acute{\omega}\pi\omicron\upsilon$ er í sjálfu sér merkingarleysa, „barbarismi“, á grísku²⁹. Hér er ekki um að ræða orðasamband sem þekktist í daglegu máli Grikkja, eftir því sem næst verður komist. Af þeim sökum hafa líkur verið leiddar að því að hér sé í raun um að ræða orðréttu þýðingu á arameíska orðasambandinu *bar-(e)nash(a)*, $(\aleph)\aleph(\aleph)\text{-}\aleph$, sem bókstaflega merkir ekki annað en „sonur manns(ins)“³⁰. Þetta orðasamband virðist hafa verið notað sem eins konar ópersónulegt fornafn, nánast eins og orðið „maður“ er notað á íslensku³¹ í setingum á borð við: „Það sem á mann er lagt.“ Ennfremur mun það hafa falið í sér að talað væri í fyllstu auðmýkt, að sá sem tali hafi vísað á einhvern hátt til sjálfs sín sem „aumrar mannveru“ eða eins og kerlingin sagði: „Ef mig skyldi kalla.“ Þannig hafi það oft einfaldlega verið kurteisleg umorðun á 1. persónu fornafninu „ég“, í stíl við íslensku orðanotkunina „yðar einlægur“. Þessi skoðun nýtur vaxandi fylgis meðal fræðimanna³².

Þetta er að ýmsu leyti afar þægileg lausn. Með því að setja ýmist orðin „maður“ (sem ópersónulegt fornafn) eða „yðar einlægur“, jafnvel „aumur maður“, í stað orðsins „Mannssonurinn“ í hinum ýmsu ritningarstöðum opnast merking þeirra óneitanlega talsvert. Sem dæmi má nefna að þegar (fræði)maður einn segir Jesú að hann vilji fylgja honum (Matt 8.19, Lúk 9.57) svarar Jesús: „Refar eiga greni og fuglar himins hreiður en Mannssonurinn á hvergi höfði sínu að að halla“ (Matt 8.20, Lúk 9.58)³³. Jesús hvetur manninn m.ö.o. til þess að íhuga það líf sem bíður hans í fylgd við sig: „Vittu þá hvað bíður þín. Maður á hvergi skjól.“ Einnig mætti nefna dæmi um orð Jesú þegar hann bendir á að þeir sem gagnrýndu hann fyrir að lifa ekki meinlætalífi væru ekki sjálfum sér samkvæmir: „Jóhannes kom, át hvorki né drakk, og menn segja: Hann hefur illan anda. Mannssonurinn kom, át og drakk, og menn segja: Hann er mathákur og vinsvelgur, vinur tollheimtumanna og bersyndugra!“ (Matt 11.18-19, // Lúk 7.34). Þetta

²⁹ Alan Richardson, *An Introduction to the Theology of the New Testament* 1958, s. 129.

³⁰ Þetta er t.d. meginintakið í „lausn“ Maurice Casey á „mannssonarvandanum“ í bókinni „*Solution to the 'Son of Man'*“. Sjá heimildaskrá.

³¹ „... som et ubestemt pronomen, der kunne indbefatte den talende, i stil med det danske "man".“ Mogens Müller, „Er løsningen på "menneskesøn"-problemet fundet?“ 2008, s. 43.

³² J. R. Porter, *Jesus Christ – The Jesus of History, the Christ of Faith* 1999, s. 168.

³³ Þessi ritningarstaður á sér ennfremur hliðstæðu í Tómasarguðspjalli 86 og er það eina skiptið í því riti þar sem mannssonarhugtakið kemur fyrir.

mætti umorða: „Jóhannes var úthrópaður fyrir meinlætalið, en þó að yðar einlægur geri þveröfugt verður samt allt vitlaust!“

Ástæðulaust er að efa þessar niðurstöður. Fundist hafa rúmlega þrjátíu dæmi um orðasambandið *bar-(e)nash(a)* í gyðinglegum ritum á arameísku, komnum frá rabbínum með sérstök tengsl við Galíleu, þar sem samhengið eitt skýrir hvort átt er við þann sem talar einan, þann sem talar ásamt tengdum hópi eða einhverja aðra manneskju³⁴. Það er þó allmiklum vandkvæðum bundið að heimfæra þessa túlkun alfarið upp á alla ritningarstaði Nýja testamentisins þar sem mannsunarheitið kemur fyrir. Af samhenginu þar má ljóst vera að þar er það yfirleitt notað eins og titill, ávallt með ákveðnum greini³⁵ eins og vísað sé á einn ákveðinn mannsun³⁶ en ekki „aumar mansverur“ almennt. Því má a.m.k. gera þrenns konar athugasemdir við þessa meintu lausn.

Í fyrsta lagi gætir oft lítillar auðmýktar eða hógværðar þar sem það er notað í Nýja testamentinu. Erfitt er að ímynda sér að þegar Jesús segir Mannsunarinn munu koma „í dýrð föðurins“ (Matt 16.27, Mrk 8.38), að ekki sé nú talað um „í dýrð sinni“ (Matt 25.31, Lúk 9.26), hafi þótt ástæða til að gæta sérstakrar auðmýktar. Mannsunarur sem „situr í dýrðarhásæti sínu“ (Matt 19.28), kemur „í skýjum með miklum mætti“ (Mrk 13.26, // Lúk 21.27) og fólk verður að „standast frammi fyrir“ (Lúk 21.36) drúpir varla höfði og vísar til sjálfs sín sem lítilmótlegrar mansveru³⁷. Hans er mátturinn og dýrðin. Hrópanði þversögn væri í slíkri orðanotkun.

Auðvitað má geta sér þess til að í þessu sambandi hafi Jesús ekki notað mannsunarheitið, að eftir að merking þess varð óskýr og það varð í huga fólks að innihaldslausu samheiti yfir persónu Jesú hafi það „smitast“ á milli ritningarstaða. Fleiri eru þó á þeirri skoðun að því sé einmitt þveröfugt farið, að hinn himneski og dýrðlegi Mannsunarur sé upphaflegri og heitið hafi síðan „lekið“ yfir í þau ummæli þar sem Jesús talar um sjálfan sig í jarðnesku samhengi af fyllstu auðmýkt. Þannig má benda á að

³⁴ Casey, *Solution to the 'Son of Man'* 2007, s. 314 – 315.

³⁵ Þótt *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου* sé ávallt með greini á grísku er ekki hægt að slá því föstu að hann sé þýðing á arameískum greini. Notkun greinis í arameísku var á fyrstu öldinni mjög óskýr, hann var nánast eins og blæbrigðamunur fremur en merkingarmunur. Hins vegar var notkun greinis í grísku afdráttarlaus. Sé mannsunarheitið grísk þýðing arameísku hugtaks segir sú ákvörðun að þýða það ávallt með greini því sína sögu um það hvernig þýðandinn skildi það.

³⁶ Eina undantekningin er Jóh 5.27. Sjá viðbót.

³⁷ Allir ritningarstaðirnir sem nefndir hafa verið í þessu sambandi lýsa hinum svokallaða „apókalyptíska“ mannsyni sem gjarnan er talinn bein vísun í sýn Daníels í Dan 7.13. Um mannsunin í Daníelsbók verður fjallað nánar í næsta kafla.

ýmsir ritningarstaðir samstofnaguðspjallanna þar sem mannsónarheitið kemur fyrir eiga sér hliðstæður þar sem það er ekki notað. Upprunaleiki þess er því e.t.v. ekki áreiðanlegur alls staðar.

Eftir að hafa borið saman og rannsakað ellefu slíka ritningarstaði kemst Frederick H. Borsch aftur á móti að annarri niðurstöðu. Að hans mati bendir slík rýni eindregið til þess að þar sem texti ýmist inniheldur mannsónarhugtakið eða ekki sé útgáfan með mannsónarhugtakinu upprunalegri. Alloft telur hann þetta óyggjandi. Hann nefnir Matt 16.13 og 16.28, hugsanlega einnig Lúk 12.10, sem mögulegar undantekningar frá þessu.³⁸

Í öðru lagi má nefna þá áberandi staðreynd að enginn önnur persóna Nýja testamentisins kallar sjálfa sig *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου*. Hafi þetta verið viðtekin málvenja þegar fólk tjáði sig í auðmýkt má finna allmarga staði þar sem öðrum en Jesú hefði verið í lófa lagið að bregða slíku málfari fyrir sig. Þannig segir Jóhannes skírari svo dæmi sé tekið: „Sá kemur eftir mig sem mér er máttugri og er ég ekki verður þess að krjúpa niður og leysa skóþveng hans“ (Mrk 1.7, // Matt 3.11, Lúk 3.16). Öllu hógværi er varla hægt að vera. Þótt Jóhannes hafi skv. frásögn guðspjallanna skírt Jesú og Jesús hafi hugsanlega verið lærisveinn Jóhannesar áður en hann fór að starfa sjálfstætt, þá bregður mannsónarheitinu aldrei fyrir í munn Jónnesar. Hefði ekki mátt ætla að málfar þeirra frænda, svo nánir sem þeir voru, hefði verið líkt?

Enginn þeirra fjölmörgu sem ávarpa Jesú af fullri virðingu og í ýtrustu auðmýkt kallar sig *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου*. Símon Pétur biður Jesú að fara frá sér því hann sé „syndugur maður“, *ἀνὴρ ἀμαρτωλός* (Lúk 5.8). Tveir blindir menn kalla til hans: „Miskunna þú okkur, sonur Davíðs“ (Matt 9.27). Líkþrár maður fellur fram fyrir Jesú, ávarpar hann „drottin“ og segir: „Ef þú vilt getur þú læknað mig“ (Lúk 5.12). Dæmin gætu verið mýmörg. Hvort sem Jesús talar í Galíleu, Samaríu eða Jerúsalem, hvort sem hann umgengst tollheimtumenn og syndara, fiskimenn, daglaunamenn, fræðimenn eða farísea þá kallar enginn sjálfan sig, sjálfan sig ásamt tengdum hópi eða einhverja aðra manneskju *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου*. Ekki einu sinni Jesús sjálfur er ávarpaður „Mannssonur“, orðasambandið kemur aldrei fyrir í ávarpsfalli: *υἱέ τοῦ ἀνθρώπου*.

³⁸ „As a result of these analyses we find that the various tools of source, form and redactional criticism tend to point, sometimes rather conclusively, to the priority of the Son of Man designation in traditions where there are parallels without the Son of Man.“ Frederick H. Borsch, *The Christian and Gnostic Son of Man* 1970, s. 27.

Málnotkunin er algerlega bundin við Jesú einan. Þar sem það er og hefur alltaf verið eðli allra tungumála að orð hafa aðeins þá merkingu sem samkomulag ríkir í málsamfélaginu um að þau hafi getur Jesús ekki einn hafa tekið upp á því að nota orðasambandið í þessu samhengi og ætlast til þess að vera skilinn.

Við þessu má auðvitað segja að líklegt sé að bein ræða annarra en Jesú hafi ekki varðveist og því hafi þessi málnotkun aðeins varðveist í orðum hans. Orðalag þess sem Jesús sagði hafi lifað í munnlegri geymd áður en það var fært í letur, en aðeins inntak þess sem sagt var við hann og hann svaraði. Það er bara ekki alls kostar satt. Í öllum samstofnaguðspjöllunum eru mislangir kaflar í beinni ræðu Jóhannesar skírara (Mrk 2.7-12, Matt 1.7-8, Lúk 3.7-17). Textinn á sér m.a.s. hliðstæðu í Jóhannesarguðspjalli (Jóh 1.26-27). Samsvörunin á milli þessara ritningarstaða er afgerandi, stundum alger³⁹. Hafi Jóhannes skírari talað af auðmýkt um sjálfan sig, sem hann óneitanlega gerði, arameíska orðasambandið *bar-(e)nash(a)* aðeins haft þessa auðmjúku, ópersónulegu vísun til þess sem talaði og Jesús þrástagastrá á því, er óskiljanlegt að Jóhannes hafi ekki notað það líka. Jafnóskiljanlegt er að það hafi aðeins verið þýtt á grísku sem *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου* þegar Jesús talaði en öðruvísi í munni allra annarra, hafi það ekki verið álitid titill bundinn við persónu Jesú frá Nasaret.

Í þriðja lagi er einkennilegt að þýða orðasamband með merkingarleysi. Óhætt hlýtur að vera að gera ráð fyrir því að þeir sem þýddu arameíska orðin sem liggja til grundvallar því sem haft er eftir Jesú í Nýja testamentinu hafi haft dágóðan skilning á báðum tungumálunum, arameíska og grísku. Hafi notkun orðasambandsins *bar-(e)nash(a)* verið alþekkt sem eins konar ópersónulegt auðmýktar-fornafn er óskiljanlegt að þýðendurnir hafi kosið að skila orðréttri þýðingu í formi „barbarisma“ fremur en inntaki þess sem sagt var. Engin dæmi hafa fundist í grísku um sömu notkun orðasambandsins *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου* og arameískunnar *bar-(e)nash(a)* í þessu samhengi. Þessu mætti líkja við að enskumælandi Íslendingur segði Englendingi að hann væri við það að „lay some oars in a boat“ þegar hann hygðist leggja árar í bát.

Guðspjallamennirnir hljóta einfaldlega að hafa haft einhverja ástæðu til að ætla að lesendur þeirra skildu orðasambandið *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου* eða a.m.k. að það

³⁹ Kloppenborg Verbin, *Excavating Q* 2000, s. 32.

rúmaðist að einhverju leyti innan menningarlegs tilvísunarramma þeirra⁴⁰. Þá verður að hafa í huga að þótt móðurmál hins sögulega Jesú hafi verið af arameískum meiði þá eru guðspjöllin ekki skrifuð á arameísku heldur grísku. Flestir eru þeirrar skoðunar að gríska sé frummál textanna, þótt móðurmál Jesú hafi verið annað. Því er ekki um neins konar „þýðingu“ að ræða í hefðbundinni merkingu þess orðs, þótt vissulega kunni að gæta áhrifa frá tvítyngdu málsvæði og stöku orðatiltækjum hafi verið snarað. Þegar allt kemur til alls talar Kristur ritningarinnar grísku, ekki arameísku. Til að fá einhvern botn í merkingu mannssonarheitisins er því nauðsynlegt að skoða hvernig grískumælandi viðtakendur guðspjallanna höfðu kynnst mannssonarhugtakinu áður en þeir heyrðu Krist ritningarinnar taka sér það í munn.

V. Mannssonurinn í ljósi Gamla testamentisins

Bein þýðing gríska orðasambandsins ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου á hebresku er *ben-adam* (בְּנֵי אָדָם). Í hebresku ritningunni kemur það alls 108 sinnum fyrir, langoftast (93 sinnum) í Spádómsbók Esekíels. Það kemur fimmtán sinnum fyrir annars staðar⁴¹. Arameíska orðasambandið *kibar-enash* (כִּבָּר עֲנָשׁ), sem í íslensku Biblíuþýðingunni frá 2007 er þýtt „áþekkur mannssyni“, kemur auk þess einu sinni fyrir, í Daníelsbók 7.13.

Í Gamla testamentinu virðast orðasamböndin *ben adam* og *bar-enash* vera notuð í þrenns konar samhengi.⁴²

1. Sem ávarp þegar Guð eða engill talar til spámanns. Þannig stendur það ávallt í Spádómsbók Esekíels og í tvígang í Daníelsbók. Samtals 95 skipti.

2. Sem skáldleg umorðun á orðinu *adam* (אָדָם), sem merkir „maður“. Það er eins og stílbragð til að forðast endurtekningu þess í ljóðrænum textum. Þar er lítilmótleik mannlegs eðlis yfirleitt stillt upp gegn mikilfengleik Guðs. Í þessum textum kemur orðið *adam* ávallt fyrir áður en *ben-adam* er notað. Þau eru óaðskiljanleg samloka. Samtals 13 skipti.

⁴⁰ Í því gæti t.a.m. falist að jafnvel þótt grísk mynd orðasambandsins sjálfs hafi verið framandi þá hefði hún á tvítyngdu málsvæði skapað svo sterk hugrenningatengsl við þekkt arameískt eða hebreskt hugtak að ekki færi á milli mála hvað átt væri við.

⁴¹ Louis F. Hartman og Alexander A. Di Lella, *The Book of Daniel* 1978, s. 85.

⁴² McGrath, *Christian Theology – An Introduction* 2007, s. 278.

3. Sem apókalyptísk figúra sem birtist í skýjum á efsta degi og boðar dóm Drottins. Samtals eitt skipti (Dan 7.13).

Þetta eina skipti þegar það kemur fyrir á arameísku hefur allengi drottnað yfir umfjöllun um mannsónarheitið. Í inngangi að Daníelsbók í íslensku Biblíuþýðingunni frá 2007 segir, eins og á því geti ekki leikið nokkur vafi: „Í Nýja testamentinu notar Jesús mannsónarhugtakið úr Dan 7.13 um sjálfan sig.“⁴³ Þegar reynt er að skýra mannsónarhugtakið í bókum um guðfræðileg efni og þegar því er flett upp í alfræði- og orðskýringaritum um biblíuleg hugtök, þá er undantekningalítið vísað beint í Dan 7.13⁴⁴. Jafnvel er látið undir höfuð leggjast að geta þess að orðasambandið eigi það til að skjóta upp kollinum í öðru samhengi í Gamla testamentinu. Þótt þar sé sagt hvernig guðspjallamennirnir lýsi Mannssyninum, t.d. því að hann „kom í heiminn án þess [sic] mikið bæri á því, í allsleysi og fátækt“ og hann „þjáðist, dó, reis upp og sneri aftur til himna, til ríkis Guðs“⁴⁵, er ekki minnst á þá augljósu staðreynd að sú lýsing á alls ekki við um þá mynd sem dregin er upp í sjöunda kafla Daníelsbókar af verunni sem er „áþekk manssyni“.

Vissulega ber fjöldi ritningarstaða í Nýja testamentinu sterkan keim af Dan 7.13⁴⁶. Það þarf þó ekki að fletta lengi í því til að sjá að þessi vísun dugar ekki til að gera tæmandi grein fyrir merkingu mannsónarheitisins þar. Þannig á hinn apókalyptíski mannsónur Daníelsbókar alls ekki „hvergi höfði sínu að að halla“ (Matt 8.20, Lúk 9.58) og svo sannarlega „át“ hann ekki „og drakk“ (Matt 11.19, Lúk 7.34). Hann er fráleitt „framseldur í manna hendur“ (Matt 17.22, Mrk 9.31, Lúk 9.44), „í hendur syndugra manna“ (Matt 26.45, Mrk 14.41, Lúk 24.7) eða „æðstu prestunum og fræðimönnunum“ (Matt 20.18). Hann mun ekki eiga „margt að líða“, vera útskúfaður og líflátinn (Mrk 8.31, Lúk 9.22) og „gefa líf sitt til lausnargjalds fyrir alla“ (Matt 20.28, Mrk 10.45). Í Daníelsbók stendur reyndar ekki eitt orð af öllu því sem Jesús segir að spámennirnir hafi „skrifað um Mannsóninn“ (Lúk 18.31).

Daníelsbók er talin rituð í kring um Makkabeauppreisnina, u.þ.b. 165 f.Kr. Markmiðið með ritun hennar var að stappa stálinu í þjóðina og eggja hana til að vera

⁴³ Biblían 2007, s. 1120.

⁴⁴ T.d. Elaine Pagels, *The Origin of Satan* 1995, s. 12; Porter, *Jesus Christ* 1999, s. 168; Herbert Sundemo, *Biblíuhandbókin þín* 1970, s. 178.

⁴⁵ Sundemo, *Biblíuhandbókin* 1970, s. 178.

⁴⁶ Þetta gildir einkum um Mannsónarhugtakið í Jóhannesarguðspjalli, eins og vikið verður að í tíunda kafla.

stöðug í trúnni þrátt fyrir ofsóknir og harðstjórn. Stórir hlutar bókarinnar eru skrifaðir á arameísku. Sögusviðið er Babýlón á dögum herleiðingarinnar og aðalpersónan, Daníel, var þekkt og virt af visku og réttlæti (sbr. Esk 14.14 og 28.3). Bókin lýsir m.a. sýnum Daníels inn í framtíð þjóðarinnar. Þar sem bókin er rituð rúmlega 400 árum eftir að sagan á að hafa átt sér stað er um að ræða *vaticinium ex eventu*. Því er skiljanlegt að spádómarnir verði því nákvæmari sem framtíðin er fjarlægari⁴⁷.

Sýnin sem greint er frá í sjöunda kaflanum lýsir fjórum dýrum sem rísa upp úr „hafinu mikla“, en hafið er sígild tákmynd óreiðunnar sem er fjandsamleg sköpunarverkinu og ráðsályktun Guðs (sbr. 1 Mós 1.2). Dýrin tákna heimsveldin fjögur sem ríktu yfir landinu helga frá herleiðingunni til ritunartíma bókarinnar. Fyrst kemur ljón með arnarvængi, tákn babýlónska heimsveldisins. Þá kemur tákn Medíu, bjarndýr með þrjú rifbein í kjaftinum eða hugsanlega þrjár vígtennur. Þriðja dýrið, hlébarði með fjóra vængi og fjögur höfuð, táknar Persneska keisaradæmið. Fjórða dýrið er hræðilegast allra, tákn skæðasta óvinarins, gríska heimsveldisins. Á því voru tíu horn sem táknuðu konungana tíu. Á því dúkkar upp horn sem mælir gífuryrði, en það er tákn Antíokkusar IV Epífanesar, sem þá var konungur Selevkída. Hann var versti ógnvaldurinn sem Ísraelsmenn höfðu kynnst. Þegar Daníelsbók var rituð höfðu ofsóknir hans gegn Gyðingum gengið svo langt að jafnvel var dauðasök að eiga eintak af Tórunni⁴⁸.

Loks birtist einhver sem er „áþekkur mannssyni“. Í Septúagintu stendur *ὡς υἱὸς ἀνθρώπου*, án greinis. Veran er lík „syni manns“, ekki „Mannssyninum“. Þar stendur ekki berum orðum að mannssonur, hvað þá „Mannssonurinn“, hafi birst heldur einhver vera sem í orðrétti þýðingu er „sem sonur manns“. Á sama hátt er dýrunum lýst, þau eru „sem“ ljón, bjarndýr og hlébarði. Þessi vera kemur „á skýjum himins“ sem er bústaður Guðs og beint andheiti hafsins sem dýrin komu upp úr. Hún er tákn hinna heilögu hins æðsta sem „hljóta konungsvaldið og halda konungdæminu að eilífu og um aldir alda“ (Dan 7.18). Rétt eins og dýrin eru tákmyndir hinna illu ríkja er ríki Guðs, sem er andstæða þeirra, táknað með veru sem er í líki manns. Í þeim hlutum bókarinnar sem eru á arameísku kemur þetta sama hugtak tvisvar fyrir í fleirtölu, *בְּנֵי־בְנֵי*, *bene*

⁴⁷ Anderson, *Living World* 1988, s. 622 – 623.

⁴⁸ *Ibid.* s. 623.

'anasha (2.38, 5.21), þ.e. „synir manna“. Þar er í báðum tilfellum augljóst að einfaldlega er átt við menn almennt.

Í eskatólógísku myndmáli Dan 7.13 er því allt og sumt sem sagt er að tákni guðsríkisins svipi til mannveru og komi af himnum. Hún gæti þess vegna verið kona⁴⁹. Mannsmyndin er í órjúfanlegu samhengi við Fyrstu Mósebók 1.26 þar sem Guð skapar manninn í sinni mynd, „líkan oss“, og nauðsynleg sem bein andstæða tákmynda hinna illu ríkja sem birtast sem forynjur úr frumdjúpi óreiðunnar. Þetta getur engan veginn dugað til að réttlæta þá skoðun að orðasambandið *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου* í Nýja testamentinu sé eskatólógískt í sjálfu sér, þótt það sé stundum notað í slíku samhengi. Eins mætti fullyrða að allt tal um ský hljóti að vera eskatólógískt þar sem þessi himneska vera birtist „í skýjum himins“. Reyndar má ganga lengra og spyrja: Eigi *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου* að vera vísun í Dan 7.13, af hverju er hún þá ekki nákvæmari? Þannig hefði guðspjallamönnunum til dæmis verið í lófa lagið að tala um „þann sem er áþekkur mannsyni“, *ὁ ὡς υἱὸς ἀνθρώπου* (án greinis), eða jafnvel „þann sem kemur í skýjum himins“, *ὁ μετὰ τῶν νεφελῶν τοῦ οὐρανοῦ ἐρχόμενος*.

Myndmál af þessu tagi einskorðast ekki við Daníelsbók. Í upphafi Spádómsbókar Esekíels er ekki ósvipuð frásögn í löngu máli af spámannlegri sýn. Þar er klykkt út með því að hann sér „eitthvað sem líktist hásæti og í því sem líktist hásæti sat einhver sem virtist vera í mannsmynd“ (Esk 1.26). Þar lætur Septúaginta sér nægja orðið *ἄνθρωπος*, „maður“, en leggur þeim mun meira upp úr því að hafa myndina nógu óskýra. Það sem Esekíel sér er skv. Septúagintu bókstaflega aðeins „mynd einhvers sem er eins og maður“, *ὁμοίωμα ὡς εἶδος ἀνθρώπου*. Bæði inntak og orðalag er greinilega af sama toga og í Dan 7.13. Spádómsbók Esekíels er aftur á móti rituð alllönngu áður en Daníelsbók var færð í letur⁵⁰. Því getur enginn vafi leikið á því hvor ritningarstaðurinn bergmálar hinn.

Samkvæmt Spádómsbók Esekíels hlaut hann köllun til spámanns meðal útlaganna frá Júda árið 593 f.Kr.⁵¹ og var gerður ábyrgur fyrir trúarlífi safnaðarins í Babýlón,

⁴⁹ Hartman og Di Lella, *Daniel* 1978, s. 87.

⁵⁰ Skiptar skoðanir eru um ritunartíma Spádómsbókar Esekíels. Lengi var hefð fyrir því að telja hana því sem næst samtímaheimild þeirra atburða sem hún lýsir, en í nýlegri ritskýrningarritum má greina tilhneigingu til að telja hana talsvert yngri, alltjént endanlega gerð hennar (sbr. Otto Kaiser, *Introduction to the Old Testament – A Presentation of its Results and Problems* 1969, s. 251; Fleming James, *Personalities of the Old Testament* 1951, s. 331-332). Spádómsbók Esekíels er þó í öllu falli rituð á undan Daníelsbók.

⁵¹ Anderson, *Living World* 1988, s. 432.

sögusviði Daníelsbókar. Eina heimildin um Daníel utan Daníelsbókar er einmitt Spádómsbók Esekíels. Sjöundi kafli Daníelsbókar er á arameísku en Esekíel allur á hebresku. Ef finna á einhvern stað í ritningunni þar sem arameíska orðasambandið *bar-(e)nash(a)* hefur einfaldlega merkinguna „maður“, jafnvel „aumur maður“, eins og fjallað var um í síðasta kafla, er Dan 7.13 augljós kostur. Þar er arameíska orðasambandið *bar-(e)nash(a)* bein samsvörun hebreska orðsins *adam*, „maður“, í Esk 1.26. Veran líktist „hverjum öðrum venjulegum manni“, hún hafði „mynd ekki óáþekka manneskju“.

Ef augljósar vísanir í eskatólógískt myndmál eru lagðar til hliðar er erfitt að finna því nokkurn stað í Nýja testamentinu að Jesús Kristur vitni í Daníelsbók. Þó vitnar hann talsvert í ritninguna. Í samkunduhúsinu í Nasaret vitnar hann í Jesaja spámann (Lúk 4.18-21). Hann vitnar í Tóruna, bæði Fimmtu Mósebók 6.4-5 og Þriðju Mósebók 19.18, þegar hann er spurður hvert sé æðst allra boðorða (Mrk 12.29-30). Á krossinum vitnar hann í Sálmi 22 (Matt 27.46, Mrk 15.34). Það er því síður en svo sjálfgefið að á vörum hans sé *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου* sjálfkrafa vísun í Daníelsbók. Það ætti a.m.k. að vera ómaksins vert að skoða hebreska orðasambandið *ben adam* í þeim ritum sem virðast hafa verið í meira uppáhaldi hjá honum.

Þannig er athyglisvert að í Markúsarguðspjalli má finna mannsónarhugtakið notað á nákvæmlega sama hátt og lýst er í 2. lið í uppafi þessa kafla, í samloku á móti orðinu „maður“ eins og skáldlega umorðun þess til að forðast endurtekningu: „Hvöldardagurinn varð til mannsins vegna og eigi maðurinn vegna hvöldardagsins. Því er Mannsónurinn einnig Drottinn hvöldardagsins“ (Mrk 2.27-28)⁵². Þarna er stíllinn beint úr sálma- og spekihefðinni og textinn hefur engan eskatólógískan blæ þrátt fyrir mannsónarheitið.

Sú staðreynd ein að *ben adam* skuli koma 93 sinnum fyrir í Spádómsbók Esekíels af þeim 108 skiptum sem orðasambandið kemur fyrir í Gamla testamentinu ætti eitt sér að nægja til að tengja notkun Jesú á *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου* við hana fremur en þennan eina ritningarstað í Daníelsbók, að mati guðfræðingsins G. S. Duncans⁵³. Hann telur að hugtakið hljóti af þeim sökum einum að hafa einkum tengst Esekíel í huga fólks. Eina spámannsfígúra Gamla testamentisins, önnur en Esekíel, sem er ávörpuð *ben adam* er einmitt Daníel (8.17, 10.16), sem enn ítrekar Esekíel sem uppsprettu Daníels. Til

⁵² Ritningarstaðurinn á sér hliðstæðu bæði í Matt 12.18 og Lúk 6.5 og hlýtur því að teljast með „áreiðanlegri“ mannsónartextum. Hjá Matteusi og Lúkasi vantar hins vegar fyrri hluta versins.

⁵³ Borsch, *Son of Man* 1967, s. 35.

samanburðar eru spámennirnir Amos og Jeremías, jafnan ávarpaðir með nafni (Am 7.8 og 8.2, Jer 1.11 og 24.3). Esekíel er í upphafi ávarpaður „mannssonur“ (Esk 2.1) til að greina hann frá öllum himnaverunum sem þekja sviðið og leggja áherslu á mannlegt og dauðlegt eðli hans andspænis þeim og er því ávarpi haldið til streitu út bókina⁵⁴. Þetta gerir þó auðvitað ekki fullnægjandi grein fyrir mannssonarheitinu í Nýja testamentinu, ekki frekar en Dan 7.13. Kristur ritningarinnar sér Mannssoninn sem miklu meira en spámann. Þar er ekki stigsmunur á heldur eðlismunur⁵⁵. Það skín einkum í gegn í þeim textum sem lýsa píslum og þjáningu Mannssonarins.

En hvar í ritningunni stendur allt sem Jesús segir þar vera ritað um Mannssoninn? Hið vandræðalega svar við því er: „Hvergi.“ Hinn jarðneski, étandi og drekkandi, krossfesti, deyjandi og upprisni Mannssonur er ekki til í hinum kanonísku ritum Gamla testamentisins.

Til að skýra þetta hefur verið gripið til þess ráðs að benda á að þarna sé vísað í „hinn líðandi þjón Drottins“, עֲבַד יְהוָה, *ebed Jahve*, (Jes 42.13 – 53.12). Vissulega er þar að finna margar samsvaranir við hugmyndir kristinna manna um Mannssoninn. Hinn líðandi þjónn er m.a. „fjötraður, dæmdur og leiddur burt“ og refsað vegna syndar lýðsins, „hann færði líf sitt að sektarfórn“, „að þjáningum sínum loknum mun hann sjá ljós“ (sem túlka má þannig að hann sé reistur frá dauðum) og síðast en ekki síst; hann „bar syndir“ annarra (Jes 53.8-11). Stundum er því vissulega eins og Jesús skilji mannssonarheitið sem samheiti við „hinn líðandi þjón Drottins“.

Því hefur verið haldið fram að þessum tveim hugmyndum úr Gamla testamentinu hafi slegið saman og orðið að hinum „líðandi mannssyni“ guðspjallanna⁵⁶. Sú skoðun hefur verið studd með því að benda á að kristnir menn hafa túlkað þjónsljóð Devtro-Jesaja sem Messíasarspádóm eins lengi og heimildir eru til um. Í Lúkasarguðspjalli 22.37 vitnar Jesús í þjónsljóð Jesaja (Jes 53.12): „Því ég segi yður að þessi ritning á að rætast á mér: Með illvirkjum var hann talinn. Og nú er að fullnast það sem um mig er ritað.“⁵⁷ Í Postulasöggunni 8.26-39 segir að Filippus hafi hitt epiópskan gelding, háttsettan hirðmann drottningar, sem sat og las í spádómsbók Jesaja. Aðspurður sagðist

⁵⁴ Moshe Greenberg, *Ezekiel, 1-20* 1983, s. 61 – 62.

⁵⁵ Borsch, *Son of Man* 1967, s. 36.

⁵⁶ Ibid, s. 47 – 48. Þessa fullyrðingu styður höfundur í neðanmálsgrein með vísan í guðfræðingana R. H. Fuller, T. W. Manson, C. H. Dodd, A. Richardson og O. Cullmann.

⁵⁷ Sigurður Örn Steingrímsson, „Mannssonarheitið“ 1968-69, s. 44.

hann ekki skilja hvað átt var við, en Filippus útlagði textann í ljósi Krists og hirðmaðurinn lét skírast. Sagt er berum orðum að textinn hafi verið Jes 53.7-8.

Þá hugmynd að Jesús Kristur sé „hinn líðandi þjónn“ má því rekja aftur til upphafs kristni, a.m.k. aftur fyrir ritun Postulasögunnar snemma á annarri öldinni. Hvort orðasamböndin „Mannssonurinn“ og *ebed Jahve* geti verið samheiti er aftur á móti annað mál.

VI. „Sonur“ og „maður“ á tungum ritningarinnar

Í íslensku hefur orðið „sonur“ býsna þrönga og nákvæma merkingu. Það merkir aðeins „líffræðilegt karlkyns afkvæmi í 1. lið“, þótt finna megi einstök dæmi um annað samhengi. Á hátíðarstundum eru afreksmenn til að mynda gjarnan kallaðir „synir þjóðarinnar“, en þar er um uppskrúfað málfar að ræða, líkingamál en ekki eiginlega merkingu. Þetta gildir ekki um samsvarandi orð á tungum ritningarinnar, *ben* (בֶּן) á hebresku og *huios* (υἱός) á grísku. Eins og vikið hefur verið að gat sonur Jósefs hæglega verið „sonur Guðs“.

Á grísku merkti υἱός ekki aðeins „sonur“, heldur ekki síður „sonarsonur“, „sonarsonarsonur“ og þar fram eftir götunum. Í upphafi ættartölunnar í byrjun Matteusarguðspjalls er Jesús Kristur kallaður „sonur Abrahams“ og síðan sýnt fram á að hann sé afkomandi hans í fertugasta og annan ættlið. Þess vegna væri hugsanlega nær lagi að þýða orðið sem „niðji“ en „sonur“. Í Septúagintu er einatt talað um Ísraelsmenn sem „syni Ísraels“ (þ.e. Jakobs) og hver ættkvísl samanstóð af „sonum“ viðkomandi ættföður. Júdamenn voru „synir Júda“, Benjamínítar voru „synir Benjamíns“ o.s.frv. (sbr. 4 .Mós. 1.20-45). Þannig einskorðaðist fleirtölumynd orðsins ekki við karlkyn, á svípaðan hátt og fleirtölumynd orðsins „bróðir“, ἀδελφοί, var notuð til að ávarpa blandaðan hóp og merkti í því samhengi „bræður og systur“ eða „systkin“⁵⁸.

Þess vegna eru orð Jesú í Markúsarguðspjalli sérlega áhugaverð þegar hann segir: „Allt verður manna börnum fyrirgefið ...“ (Mrk 3.28). Þar segir nefnilega bókstaflega að „sonum manna“ (τοῖς υἱοῖς τῶν ἀνθρώπων) verði fyrirgefið. Þetta er eina skiptið þar sem „Mannssonurinn“ (með ákveðnum greini við báða liði þess) stendur í fleirtölu í Nýja testamentinu. Þar er greinilega átt við menn almennt. Í þessu

⁵⁸ Guðrún Kvaran, „Biblía 21. aldar“ 2008, s. 61.

tilfelli er orðasambandið því notað á nákvæmlega sama hátt og arameíska orðasambandið *bar (e)nash(a)* í Daníelsbók þar sem það stendur í fleirtölu, *bene 'anasha* (Dan 2.38 og 5.21). Sennilegt er að þarna sé dæmi um að á bak við grískuna \acute{o} $\upsilon\acute{i}\acute{o}\varsigma$ $\tau\acute{o}\upsilon$ $\acute{\alpha}\nu\theta\rho\acute{\omega}\pi\omicron\upsilon$ sé arameískan *bar (e)nash(a)* í þeirri merkingu sem þegar hefur verið fjallað um. Fleirtalan skeykir þó myndina, hún er greinilega ekki hugsuð sem titill. Ljóst er að hvað sem öllu líður þá litu ritarar guðspjallanna á hugtakið, þegar það stendur í eintölu, sem sjálfsskilgreiningu Jesú⁵⁹.

Merking orðsins $\upsilon\acute{i}\acute{o}\varsigma$ er enn víðari. Í einni af dæmisögum Jesú notar hann líkingu af brúðkaupi og spyr: „Hvort geta brúðkaupsgestir fastað meðan brúðguminn er hjá þeim?“ (Mrk 2.19, // Mrk 9.15 og Lúk 3.54). Orðrétt spyr hann hvort „synir brúðarsalarins“, $\acute{o}\acute{i}$ $\upsilon\acute{i}\acute{o}\iota$ $\tau\acute{o}\upsilon$ $\nu\upsilon\mu\phi\acute{\omega}\nu\omicron\varsigma$, geti fastað. „Synir brúðarsalarins“ voru fylgdarmenn brúðgumans. Það er því ógjörningur að finna eitt íslenskt orð sem að öllu leyti er merkingarleg hliðstæða þessa gríska orðs.

Í hebresku er merking orðsins *ben* síðan mun opnari. Allir menn, karlar og konur, voru „synir“ forfeðra sinna eins og áður er getið. En orðið *ben* er auk þess notað án afláts í yfirfærðri merkingu, í orðasamböndum þar sem orðið „maður“ er jafnan notað á íslensku. Þannig er auðgur maður ekki „auðmaður“ á hebresku, heldur bókstaflega „sonur auðsins“ og eins er lygari „sonur lyginna“. Af þessum sökum fullyrðir Sigurður Örn Steingrímsson: „Á sama hátt er augljóst, að „sonur mannsins“ hlýtur að merkja manninn yfirleitt.“ Rétt er að taka fram að í framhaldinu gengst hann við því að mannssonarheitið sé messíanskur *terminus technicus* (þ.e. fagheiti), að orðalagið \acute{o} $\upsilon\acute{i}\acute{o}\varsigma$ $\tau\acute{o}\upsilon$ $\acute{\alpha}\nu\theta\rho\acute{\omega}\pi\omicron\upsilon$ sé „ógrískulegt“ og að mjög einkennilegt sé „að heitið maður skuli gert að titli *Messíasar*“⁶⁰.

Hér er þó ástæða til að stíga varlegar til jarðar en Sigurður Örn gerir. „Lygi“ og „lygari“ eru ekki samheiti, ekki frekar en „auður“ og „auðmaður“, „Jakob“ (þ.e. Ísrael) og „Ísraelsmaður“ eða „brúðarsalur“ og „brúðkaupsgestur“, hvorki á hebresku né grísku. „Börn Guðs“ eru ekki Guð. Það segir sig því síður en svo sjálft að „maður“ og „mannssonur“ hljóti einfaldlega að vera samheiti. Ennfremur myndi það, þótt svo væri, ekki skýra notkun Jesú á orðinu, eins og Sigurður Örn bendir á sjálfur. Loks er vafa

⁵⁹ Hare, *Son of Man* 1990, s. 55.

⁶⁰ Sigurður Örn Steingrímsson, „Mannssonarheitið“ 1968-69, s. 38.

undirorpið að mannsónarheitið sé í raun notað sem messíanskur titill, alltjént í samstofnaguðspjöllunum⁶¹.

Það eina sem er augljóst í þessu sambandi er að merking sonarhugtaksins er afar ógreinileg og býsna víðfeðm. Sá sem er sonur einhvers er í raun aðeins tengdur því á einhvern óljósan hátt. Þó er eins og „sonurinn“ sé fremur undirsettur andlagi sínu en hitt, bundinn því einhvers konar óskilgreindu þjónustu- eða þegnskylduhlutverki. Lygarinn þjónar lyginni, Ísraelsmenn eru afkomendur Ísraels, fylgdarmenn brúðguma eru bundnir brúðarsalnum. Þess vegna er alls ekki er unnt að komast til botns í mannsónarheitinu með því að rannsaka aðeins seinni helming þess, orðið „sonur“, svo óhlutbundin sem merking þess er. Nauðsynlegt er að skoða hinn helming orðasambandsins, orðið „maður“, eins vel – ef ekki enn betur.

Hver ættkvísl skilgreindi sig sem „syni“ síðasta sameiginlega ættföðurins og ættkvíslirnar tólf áttu það sameiginlegt að vera „synir“ Jakobs, „Ísraelsmenn“, síðasta sameiginlega forföður þeirra allra. Hebreska orðið *adam*, sem merkir „maður“, er einnig sérnafn Adams, fyrsta mannsins. Þannig má skilja *ben adam* sem hliðstæðu *ben jehuda* og *ben yisra'el*, að í stað þess að kenna sig við Júda eða Ísrael sé leitað enn lengra aftur í ættir að skilgreiningu á einstaklingnum, allt aftur til Adams. Þannig hlýtur sá sem er *ben adam* að vera „sonur Adams“, af „Adams ætt“ svo vitnað sé í jólasálminn. Þess vegna þarf ekki að koma á óvart að í nútíma hebresku merkir *ben adam* aðeins „manneskja“⁶².

Þetta er samt ekki svona einfalt. Gríska orðið *άνθρωπος* er ekki sérnafn. Eins og hebreska orðið *adam* merkir það „maður“ og er tegundarheiti án tillits til kynferðis. Þegar segir frá sköpun mannsins í Septúagintu (1 Mós 1.27) fer ekki á milli mála að maðurinn (*άνθρωπος*) er annars vegar karl (*ἄρσεν*) og hins vegar kona (*θηλυς*). Þess vegna er við hæfi að skoða hvaða hugmyndir tengdust manningnum (þ.e. *άνθρωπος*) í menningarheimi fyrstu aldarinnar og hvernig mannsskilning Kristur ritningarinnar ávarpar, ef það kynni að verða til þess að varpa ljósi á skilning fyrstu lesenda Nýja testamentisins á hlutverki „sonar“ þessa manns.

⁶¹ Um mannsónarheitið í ljósi „Messíasarleyndarinnar“ í samstofnaguðspjöllunum verður fjallað nánar í tólfta kafla.

⁶² Framlag Ísraels til Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva árið 1988 var lagið „Ben adam“, sem var kynnt á ensku sem „Human Being“. Flytjandi þess var söngkonan Yardena Arazi. Í textanum var hvatt til þess að komið væri fram við alla mennska menn af virðingu.

VII. Hugmyndin um „Manninn“

Í fjórar til fimm aldir fyrir fæðingu Jesú höfðu ýmiss konar hugmyndir um frummenni, guðlegan forföður mannkynsins, rutt sér til rúms í átrúnaði flestra nágranna Ísraelsmanna. Hugmyndir þessar voru af ýmsum toga og erfitt að benda á eitthvert eitt upphaf þeirra eða uppsprettu þaðan sem grunnhugsunin kynni að hafa borist annað og tekið á sig hinar fjölbreyttu myndir. Þessi maður var frummynd eða „erkitýpa“ fyrsta jarðneska mannsins, jafnvel efniviður hans. Þannig var hann hugsanlega til staðar í öllum mönnum. Stundum var honum jafnvel líst sem ógurlegum rísa. „Maðurinn“ varð til við upphaf sköpunarinnar, en kunnir einnig að hafa birst í mannsmynd á hinum ýmsu tímum. Hann gat ýmist verið á jörðu og á himni, jafnvel á báðum stöðum samtímis. Til voru hugmyndir um hann sem frelsandi hetju á efsta degi. Á dómsdegi átti frummennið að koma aftur mannkyninu til endurlausnar⁶³. Þannig var „Maðurinn“ guðleg himnavera, eins undarlega og það kann að hljóma.

Nátengd þessum hugmyndum er hugmyndin um konungmennið. Konungurinn var „Sonur Guðs“ og er það heiti einnig alloft notað um Davíð konung. Egyptalandsfaraó var getinn af Amon Ra, hann var holdtekning Hórusar og því lögmætur erfingi krúnunnar. Þegar Alexander mikli hafði lagt undir sig Egyptaland var honum þess vegna fagnað sem syni Amons Ra. Þar sem hann var orðinn lögmætur Faraó hafði hann áunnið sér sonarstöðuna⁶⁴. Í Mesópótamíu gátu konungar birst sem synir hinna ýmsu guða samtímis⁶⁵. Konungurinn var tilbeðinn sem guð, bæði í hinum semíska og helleníska heimi. Þannig var konungurinn jafnan einhvers konar fulltrúi eða arftaki (sonur) „Mannsins“, ýmist hins fyrsta, himneska manns eða þess jarðneska sem gerður var eftir honum, hins fyrsta konungs jarðarinnar í Paradís við upphaf tímans⁶⁶. Um hinn flókna hugmyndafræðilega bakgrunn þessa og það hvernig „Mannssonurinn“ tengist hugmyndinni um „Manninn“ segir Frederick H. Borsch:

„ ... the reigning king was the representative of his ancestor the Man, the first king, in whose office he now serves, but he is also the *son* of that Man, his descendand

⁶³ Borsch, *Son of Man* 1967, s. 69; Sigurður Örn Steingrímsson, „Mannssonarheitið“ 1968-69, s. 41.

⁶⁴ Koester, *History, Culture, and Religion* 1995, s. 36.

⁶⁵ Henri Frankfort, *Kingship and the Gods – A Study of Ancient Near Eastern Religion as the Integration of Society & Nature* 1948, s. 299 – 300.

⁶⁶ Borsch, *Son of Man* 1967, s. 90.

and legitimate heir. Thus, though both terms can refer to the present ruler, it is perhaps not quite correct to say that they are exact equivalents. They can nicely be used in parallelism, but Son of Man conveys these nuances of sonship, of being the legitimate and designated heir to the throne.⁶⁷

„Mannssonurinn“ gegndi því litúrgísku hlutverki. Þetta kann að hafa sést einna gleggst í hinu babýlónska nýársritúali. Hringrás árstíðanna endurspeglar ævi Mardúks, fæðingu hans, æsku, hrörnun, dauða og upprisu frá dauðum. Hátíðin snerist um endursköpun heimsins og kóngurinn var í senn æðstiprestur og aðalleikari. Hann lét sér þó ekki nægja að leika Mardúk heldur rann konungurinn beinlínis saman við persónu guðsins. Sköpunarsagan, *Enuma elish*, var lesin og Mardúk barðist við vatnadreka, hlaut sár og dó. Síðan reis hann upp frá dauðum, sigraði óvættina, steig upp á fjallið helga, ziggúratíð, tók við ríki sínu og áframhaldandi velferð þjóðarinnar var tryggð⁶⁸. Nýji guðinn sem upp reis var sami guð og dó, en með upprisunni var hann um leið orðinn sonur hans, „sonur Mannsins“.

Menn hefur greint á um það hve mikil áhrif annarra trúarbragða voru nákvæmlega á gyðingdóminn. Aftur á móti er ekki hægt að halda því fram að Ísrael hafi verið algerlega einangrað hugmynda- og menningarlegt eyland í þjóðahafi frjósama hálfmánsans til forna. Ritningin geymir einfaldlega allt of margar augljósar hliðstæður við átrúnað grannþjóðanna til að hægt sé að efast um að þjóðirnar hafi orðið fyrir áhrifum hver af annarri. „Fjallið helga“ sem bústaður Guðs, ziggúratíð í Babýlon og Síonarhæð í Jerúsalem, er sjálfsagt eitt augljósasta dæmið um nán tengsl hugmyndaheima þjóða sem Gamla testamentið reynir annars að lýsa sem svörnum fjendum. Andstæða fjallsins helga, frumdjúpið, תְּהוֹם (*tehóm*), sem áður hefur verið nefnt, heimkynni óreiðunnar, á sér djúpar rætur í akkadískum átrúnaði. Einnig hafa fundist heimildir um egypskt konungsrítúal sem fólst í því að faraó fór og drap flóðhest, ógnvænlega vatnaveru, til merkis um sigurmátt hans yfir óvættum frumdjúpsins.

Trúarleg tákni sem þjóðirnar deila eru ótal mörg. Í 28. kafla Fyrstu Mósebókar segir til dæmis frá draumi Jakobs þar sem honum þykir „stigi standa á jörðu og ná til himins og englar Guðs fóru upp og ofan eftir stiganum“ (1 Mós 28.12). Orðið sem þar er notað

⁶⁷ Ibid, s. 114.

⁶⁸ Ibid, s. 96 – 97.

um „stiga“ merkir í raun ekki stigi heldur rampi eða skáflötur og lýsir textinn því mesópótamísku ziggúratí fremur en himnastiga, líkum þeim sem gluggabvottamenn nota nú á dögum⁶⁹. Efst í rampinum stendur guðinn El og blessar Jakob. Auðvitað er myndin sem hér er dregin upp nánast ljósrit af Mardúk í mynd konungsins á tindri ziggúratsins, mitt á milli himins og jarðar þar sem menn gátu átt fund við Guð⁷⁰. Englarnir sem ganga upp og niður stigann virðast hliðstæður við hina írönsku *yazatas* sem voru meðalgangarar á milli Guðs og sköpunarverks hans⁷¹.

Tengslin rista dýpra. Nefna má *Codex Hammurabi*, löggjöf Hammúrabís (u.þ.b. 1728 – 1686 f.Kr.), sjötta konungs Babýlóníu, sem kynni að hafa verið samtímamaður Abrahams. Löggjöf Hammúrabís er eitt elsta varðveitta lagasafn veraldarsögunnar, en hún á sér mjög nákvæma hliðstæðu víða í Tórunni, einkum Annarri Mósebók og Fimmtu Mósebók⁷². Jobsbók vísar víða í persneskar hefðir. Örlagavaldurinn, Satan sjálfur, er sniðinn eftir persnesku embættismannakerfi. „Hreinsunareiður“ Jobs í 31. kafla þykir bæði eiga sér fyrirmynd í babýlónsku réttarfari og eins í „Bók hinna dauðu“ frá Egyptum, þar sem hinn látni telur upp syndir sem hann er saklaus af frammi fyrir Ósírísi⁷³. Orðskviðirnir 22.17-25 geyma textaknippi sem á sér nákvæma fyrirmynd í egypsku riti um hirðsiði. Tengslin eru víðtæk og óvæfengjanleg. Ef til vill er þó ekki rétt að slá því föstu að Gyðingar hafi tekið allar þessar hugmyndir traustataki frá öðrum. Sennilegra er að þjóðirnar hafi gengið í sjóð hefðar sem þekkt var í ýmsum myndum um allt menningarsvæðið.

Rannsóknir á Dauðahafshandritunum, u.þ.b. 1000 handritum af ýmsum toga, m.a. hebreskum biblíuhandritum, sem fundust í hellum við Dauðahafið frá 1947 – 1979, hafa sýnt fram á vaxandi írönsk áhrif í gyðingdómi. Þau þykja einkum greinanleg í Daníelsbók og Henoksbók⁷⁴, sem talin er rituð um miðbik síðustu aldarinnar fyrir Krist. Hún mun eiga rætur að rekja til Norður-Palestínu. Samkvæmt henni er Mannssonurinn skapaður á undan sól og stjörnum, hann mun verða „ljós þjóðanna og allra þeirra sem bera þjáningu í hjarta“. Þar er Mannssonurinn einnig nefndur Messías⁷⁵. Dómsdagur er meginviðfangsefni Henoksbókar, en apókalyptíkin var einmitt einn mest ríkjandi

⁶⁹ Gunnar Kristjánsson, „Þýðing og still nýju biblíuútgáfunnar“ 2008, s. 32.

⁷⁰ Armstrong, *History of God* 1994, s. 16.

⁷¹ Sigurður Örn Steingrímsson, „Mannssonarheitið“ 1968-69, s. 40.

⁷² Anderson, *Living World* 1988, s. 150.

⁷³ Marvin H. Pope, *Job* 1965, s. 227.

⁷⁴ Borsch, *Son of Man* 1967, s. 86.

⁷⁵ Rudolf Bultmann, *Theology of the New Testament* 1952, 1. bindi, s. 52 – 53.

þátturinn í gyðingdómi helleníska tímans að mati þýska guðfræðingsins Helmut Koesters (f. 1926). Samkvæmt honum var apókalyptíkin hvatinn að Makkabea-uppreisninni og hvirfilpunktur hreyfingar Essena. Hún mun ennfremur bæði hafa mótað boðun Jóhannesar skírara og boðun Jesú frá Nasaret, auk þess sem hún stuðlaði að Bar Kokhba uppreisninni árið 132 e.Kr.⁷⁶ Allt sem tengdist dómsdegi var á hinn bóginn álitid leyndardómur og fræði sem vörðuðu hann voru því ekki á vitorði almennings. Af þeim sökum telur Sigurður Örn „líklegt að Mannssonarhugtakið hafi ekki verið almennt þekkt eða notað í síðgyðingdómnum“⁷⁷.

Fleiri apókrýfir gyðinglegir textar frá öldunum sitt hvoru megin við Krists burð hafa varðveist, þar sem persóna sem kölluð er „Mannssonurinn“ gegnir mikilvægu hlutverki⁷⁸. Því er ljóst að innan gyðingdómsins hefur hugmyndin verið vel þekkt, þótt ekki hafi verið hægt að taka hana upp óbreytta. Hún hefur átt erfitt uppdráttar, bæði vegna hinnar ströngu eingyðistrúar og eins hins, að samkvæmt gyðingdómi er það einmitt hinn fyrsti maður sem veldur öllu böli og flytur syndina inn í heiminn. Þess vegna er athyglisvert að finna má tilhneigingu í ýmsum síðgyðinglegum ritum til að hvítþvo Adam af syndinni. Má þar m.a. einmitt nefna Henoksbókina sem reynir að útskýra upphaf syndarinnar án þess að nefna Adam á nafn. Í slavneskri útgáfu bókarinnar er einkum lögð á það rík áhersla að það hafi verið Eva sem djöfullinn freistaði, ekki Adam. Í riti sem nefnist Kerygmata Petrou (og Sigurður Örn kallar „gnostik-gyðingkristið“⁷⁹) er frelsun mannanna sögð í því fólgin að koma heiminum í það horf sem hann var skapaður í. Þar er jafnvel gengið svo langt að fullyrða að Mannssonurinn og Adam sé ein og sama persónan og syndin sé alfarið sök Evu. Bókin er talin rituð á annarri öldinni e. Kr.⁸⁰

⁷⁶ Koester, *History, Culture, and Religion* 1995, s. 219 – 220.

⁷⁷ Sigurður Örn Steingrímsson, „Mannssonarheitið“ 1968-69, s. 40.

⁷⁸ Þar má einkum nefna 4. Esrabók, en hún inniheldur frásögn af sjö sýnum Esra. Hún er talin rituð á hebresku eða arameísku en er einungis varðveitt í þýðingum, sú elsta er á grísku. Í 13. kafla ritsins er sagt frá sjöttu sýninni, en þar kemur við sögu figúra sem nefnd er „Maður“ og gegnir einmitt eskatólógísku dómarahlutverki. Hefur því verið haldið fram að á bak við orðið „Maður“ hljóti að leynast arameíska hugtakið *bar (e)nash(a)*, ekki síst í ljósi Dan 7.13. Þar sem þar er um hreina ályktun að ræða (þótt sennileg sé) og „Maður“ bókarinnar er að mörgu leyti frábrugðinn Mannssyni guðspjallanna verður ekki fjallað sérstaklega um hana hér, þótt ástæða sé til að geta hennar. Hún mun auk þess vera orðin til á síðasta hluta 1. aldar e.Kr. og getur því ekki legið til grundvallar mannssonarhugtaki Jesúhefðarinnar, þótt vafalítið eigi „Maður“ bókarinnar og „Mannssonur“ guðspjallanna sér að einhverju leyti svipaðan uppruna.

⁷⁹ Sigurður Örn Steingrímsson, „Mannssonarheitið“ 1968-69, s. 41.

⁸⁰ Koester, *Introduction to the New Testament, Vol. 2: History and Literature of Early Christianity* 2000, s. 211.

Fílon frá Alexandríu (20 f.Kr.-50 e.Kr.), sem var hellenískur Gyðingur og heimspekingur, túlkar sköpunarsögurnar tvær í Fyrstu Mósebók samkvæmt þessum hugmyndum um frummennið og fyrsta manninn. Hann segir að þar greini fyrst frá sköpun hins himneska og syndlausa manns í mynd Guðs sem sé hið guðlega frummenni (1 Mós 1.26). Þá segi frá sköpun annars Adams, þess sem er af leiri jarðar, ekki í mynd Guðs og því fær um að verða upphafsmaður syndarinnar (1 Mós 2.7)⁸¹. Þarna má því ansi víða greina einlæga viðleitni til að laga mannsönnarmynd grannþjóðanna, þ.e. hugmyndina um guðmennið og fyrsta jarðneska manninn, að gyðingdómnum.

VIII. Táknefni Mannssonarins

Óvíst er að Gyðingar hafi sjálfir iðkað konungsdauða- og upprisurítual eins og það sem hér hefur verið lýst. Óvægjanlegt er þó að þeir þekktu til þess. Þögn ritningarinnar um slíkan vísu að konungsdýrkun, hafi hún verið til staðar í átrúnaði Gyðinga, mætti útskýra með því að textinn var ritaður (eða a.m.k. endurritaður) allöngu eftir gullöld konungdæmisins og því er ekki ósennilegt að frásagnirnar af henni mótist fremur af síðgyðinglegri guðfræði en sögulegri nákvæmni⁸². Í Spádómsbók Esekíels er lýst „hryllilegum svívirðingum“ (Esk 8.9) sem framdar eru í musterinu í Jerúsalem á dögum herleiðingarinnar. Þær felast m.a. í því að þar sitja konur og gráta babýlónsk-súmerska guðinn Tammús (Esk 8.14). Tilbeiðsla hans tengdist hringrás náttúrunnar, hann dó og fór til heljar, en reis aftur upp til að taka við völdum og tryggði þannig gang lífsins. Líkindin við upprisu „Mannsins“ eru augljós. Varla hefði verið rúm fyrir sams konar frásögn af helgihaldinu á dýrðartíma þjóðarinnar við hlið lýsinga á „svívirðu“ af þessu tagi.

Víða í ritningunni, einkum í Sálmunum, hafa menn þó greint texta sem kynnu að eiga við athafnir áþekkar nýárshátíðinni og endurfæðingu guðkonungsins. Þannig hafa ýmsir sálmar, einkum Sálmar 2 og 110, verið túlkaðir sem krýningarsálmar⁸³. Í Sálmi 110 segir Drottinn að hann setji konunginn sér til hægri handar, leggi óvini hans sem skör fóta hans og þjóð hans komi fúslega til hans á valdagegi hans. Þá segir: „Á helgum fjöllum fæddi ég þig eins og döggr úr skauti morgunroðans“ (Slm 110.3). Þessi hugmynd

⁸¹ Wolfhart Pannenberg, *Jesus – God and Man* 1968, s. 196 – 197.

⁸² Borsch, *Son of Man* 1967, s. 107.

⁸³ Walter Brueggemann, *Theology of the Old Testament – Testimony, Dispute, Advocacy* 1997, s. 605.

um endurfæðingu konungsins fyrir tilstilli Guðs er jafnvel enn skýrari í Sálmi 2: „Konung minn hef ég krýnt á Síon, mínu helga fjalli ... Þú ert sonur minn. Í dag hef ég fætt þig“⁸⁴ (Slm. 2.6-7). Þarna stendur konungurinn á tindi „fjallsins“, ný(endur)fæddur eða ættleiddur „sonur Guðs“, reiðubúinn að taka málin í sínar hendur og tryggja hagsæld þjóðarinnar, rétt eins og Mardúk/Babýlóníukonungur á tindi ziggúratsins.

Vitað er að konungsdýrkun, áþekk hinni babýlónsku, tíðkaðist hjá Föníkíumönnum í borginni Týrus. Í Spádómsbók Esekíels er „höfðingi Týrusar“ hæddur og ávittur fyrir þann hroka sinn að telja sig guðlega veru: „Þú ert maður en ekki guð þótt þú heldir að þú líktist guði“ (Esk 28.2). Í Postulasöggunni er svipuð frásögn af konunginum í Týrus, Heródesi Agrippu. Þar segir að hann hafi klæðst konungsskrúða og ávarpað lýðinn sem tilbað hann sem guð: „Guðs rödd er þetta en eigi manns“ (Post. 12.21-22). Sagnaritarinn Jósefus (37-100) lýsir einnig konungsdýrkun í Týrus sem kemur heim og saman við þessar lýsingar⁸⁵.

Í fimmta kafla Fyrri Konungabókar segir aftur á móti frá því að Híram I, konungur í Týrus hafi verið góðvinur Davíðs konungs. Ekki er látið þar við sitja, heldur er því lýst í smáatriðum hvernig Salómon Davíðsson naut fulltingis Hírams I við smíði musterisins í Jerúsalem. Híram I útvegaði Salómon hráefni, vinnuafl og verkþekkingu til smíðarinnar (1 Kon 5.20). Frá Týrus kom líka eirsmiður sem smíðaði alla innviði musterisins (1 Kon 7.13-50). Meðal þess sem þar var smíðað er „hafið“, *yam* (𐤊𐤍), stór kerlaug sem var í musterinu (1 Kon 7.23, 2 Kon 25.13, 2 Kro 4.2).

Salómón var upphafsmaður eiginlegs hirðlífs í Jerúsalem. Hann gerði sér far um að tileinka sér hirðsiði eins og tíðkuðust meðal grannþjóðanna. Skyldi hann hafa látið sér nægja að þiggja verkkunnáttu og byggingarefni frá Híram I, en ekki orðið fyrir neinum hugmyndafræðilegum áhrifum frá þessum völduga og vinveitta nágranna í norðri, sem greinilega var á mun hærra menningarstigi? Föníkíumenn virðast í það minnsta hafa staðið Gyðingum framar í verkfræði, byggingatækni og málmsmíði. Í fornöld var algennt að ríki tryggðu sér friðsamleg samskipti við völdugri grannríki með því að tileinka sér trúariðkun þeirra⁸⁶. Gera má því skóna að „hafið“ í musterinu hafi gegnt því litúrgíska hlutverki að tákna vötn óreiðunnar sem konungurinn þurfti að ganga í gegn

⁸⁴ Í Biblíuþýðingunni 1981 segir: „Í dag gat ég þig.“ Í Septúagintu stendur hér sögnin γεννάω sem getur bæði merkt „að geta“ og „að fæða“. Hér er því ekki um kvengveringu guðdómsins að ræða.

⁸⁵ Borsch, *Son of Man* 1967, s. 384.

⁸⁶ Anderson, *Living World* 1988, s. 272.

um, „skírast“ í og rísa upp úr⁸⁷. Ástæða hlýtur að vera fyrir því að orðið „haf“ var valið á fyrirbærið fremur en eitthvað á borð við „tjörn“ eða „laug“.

Vatn gegndi lykilhlutverki í tákneiminum sem umlukti hinn litúrgíska og konunglega „son Mannsins“. Þegar að er gáð getur það því eiginlega ekki verið tilviljun hve auðvelt er að staðsetja Mannsson Nýja testamentisins traustum fótum í honum. Þannig hefst starfstími Jesú á skírn hans í ánni Jórdan. Þegar hann rís upp úr vatninu hljómar rödd af himni sem segir: „Þessi er minn elskaði sonur sem ég hef velþóknun á“ (Matt 3.17, // Mrk 1.11, Lúk 3.22⁸⁸). Frásögnin af skírn Jesú kallast greinilega hástöfum á við Sálms 2, krýningarsálminn.

Víða í Sálmunum er vatnið tákn þjáníngar og dauða, t.d. „Dauðans bönd héldu mér, eyðandi fljót skelfdu mig“ (18.5), „Hann rétti út hönd sína frá himni og greip mig, dró mig upp úr vötnunum djúpu ...“ (18.17), „Eitt djúpið kallar á annað þegar fossar þínir duna, allir boðar þínir og bylgjur ganga yfir mig“ (42.8), „Hjálpa mér, ó Guð, því að vötnin ná mér upp að hálsi“ (69.2), „Lát eigi vatnsegginn færa mig í kaf, né hyldýpið svelgja mig ...“ (69.16), „[Ógnir þínar] umlykja mig eins og vötn allan liðlangan daginn, þrengja að mér úr öllum áttum“ (88.18) og „Rétt út hönd þína frá hæðum, hríf mig burt og bjarga mér úr beljandi vatnsflaumi ...“ (144.8). Vitaskuld er ekki hægt að fullyrða að hér sé um litúrgíska texta að ræða til notkunar við trúarlegar konungsdauða- og endurfæðingarathafnir, en engu að síður er ekki einleikið hve vel margir þessara sálma myndu henta við slík tilefni⁸⁹. Meginverkefni hins litúrgíska Mannssonar var auðvitað að sigrast á óreiðunni og óvættum frumdjúpsins sem höfðust við í vatninu. Þannig hastar Mannssonur Nýja testamentisins á öldurnar (Matt 8.26, Lúk 8.24) og gengur jafnvel á vatninu (Matt 14.25, Jóh 6.19). Illa anda sendir hann í svín, óhreinar skepnur, og rekur hjörðina í vatnið, aftur í djúpið (Mrk 5.1-13).

Misjafnt var hvort hin illu öfl óreiðunnar voru táknuð með vatni og flóðum eða myrkraöflum. Fór það eftir því hvort guðkonungurinn tengdist frekar frjósemisguði eins og Tammús eða sólarguði eins og t.d. hinum egypska Ra⁹⁰. Hvort tveggja má greina í táknmáli Nýja testamentisins. Þannig segir Jósefus frá því að konungurinn í Týrus hafi verið klæddur konungsskrúða úr silfri sem ljómaði í fyrstu sólargeislunum og fyllti

⁸⁷ Borsch, *Son of Man* 1967, s. 106.

⁸⁸ Íslenskar Biblíupýðingar gefa m.a.s. upp annan leshátt við Lúk 3.22: „Þú ert minn elskaði sonur, í dag hef ég fætt þig.“

⁸⁹ Borsch, *Son of Man* 1967, s. 124 – 125.

⁹⁰ *Ibid*, s. 94.

lýðinn ótta og lotningu⁹¹. Mannssonur Nýja testamentisins fór með lærisveina sína upp á „hátt fjall“, staðinn þar sem konungurinn „fæðist“, þar sem hann ummyndast fyrir augum þeirra þannig að „ásjóna hans skein sem sól og klæði hans urðu björt eins og ljós“ (Matt 17.2, // Mrk 9.2-3, Lúk 9.29). Þegar hann kemur aftur birtist hann „eins og elding sem leiftrar og lýsir frá einu skauti himins til annars“ (Lúk 17.24) eða „frá austri til vesturs“ (Matt 24.27) úr átt sólarupprisunnar.

Í akuryrkjusamfélögum gegndi „garður lífsins“ stóru hlutverki í þessu samhengi. Þar var guðkonungurinn frjósemisguð sem tryggði hina eilífu hringrás. Honum var gjarnan líkt við garðyrkjumann sem annaðist og vökvaði lífsins tré. „Sá er sáir góða sæðinu, er Mannssonurinn“ (Matt 13.37). Í myndmáli er hann gjarnan sýndur með trjágrein í höndunum. Svo nátengdur var hann þessu táknmáli að hægt var að líta á hann sem tréð sjálft sem skýldi þjóðinni undir greinum sínum⁹². „Ég er hinn sanni vínviður ...“ (Jóh 15.1).

Ein af skyldum hins nýendurfædda konungs var að metta lýðinn sem tákn um að velsældinni væri borgið á ný⁹³. Í Síðari Samúelsbók segir frá því að eftir að hafa fært brenniförn og heillaförn lét Davíð „úthluta öllu fólkinu, öllum Ísraelsmönnum, körlum og konum, hverjum fyrir sig, einum brauðhleif, einni döðluköku og einni rúsínuköku“ (2 Sam 6.19). Mannssonur Nýja testamentisins mettar lýðinn einnig á undursamlegan hátt, fjórar þúsundir karlmannna auk kvenna og barna urðu mett á nokkrum brauðum og fáeinum smáfiskum (Matt 15.34-38, // Mrk 6.38-44)⁹⁴.

Loks ber að nefna þjáninguna, en aðeins í gegn um hana gat „Maðurinn“ öðlast dýrð⁹⁵. Órjúfanlegur hluti af konungsdauða- og endurfæðigarrítúalínu var auðmýking og þjáning konungsins. Í Babýlon var hann sviptur tignarmerkjum sínum, skrudklæðum, sverði og veldissprotu, sleginn og nuddað upp úr jörðinni. Konunginum bar að halda fram sakleysi sínu, en allt kom fyrir ekki. Hann var fjötraður, dæmdur og leiddur burt af landi lifenda fyrir syndir lýðsins. Hér er myndin sem dregin er upp tvímælalaust af hinum líðandi þjóni Drottins hjá Devtro-Jesaja sem áður hefur verið nefndur. „Þjónn“ (*ebed*) er titill sem ítrekað er notaður um konunginn í Jerúsalem. Í Sálmi 89 er Davíð konungur t.d. í þrígang kallaður „þjónn“ Drottins og í tvígang þegar Guð ávarpar Natan

⁹¹ Ibid, s. 384.

⁹² Ibid, s. 98.

⁹³ Ibid, s. 96.

⁹⁴ Matteusi og Markúsi ber reyndar ekki saman um tölfræðina.

⁹⁵ Borsch, *Son of Man* 1967, s. 175.

spámann (2 Sam 7.5, 7.8). Ennfremur segir Drottinn um Davíð: „Þegar hann brýtur af sér mun ég hirta hann með höggum og slögum eins og tíðkast meðal manna“ (2 Sam 7.14). Erfitt er að koma ekki auga á tengslin við hina litúrgísku auðmýkingu guðkonungsins.

Hinn líðandi þjónn Drottins á sér hliðstæðu í fjölmörgum Sálmana. Í píslarsögum Nýja testamentisins, þegar sagt er frá hinum líðandi Mannssyni, er einmitt vitnað af miklum móð í þessa þjáningarsálma (Slm 22, 27, 31, 34, 35, 38, 41, 43, 69 og 109) sem og þjónsljóðið í Spádómsbók Jesaja, að mati Kloppenborg-Verbins sem er einn helsti Q-fræðingur veraldarinnar⁹⁶. Þannig að þótt ekki sé hægt að færa fyrir því nein orðsifjafræðileg rök að „hinn líðandi þjónn Drottins“ og „Mannssonurinn“ séu samheiti, þá lýsa bæði hugtökin sömu persónunni eða sama hlutverki upp að vissu marki. Fyrra hugtakið er eins og hlutmengi í hinu síðara, það nær óneitanlega yfir ákveðinn hluta af merkingarsviði þess.

IX. Rudolf Bultmann og mannssynirnir þrír

Ógjörningur er að ætla sér að gera grein fyrir mannssonarhugtakinu eins og það kemur fyrir í Nýja testamentinu án þess að fjalla fyrst stuttlega um þýska guðfræðinginn Rudolf Bultmann (1884-1976) og kenningar hans um mannssonarheitið, enda drottnuðu þær yfir öllum rannsóknum á þessu sviði í hálfu öld eftir að hann setti þær fram⁹⁷. Hann var þeirrar skoðunar að veran „áþekk mannssyni“ í Daníelsbók 7.13 benti klárlega til þess að vænst hafi verið komu „Mannssonar“ við ragnarök og að Jesús hefði sjálfur haft þær væntingar. Þannig vildi hann meina að þegar Jesús talaði um Mannssoninn sem koma myndi „í skýjum með miklum mætti og dýrð“ (Mrk 13.26) væri hann að vísa til einhvers allt annars en sjálfs sín⁹⁸. Bultmann áleit frumkirkjuna hafa rangtúlkað mannssonarhugtakið og hrært því saman við persónu Jesú þannig að úr þeim varð eitt⁹⁹. Hann var sannfærður um að í hugmyndaheimi fyrstu aldarinnar hefði Mannssonurinn aðeins verið apókalyptísk himnavera sem Guð myndi senda til að dæma veröldina á

⁹⁶ Kloppenborg Verbin, *Excavating Q* 2000, s. 373.

⁹⁷ Hare, *Son of Man* 1990, s. 4.

⁹⁸ Bultmann, *Theology* 1952, 1. bindi, s. 9.

⁹⁹ *Ibid*, s. 33.

efsta degi. Samkvæmt því skipti Bultmann mannsönnartextum Nýja testamentisins í þrjá flokka¹⁰⁰ og afgreiddi tvo þeirra sem síðari tíma tilbúning. Þetta voru:

- a) Textar sem segja frá hinum jarðneska mannsyni og verkum hans.
- b) Textar sem segja frá hinum líðandi mannsyni og píslum hans.
- c) Textar sem segja frá hinum himneska mannsyni og dýrð hans.

Bultmann taldi aðeins þá texta sem flokkuðust undir lið C geta verið upprunalega og átt rætur að rekja til hins sögulega Jesú. Hina tvo flokkana útskýrði hann burt. Texta sem flokkuðust undir lið A sagði hann vera „óekta“ á þeim forsendum að arameíska hugtakið *bar (e)nash(a)* hefði verið vitlaust þýtt vegna vanþekkingar guðspjallamannanna á móðurmáli Jesú. Texta sem flokkast undir lið B afskrifaði hann vegna þess að þar væri um að ræða *vaticinia ex eventu*¹⁰¹.

Bultmann var tvímælalaust einn mikilvægasti guðfræðingur tuttugustu aldarinnar. Hann var undir sterkum áhrifum af existensálískri heimspeki Martins Heideggers (1889-1976) og gekkst við því feimnislaust. Að hans mati var ekki hægt að stunda ritskýringu án fyrirfram gefinna hugmynda, þess vegna væri mikilvægara að gera sér grein fyrir þeim en að telja sér trú um að hægt væri að forðast þær. Kenningar Bultmanns vöktu sterk viðbrögð, jafnvel andúð, og höfðu gríðarleg áhrif á guðfræði síns tíma. Grunnur þeirra var það sem hann kallaði afmýtólógíseringu (*Entmythologisierung*) ritningarinnar, sem e.t.v. mætti þýða á íslensku sem „goðsagnasneyðingu“. Að hans mati var nauðsynlegt að finna kjarna boðunarinnar, sem hann kallaði sínu gríska heiti *kerygma*. Hann vildi komast að „kjarna hins eilífa sannleika sem var falinn í hismi goðsagnanna“¹⁰².

Sumir eru reyndar á því að hann hafi ekki alltaf verið dómbær á muninn á kjarna og hismi og stundum hætt til að henda barninu út með baðvatninu. Bultmann hefur þess vegna verið líkt við hafnarboltakappann Babe Ruth (1895-1948). Þá er vísað til þess að í sögu bandaríksks hafnarbolta hefur enginn slegið jafnmörg „heimahögg“ (*home run*) á ferlinum og Babe Ruth, en um leið hefur enginn heldur slegið jafnmörg vindhögg (*strike*

¹⁰⁰ Þessi flokkun var reyndar þekkt áður en Bultmann tók hana upp á arma sína, en hún er engu að síður gjarnan kennd við hann, sbr. Hare, *Son of Man* 1990, s. 7.

¹⁰¹ Richardson, *Introduction* 1958, s. 133.

¹⁰² „... penetrate to the kernel of eternal truth hidden within the mythological husk.“ Ed. L. Miller og Stanley J. Grenz, *Fortress Introduction to Contemporary Theologies* 1998, s. 42.

out)¹⁰³. Flestir guðfræðingar nú á dögum eru þeirrar skoðunar að kenningar Bultmanns um mannsónarhugtakið hafi að miklu leyti verið vindhögg.

Þannig gefa forsendur Bultmanns honum niðurstöðuna fyrirfram. Hafi Mannssonurinn einungis verið apókalyptísk himnavera, sem til hafði verið frá upphafi tímans og haft það hlutverk að dæma lifendur og dauða á efsta degi, getur Jesús ekki hafa álitnið sjálfan sig vera hana. Því hlýtur hann að hafa vísað í einhvern annan en sjálfan sig alls staðar þar sem hægt er að skilja notkun hans á hugtakinu á þann hátt (Mrk 8.38, Lúk 9.26). Öll önnur notkun hlýtur í framhaldi af því að vera síðari tíma tilbúningur hinnar hellenísku frumkirkju:

„... the predominant title in the earliest Church, by the testimony of the synoptic tradition, was 'Son of Man', which comes out of the apocalyptic hope and means a supra-mundane, pre-existent being who at the end of time will come down from heaven to hold judgment and bring salvation.“¹⁰⁴

Þessi fullyrðing er þó í besta falli afar vafasöm. Mannsónarhugtakið virðist því sem næst hverfa úr kristinni orðræðu eftir páskaatburðinn, eins og áður hefur verið nefnt. Frumkirkjan virðist gera sér far um að sneiða hjá því. Í frumkristni sést það nánast hvergi annars staðar en í beinni ræðu Jesú eins og hún er varðveitt í guðspjöllunum fram á þennan dag. Vissulega má gera því skóna, t.d. með vísun í Henoksbók, að einhverjar hugmyndir hafi verið uppi um „mannsón“ sem m.a. var hinn eskatológíski dómari. Það þýðir aftur á móti ekki að hugtakið „Mannssonurinn“ eitt og sér hafi aldrei verið notað í öðru samhengi, eins og bent hefur verið á. Til marks um það má nefna að hvergi í samstofnaguðspjöllunum má finna því nokkurn stað að höfundar þeirra hafi haft einhverjar hugmyndir um þá himnesku fortilveru Mannsónarins sem einkennir eskatológíuna¹⁰⁵. „Enginn fræðimaður getur á heiðarlegan hátt haldið því fram á grunni fyrirbyggjandi gagna að „Mannssonurinn“ hafi verið útbreiddur og almennt viðurkenndur

¹⁰³ Ibid, s. 47.

¹⁰⁴ Bultmann, *Theology* 1952, 1. bindi, s. 49.

¹⁰⁵ Pannenberg, *Jesus – God and Man* 1968, s. 152.

titill á yfirnáttúrulegri veru sem búist var við að gegna myndi hlutverki fulltrúa Guðs á dómsdegi¹⁰⁶.

Forsendur Bultmanns fyrir því að afskrifa meirihluta allra mannsontexta sem síðari tíma tilbúning, sprottinn af vanþekkingu ritaranna á upphaflegri merkingu hugtaksins á arameísku, fá því ekki staðist nánari skoðun. Nú þykir til að mynda ljóst að höfundur Markúsarguðspjalls hafi haft arameísku að móðurmáli¹⁰⁷, en Markúsarguðspjall er, eins og kunnugt er, önnur grunnheimild Matteusar- og Lúkasarguðspjalla. Engin leið er að halda öðru fram en að hann hljóti að hafa tekið yfirvegaða ákvörðun um að skrifa ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου, hve „ógrískulega“ sem það kunni að hafa hljómað, í þeirri trú að slíkt orðalag væri best til þess fallið að skila hugmyndinni á grísku, eins og hann skildi hana.

Fullfljótfærnislegt er einnig að gefa sér að hinn sögulegi Jesús hljóti að hafa verið með öllu grandalaus um örlög sín, þótt flestir biblíufræðingar efi núorðið að hann hafi haft skýra messíasarvitund. Segja má að þau hafi í raun verið óumflýjanleg og í stíl við afdrif spámanna Gamla testamentisins. Mannssonurinn þurfti að þjást og vera hafnað af þessari kynslóð til að vinna sigur (Lúk 17.24-25). Hvað eftir annað talar Kristur um það sem bíður Mannssonarins með því að vitna í þjónsljóð Jesaja. Allmargir slíkir textar eru undir greinilegum semískum áhrifum¹⁰⁸. Hellenískt samfélag hefði aðeins getað framleitt slíka texta ef það hefði vísvitandi verið að falsa fornt arameískt orðfæri¹⁰⁹. Tilbúningur af slíku tagi hefði þó varla verið til þess fallinn að ná betur eyrum fólks og því ekki þjónað neinum tilgangi. Óhætt ætti því að vera að leggja ekki trúnað á slíkar tilgátur.

X. Mannssonurinn í Jóhannesarguðspjalli

Sú þrískipta flokkun mannsontexta Nýja testamentisins sem gjarnan er kennd við Rudolf Bultmann getur vissulega komið að gagni við að reyna að gera sér grein fyrir notkun hugtaksins þar. Þó þarf að gæta þess að taka hana ekki of bókstaflega, enda

¹⁰⁶ „No scholar can fairly claim on the basis of the extant evidence that 'the Son of Man' had become a widespread, universally recognized title for a supernatural figure who was expected to function as God's deputy in the last judgment.“ Hare, *Son of Man* 1990, s. 21.

¹⁰⁷ Richardson, *Introduction* 1958, s. 133.

¹⁰⁸ Lúk 9.31, 12.50, 13.32f.

¹⁰⁹ Richardson, *Introduction* 1958, s. 133.

byggir hún á seinni tíma upplifun af innihaldi textans¹¹⁰. Auk þess býður hún þeirri hættu heim að litið sé á einn flokk texta sem „réttari“ en annan, eins og Bultmann gerðist sekur um. Textarannsóknir sýna að orðasambandið *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου* stendur svo til alls staðar býsna traustum fótum í textahefðinni, a.m.k. í samstofnaguðspjöllunum. Mögulegar undantekningar frá því varða ekki einn flokk texta fremur en annan.

Einnig ber að hafa í huga að oft og tíðum er ekki með öllu ljóst til hvaða flokks einstakir textar ættu að heyra. Má þar til dæmis nefna þessar tvær setningar: „Mannssonurinn kemur eins og elding sem leiftrar og lýsir frá einu skauti himins til annars. En fyrst á hann margt að líða og þessi kynslóð mun útskúfa honum“ (Lúk 17.24-25). Þarna dregur fyrri setningin greinilega upp mynd af dýrðarmætti hins himneska, apókalyptíska Mannssonar en sú síðari af píslum hins líðandi Mannssonar.

Séu þau 85 skipti þar sem orðasambandið *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου* kemur fyrir í einni eða annarri mynd í guðspjöllunum sett í töflu, þar sem tilgreint er hve oft það kemur fyrir í hverju samhengi í hverju þeirra, gæti hún litið svona út (með eðlilegum fyrirvara um hin óskýru mörk á milli flokkanna):

	Matt	Mrk	Lúk	Jóh	samtals	önnur rit¹¹¹
Hinn jarðneski	5	2	6	13/0	26/13	1 ¹¹²
Hinn líðandi	10	8	7	0	25	0
Hinn himneski	14	3	12	0/13	29/42	3 ¹¹³
<u>Óljóst eða á ekki við</u>	<u>2</u>	<u>1</u>	<u>2</u>	<u>0</u>	<u>5</u>	<u>0</u>
samtals	31	14	27	13	85	4 (89)

Það fyrsta sem hlýtur að vekja athygli er hve Jóhannesarguðspjall sker sig úr. Jóhannesarguðspjall er ekki eitt samstofnaguðspjallanna, þannig að færa mætti góð rök fyrir því að skynsamlegra væri að skipta mannsontextum Nýja testamentisins í tvo

¹¹⁰ Hare, *Son of Man* 1990, s. 7 – 8.

¹¹¹ Hér verður fyrst og fremst fjallað um þau skipti sem hugtakið kemur fyrir í guðspjöllunum, enda eru það, eðli málsins samkvæmt, einu skiptin sem Jesús notar það.

¹¹² Heb. 2.16. Þar er um að ræða skýra vitnun í Slm. 144.3.

¹¹³ Post. 7.56. (Þar segist Stefán píslarvottur á dauðastundinni sjá himnana opnast og Mannssoninn standa til hægri handar Guði.) Op. 1.13 og 14.14. (Þar er í báðum tilfellum lýst „einhverjum líkum syni manns“ án greinis, en ekki veru sem kölluð er „Mannssonurinn“, með greini eins og um titil væri að ræða. „Mannssonur“ Opinberunarbókarinnar er því aðeins einhver vera sem svipar í sjón til manneskju, nákvæmlega eins og *kibar enash* í Dan 7.13.)

flokka; annars vegar manns son samstofnaguðspjallanna og hins vegar manns son Jóhannesarguðspjalls. Ennfremur er eins og manns sonur Jóhannesar sé í senn jarðneskur og himneskur. Hann er án þjáningar. Sé litið á manns son Jóhannesar sem dæmi um hinn jarðneska manns son er skiptingin á milli flokkanna þriggja nokkuð jöfn (26/25/29). Sé litið á hann sem himneskan hallar aftur á móti verulega á hinn jarðneska á móti hinum himneska. (Þá er staðan 42:13 hinum himneska í vil.)

Jóhannesarguðspjall er talið ritað einhvern tímann á síðasta áratug fyrstu aldarinnar og guðfræði þess er að ýmsu leyti sér á parti. Manns sonartextar Jóhannesar sýna það vel, en þeir eru afar frábrugðnir þeim sem finna má í samstofnaguðspjöllunum. Manns sonur Jóhannesar étur ekki og drekkur og aðhefst fátt veraldlegt. Hann þjáist ekki, er ekki deyddur og rís ekki upp frá dauðum. Jesús gerir þetta allt í guðspjallinu, en þegar Jóhannes talar um dauða Manns sonarins gerir hann það ávallt á táknrænan hátt í sambandi við upphafningu hans (á krossinn) en aldrei um þísir hans¹¹⁴. Mikilverðast er sennilega að Manns sonur Jóhannesar kemur ekki í skýjum himins á efsta degi. Í raun gerir hann fátt annað en að stíga ýmist upp til himins eða niður og vera upp hafinn.¹¹⁵

Þó er manns sonarheitið miðlægt í guðfræði Jóhannesarguðspjalls. Strax í fyrsta kafla ritsins er einhvers konar uppgjör við helstu tignarheitin. Andrés segir við bróður sinn, Símon Pétur: „Við höfum fundið Messías!“ Síðan er bætt við: „En Messías þýðir Kristur, hinn smurði“ (Jóh 1.41). Skömmu síðar segir Fillippus við Natanael: „Við höfum fundið þann sem Móse skrifar um í lögmálinu og einnig spámennirnir, Jesú frá Nasaret, son Jósefs“ (Jóh 1.45). Loks segir Natanael við Jesú: „Rabbí, þú ert sonur Guðs, þú ert konungur Ísraels“ (Jóh 1.49). Eina tignarheitið sem ekki hefur verið nefnt þegar hér er komið sögu er „sonur Davíðs“, en það heiti kemur aldrei fyrir í Jóhannesarguðspjalli. Loks segir Jesús: „Sannlega, sannlega segi ég yður: Þér munuð sjá himininn opinn og engla Guðs stíga upp og stíga niður yfir Manns soninn“ (Jóh 1.51). Þannig er eins og manns sonarheitið sé hið æðsta tignarheiti, hin heitin, jafnvel „Kristur“ og „Messías“, leiða að manns sonarheitinu¹¹⁶. Sú mynd sem höfundurinn dregur upp af Manns syninum, þegar hann kynnir hugtakið fyrst til sögunnar, er auðvitað

¹¹⁴ Hare, *Son of Man* 1990, s. 111.

¹¹⁵ Casey, *Solution* 2007, s. 274.

¹¹⁶ Theissen, *De første kristnes religion* 1999, s. 206.

bein vísun í sýn Jósefs í Betel, sem áður var getið, þar sem englar gengu upp og niður yfir Jósef (1 Mós 28.12)¹¹⁷.

Strax í upphafsorðum guðspjallsins er fortilveran, sem hvergi er minnst á í hinum guðspjöllunum, kynnt til sögunnar: „Í upphafi var orðið“ (Jóh 1.1). Megineinkennið á guðfræði Jóhannesarguðspjalls er einmitt að Jesús er orð (λόγος) Guðs holdi klætt. „Orðið varð hold“ (Jóh 1.14). Jesús er m.ö.o. hinn fyrsti maður¹¹⁸, „hann var í upphafi hjá Guði“ (Jóh 1.2). Samt er eins og höfundur guðspjallsins tengi „orðið“ við spekina fremur en hugmyndirnar um hinn fyrsta, himneska mann. Orð (λόγος) Jóhannesarguðspjalls og „spekin“, eins og hún er kynnt í spekiritum Gamla testamentisins, eiga fortilveruna sameiginlega.

Alþekkt var að spekin var persónugerð í gyðingdómi og álitin hafa verið til frá upphafi tímans, frá því fyrir sköpunina. Í 28. kafla Jobsbókar er spekinni lýst sem sjálfstæðu fyrirbæri, ekki hluta af sköpunarverkinu. Guð grundvallar sköpunina á lögmálum hennar, en þó lýtur hún Guði. Sagnirnar fjórar sem þar eru notaðar um spekina lýsa sambandi hennar og skaparans. Hann „sá“ hana, „kunngjörði“ hana, „fékk henni stað“ og „rannsakaði“ hana (Jb. 28.27). Spekin var sem sagt grundvölluð á sjálfri sér fyrir upphaf alls og Guð mætti henni við sköpunina¹¹⁹. Eðli spekinnar er því hliðstætt stóískum hugmyndum um *logos*, grundvallarlögmál veraldarinnar¹²⁰, sem Jóhannes virðist hafa tekið upp á arma sína og gefið kristfræðilegt inntak.

Í Orðskviðunum er dregin upp mynd af spekinni sem prédikara á götum úti. Þar er hún sögð sköpuð af Guði á undan öllum öðrum verkum hans (Okv 8.22). Við sköpunina var hún „með í ráðum“¹²¹ (Okv 8.30). Í hinni apókrýfu Síraksbók er sama persónugerving spekinnar á ferðinni, en þar leitar hún dvalarstaðar meðal manna og er skipað af Guði að dvelja hjá Ísrael¹²² (Sí 24.8). Líkindin á milli spekinnar og Krists sem „hins sanna ljóss“ í upphafsorðum Jóhannesarguðspjalls eru sláandi, ekki bara hvað fortilveruna varðar heldur líka hina árangurslausu leit að dvalarstað hjá mönnum:

¹¹⁷ R. G. Hamerton-Kelly, *Pre-existence, Wisdom and the Son of Man – A Study of the Idea of Pre-existence in the New Testament* 1973, s. 226.

¹¹⁸ Bultmann, *Theology* 1952, 2. bindi, s. 37.

¹¹⁹ Hamerton-Kelly, *Pre-existence, Wisdom and the Son of Man* 1973, s. 19 – 20.

¹²⁰ Sigurvin Jónsson, „Spekin í samhengi hellenismans“ 2007, s. 101.

¹²¹ Í Íslenskri Biblíupýðingu 1981 er gengið svo langt að segja: „Þá stóð ég honum við hlið sem verkstýra“

¹²² Í Henoksbókinni kemur þetta sama minni fyrir, en þar finnur spekin engan dvalarstað meðal manna og þarf að snúa aftur og dvelja meðal engla himins.

„Ljósíð skín í myrkrinu og myrkrið tók ekki á móti því“ (Jóh 1.5). „Hann kom til eignar sinnar en hans eigið tók ekki við honum“ (Jóh 1.11).

Mannssonarheitið kemur þrettán sinnum fyrir í Jóhannesarguðspjalli. Langoftast vísar það til mennsku Jesú sem holdtekningar orðsins og markar það því þar upphafið að „sigurför hins kristfræðilega titils *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου*, sem upp frá því var öldum saman mikilvægt heiti til að vísa á mannlegt eðli hins holdi klædda Drottins“¹²³. Enginn þessara texta á sér þó uppruna í textahefðinni sem rekja má aftur til hins sögulega Jesú. Sú staðreynd ásamt ritunartíma guðspjallsins gera það að verkum að í raun gefur það litla vísbendingu um upphaflega merkingu mannsnarheitisins.

XI. Mannssonurinn og Q

Ef litið er aftur á töfluna í síðasta kafla kemur meira í ljós en bara sérstaða Jóhannesarguðspjalls. Þar sést líka að hinn arameískumælandi Markús notar mannsnarheitið afar sjaldan í apókalyptísku samhengi. Það væri út af fyrir sig fráleitt ef arameíska orðasambandið *bar (e)nash(a)* hefði aðallega haft slíka merkingu. Mannssonur Markúsar er fyrst og fremst hinn líðandi þjónn Drottins.

Eins og áður sagði studdust höfundar Matteusar- og Lúkasarguðspjalla við Markúsarguðspjall, en þeir höfðu einnig aðra ritaða heimild til hliðsjónar sem nú er glötuð og Markús virðist ekki hafa þekkt¹²⁴. Samsvörunin í sameiginlegu efni Matteusar- og Lúkasarguðspjalla er víða of mikil, orð fyrir orð, til að mögulegt sé að textahefðin sem þar hlýtur að liggja til grundvallar hafi aðeins varðveist í munnlegri geymd. Rit þetta hefur fyrst og fremst verið ræðuheimild, eins konar „Orðskviðir Jesú“, og hefur verið nefnt Q. Það innihélt ummæli Jesú en minna af sögulegu efni, sem útskýrir af hverju Jesús er mun fámáli í Markúsarguðspjalli en hjá Matteusi og Lúkasi¹²⁵. Talið er áreiðanlegt að engin píslarsaga eða upprisa hafi verið í Q. Spádómarnir um þjáninguna virðast síðar til komnir, þeir skjóta fyrst upp kollinum hjá Markúsi¹²⁶. Markúsarguðspjall virðist því hafa verið meginheimild píslarfrásagna

¹²³ „... the success of the production of the Christological title *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου*, which was henceforth for centuries to be a major title which indicated the humanity of the incarnate Lord.“ Casey, *Solution to the 'Son of Man'* 2007, s. 319.

¹²⁴ Kloppenborg Verbin, *Excavating Q* 2000, s. 80.

¹²⁵ Ibid, s. 355.

¹²⁶ Pannenberg, *Jesus – God and Man* 1968, s. 245.

Matteusar og Lúkasar. Bultmann bendir samt á að Q þekki greinilega hugmyndina um endurkomu (*parousia*) Mannssonarins¹²⁷ þótt þjáningin og upprisan komi þar hvergi við sögu. Allt þetta sýnir með ótvíræðum hætti að hinn apókalyptíski mannssonur Matteusar og Lúkasar er út úr Q.

En af hvaða tegund bókmennta var þetta dularfulla rit? Þar sem það geymdi aðeins beina ræðu Jesú, „visku“ hans eða spakmæli, hefur jafnvel þótt liggja beint við að flokka það með öðrum ritum sem þannig eru upp byggð – þ.e.a.s. til spekirita¹²⁸. Þannig lýsti Bultmann Jesú sem „spekikennara“, m.a. vegna þess hve sterkan keim margir textar í Q bera af dæmisögum (*meshalim*) gyðinglegrar spekihefðar. Hann bendir á þrjá staði í Lúkasarguðspjalli (Lúk 7.35, 11.31 og 11.49-52)¹²⁹ auk inngangsins að Jóhannesarguðspjalli¹³⁰ og segir þá sýna að í þessum guðspjöllum sé Jesús skilinn í ljósi spekinnar. Hann er jafnvel beinlínis kallaður „barn spekinnar“ (Lúk 7.35). Rétt eins og spekin á mannssonur Q, Lúkasar og Matteusar „hvergi höfði sínu að að halla“ (Lúk 9.58, Matt 8.20). Flokkun af þessu tagi er þó umdeilanleg. Þegar grannt er skoðað getur Q eiginlega ekki fallið snyrtilega að neinni einni tegund bókmenntahefðarinnar, ritið er hvorki dæmigert spekirit, spádómsbók né opinberunarrit¹³¹. Q virðist hafa haft ákveðin einkenni allra þessara bókmenntategunda.

Ábyggilegasta aðferðin við að tímasetja einstök rit Nýja testamentisins hefur þótt vera í því fólgin að finna í þeim vísanir í fyrstu uppreisnina í Jerúsalem árið 66. Þær er ekki að finna í Q þannig að ritið er eldra en það. Slíkar vísanir í Matteusar- og Lúkasarguðspjöllum eiga ekki rætur að rekja til Q. Einnig hefur verið reynt að tímasetja Q eftir árið 45 á þeim forsendum að það hafi verið á tíma Kuspíusar Fadusar landstjóra (44-48) sem hinir og þessir „falsspámenn“, sem talað er um í Q, voru áberandi. Samverski spámaðurinn sem þar er nafngreindur var aftur á móti starfandi svo snemma sem árið 36 samkvæmt sagnaritaranum Jósefusi¹³².

Á hinn bóginn kynni skortur Q á píslarsögunni einmitt að vera áreiðanlegasta vísbendingin um að ritið hafi verið fært í letur tiltölulega snemma. Enski guðfræðingurinn Kirsopp Lake (1872-1946) setti fyrstur manna þá kenningu fram árið

¹²⁷ Bultmann, *Theology* 1952, 1. bindi, s. 30.

¹²⁸ Sigurvin Jónsson, „Spekin í samhengi hellenismans“ 2007, s. 104.

¹²⁹ Lúk 7.35 á sér hliðstæðu í Matt 11.19 og Lúk 11.49-51 í Matt 23.34-36.

¹³⁰ Hamerton-Kelly, *Pre-existence, Wisdom and the Son of Man* 1973, s. 23.

¹³¹ Kloppenborg Verbin, *Excavating Q* 2000, s. 395.

¹³² *Antiquitates Judaicae* XVIII, 85-87. Sbr. Otto Betz, „Miracles in the Writings of Flavius Josephus“ 1987, s. 229.

1909 með vísan í bréf Páls postula. Hann benti á að í bréfum Páls er lítið fjallað um almennt viðurkenndar staðreyndir heldur fyrst og fremst um þau álitamál sem efst voru á baugi þegar bréfin voru rituð. Þannig bar hann saman fjórða kafla Fyrra Þessalóníkubrúfsins, þar sem hinir kristnu virðast enn hafa trúað að þeir myndu sjálfir lifa að sjá endurkomu Krists, og fimmtánda kafla Fyrra Korintubrúfs sem er yngra, en þar notar Páll upprisu Krists sem samsvörun fyrir upprisu hins trúaða. Lake spurði því undir hvaða kringumstæðum píslardauði og upprisa Krists hefðu flokkast undir almenna þekkingu sem óþarft var að fjalla sérstaklega um og útleggja.

Hans svar var að þar sem frumkirkjan hefði verið apókalyptískur söfnuður sem vænti þess að sjá endurkomu Krists í náinni framtíð, hlyti það að hafa verið áður en dauði fylgjendanna varð að guðfræðilegu vandamáli sem þurfti að taka til umfjöllunar. Af þeim sökum var Lake þeirrar skoðunar að Q gæti ekki verið yngri heimild en frá árinu 50. Fyrir hvert ár eftir það væri þögn ritsins um upprisuna grunsamleg¹³³. Að vísu virðist Lake hafa gefið sér þá forsendu að sama guðfræðilega þróun hljóti að hafa átt sér stað hjá öllum Jesúhópunum fyrir botni Miðjarðarhafsins, það sem hafi verið álitamál á áhrifasvæði Páls í dreifingunni hljóti einnig að hafa verið álitamál sem kallaði á nýja útleggingu á upprisu Jesú hjá söfnuðum í Palestínu. Þetta er auðvitað óvíst.

Hafa verður í huga að Q varð ekki til í einum hvelli frekar en önnur rit. Textanum hefur verið safnað saman á einhverjum tíma. Uppgötvun Tómasarguðspjalls í koptískri þýðingu árið 1945 bendir til þess að ákveðin þróun hafi átt sér stað. Tómasarguðspjall er ræðuheimild sem að einhverju leyti virðist byggja á sömu hefð og Q. Skiptar skoðanir eru um aldur ritsins, en fræðimenn hallast helst að tímabilinu á milli 60 og 140. Í ritinu kemur mannsónarheitið aðeins einu sinni fyrir, í texta sem einnig er að finna hjá Matteusi og Lúkasi (Matt 8.20, Lúk 9.58) og er litaður af spekihefðinni. Í ljósi þess hefur Koester sett fram þá kenningu að þróun Q hafi orðið í tveim áföngum og aðeins fyrsta útgáfan (Q-1) hafi legið til grundvallar Tómasarguðspjalli, ritið hafi síðan þróast í aðra átt en Q-ritið. Koester telur að fyrst hafi apókalyptískum mannsónartextum verið skeytt við það (Q-2), síðan hafi það runnið saman við Markúsarguðspjall¹³⁴. Sé það

¹³³ Kloppenborg Verbin, *Excavating Q* 2000, s. 80 – 81.

¹³⁴ Ibid, s. 384.

tilfellið er „fráleitt að draga þá ályktun að mannsönnar-kristfræði (með tilheyrandi frelsunarkenningum) séu kjarninn í guðfræði Q.“¹³⁵

XII. Mannsönnurinn og samstofnaguðspjöllin

Matteus og Lúkas virðast að mestu leyti hafa tekið efni Q nokkurn veginn óbreytt inn í guðspjöll sín. Það sýnir hin nákvæma samsvörun textanna¹³⁶. Þar sem auk þess má telja næsta víst að Q sé elsta heimildin sem vitað er að hafi geymt orð Jesú ætti að vera óhætt að ganga út frá því að Q-efni Matteusar- og Lúkasarguðspjalla, séu áreiðanlegastu heimildirnar sem aðgengilegar eru um það hvernig hinn sögulegi Jesús notaði mannsönnarheitið.

Í því sambandi er einkum áhugavert að skoða tengsl hugtaksins við hina svokölluðu „Messíasarleynd“. Þar er átt við þá tilhneigingu samstofnaguðspjallanna að láta Jesú ekki kalla sig Krist, heldur láta fylgjendum hans það alfarið eftir að gera þá uppgötvun. Þannig markar játning Péturs jafnan þáttaskil (Mrk 8.29, Matt 16.16, Lúk 9.20) og sjálfur gengst Jesús ekki við hlutverki sínu sem Kristur fyrr en fyrir æðsta ráðinu (Mrk 14.62) eða neitar jafnvel að gangast afdráttarlaust við því þar (Matt 26.64, Lúk 22.67). Hann biður lærisveinana að hafa hljótt um það sem þeir hafa séð (t.d. Mrk 9.9, // Matt 17.9) svo aðrir geti uppgötvað leyndamálið upp á eigin spýtur.

Í engu riti Nýja testamentisins kemur mannsönnarheitið jafnoft fyrir og í Matteusarguðspjalli. Hvergi kemur það heldur jafnoft fyrir í apókalyptísku samhengi. Það þýðir þó ekki að sjálft orðasambandið *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου* sé apókalyptískrar merkingar, eins og vikið hefur verið að. Vissulega er Matteus áhugasamur um endurkomuna og oftast notar hann mannsönnarheitið í slíkum textum, en ekki alltaf. Í ýmsum eskatológískum lykiltextum guðspjallsins kys hann nefnilega fremur að nota fyrstu persónu fornafnið eða tignarheitið „Drottinn“, s.s. „Ekki mun hver sá sem segir við mig: Drottinn, Drottinn, ganga inn í himnaríki heldur sá einn er gerir vilja föður míns sem er á himnum“ (Matt 7.21), „Hvern þann sem kannast við mig fyrir mönnum mun og ég við kannast fyrir föður mínum á himnum. En þeim sem afneitar mér fyrir mönnum mun og ég afneita fyrir föður mínum á himnum“ (Matt 10.32-33) og „Allt vald

¹³⁵ „... quite unwarranted to conclude that Son of Man Christology (and its attendant soteriology) represents the theological core of Q“ *ibid*, s. 389.

¹³⁶ Hare, *Son of Man* 1990, s. 215.

er mér gefið á himni og jörðu. Farið því og gerið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður og sonar og heilags anda og kennið þeim að halda allt það sem ég hef boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar“ (Matt 28.18-20)¹³⁷. Hafi mannsönnarheitið aðeins haft afdráttarlausa eskatólógíska merkingu fyrir höfundu Matteusarguðspjalls er óskiljanlegt að hann skuli svo víða láta hjá líða að nota það í samhengi eins og þessu.

Bultmann var þeirrar skoðunar að Lúkas og Matteus, þó einkum Matteus, hefðu glatað hinni raunverulegu merkingu mannsönnarhugtaksins. Hann taldi að í huga Matteusar væri hugtakið svo rígbundið sjálfsskilgreiningu Jesú að í raun gildi einu hvenær hann segði „Mannsónnurinn“ og hvenær hann segði „ég“. Þetta má að einhverju leyti til sanns vegar færa. Allvíða notar Matteus mannsönnarheitið þar sem Markús og Lúkas nota fyrstu persónu fornafnið (Matt 12.32, 16.28, 19.28, 20.28) og á einum stað fyrstu persónu fornafnið þar sem Markús notar mannsönnarheitið (Matt 16.13)¹³⁸.

Notkun Matteusar á mannsönnarhugtakinu virðist óljós og messíasarleyndin ómarkvissust hjá honum. Eins og hinir guðspjallamennirnir segir hann ævisögu Jesú, en ólíkt þeim skipar hann ummælum Jesú niður eftir efnisflokkum þeirra. Í tíunda kafla hefur hann t.a.m. safnað saman ummælum sem varða postuladóm. Fyrir vikið talar Jesús um sitt himneska framtíðarhlutverk (Matt 10.23) áður en lærisveinarnir játa hann sem Krist (Matt 14.33, 16.16). Þannig má segja að hann hlaupi á sig. Af þessum sökum dró þýski guðfræðingurinn William Wrede (1859-1906) þá ályktun að Messíasarleyndin skipti Matteus litlu máli, aðeins eimdi eftir af henni vegna þess að hún væri til staðar í frumheimildum hans¹³⁹.

Þetta byggir á veikum rökum. Messíasarleyndin er svo sannarlega til staðar hjá Matteusi, þótt e.t.v. sé hann ekki alltaf sjálfum sér samkvæmur í því efni. Eftir játningu Péturs segir: „Þá lagði hann ríkt á við lærisveinana að segja engum að hann væri Kristur“ (Matt 16.20). Í hliðstæðum frásögnum í Markúsar- og Lúkasarguðspjöllum kemur Kristsheitið ekki fyrir. Þar biður Jesús lærisveinana aðeins að segja „þetta“ engum (Lúk 9.21) eða segja engum „frá sér“ (Mrk 8.30). Það er því alls ekki hægt að gefa sér að Matteus hafi notað hin ýmsu tignarheiti af hreinu handahófi. Í þessu tilfelli virðist honum hafa fundist nauðsynlegt að lagfæra hefðina sem hann vann með til að

¹³⁷ Ibid, s. 114.

¹³⁸ Bultmann, *Theology* 1952, 1. bindi, s. 30.

¹³⁹ Hare, *Son of Man* 1990, s. 115 – 116.

koma kristsheitinu að. Þannig sést að messíasarleynd Matteusar stenst nokkurn veginn svo framarlega sem titlarnir „Kristur“, „Sonur Guðs“, „Sonur Davíðs“ og „konungur Gyðinga“ eða „Ísraels“ séu í huga Matteusar messíanskir, en „Mannssonurinn“ ekki¹⁴⁰.

Aftur á móti segir notkun Matteusar á mannsönarheitinu í raun lítið um merkingu þess, annað en að það er ekki Messíasartitill. Hann virðist áhugalaus um merkingu þess að öðru leyti. Fyrir honum segir það ekkert um eðli Jesú, markmið eða örlög. Bultmann kann að hafa haft rétt fyrir sér, hugtakið er fyrir Matteusi líklegast aðeins heitið sem Jesús frá Nasaret kaus jafnan að kalla sig sjálfur, án þess að merking þess eða uppruni sé þekktur eða skipti höfund guðspjallsins yfir höfuð nokkru máli¹⁴¹.

Í grundvallaratriðum má segja að það sama gildi um Lúkasarguðspjall. Þrisvar notar Lúkas mannsönarheitið þar sem Matteus notar það ekki í hliðstæðum texta. Í Lúk 6.22 segir: „Sælir eruð þér þá er menn hata yður, þá er þeir útskúfa yður og smána og bera út óhróður um yður vegna Mannssonarins.“ Í Matteusarguðspjalli (Matt 5.11) segir aftur á móti „vegna mín“ (ἐνεκεν ἐμοῦ). Þarna er erfitt að greina með einhverri vissu hvor útgáfan sé upprunalegri, þ.e. standi í Q. Borsch er þeirrar skoðunar að Lúkas sé upprunalegri¹⁴². En hvort sem Lúkas setti mannsönarheitið í stað fyrstu persónu fornafnsins eða Matteus fyrstu persónu fornafnið í stað mannsönarheitisins er ljóst að þarna notar Lúkas mannsönarheitið aðeins sem sjálfsskilgreiningu Jesú án þess að hægt sé að ráða með einhverri vissu í forsendur Lúkasar eða Matteusar fyrir breytingunni¹⁴³.

Í hinum tilfellunum tveimur er Markús heimildin. Í Lúk 11.30 segir: „Því Jónas varð Nínívemönnum tákn og eins mun Mannssonurinn verða þessari kynslóð.“ Þar hefur Lúkas tekið þá ákvörðun að nota mannsönarheitið þótt hvorki Markús (Mrk 8.12) né Matteus (Matt 16.4) geri það. Á þriðja staðnum (Lúk 9.22, // Matt 16.21 og Mrk 8.31) er Lúkas trúur Markúsi. Þar hefur Matteus því sett mannsönarheitið inn.

Ekki er hægt að greina að orðasambandið ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου hafi apókalyptíska merkingu umfram aðra í Lúkasarguðspjalli. Eini staðurinn þar sem finna mætti tilvitnun í Daníelsbók er Lúk 21.27: „Þá munu menn sjá Mannssoninn koma í skýi með mætti og mikilli dýrð.“ Bent hefur verið á að orðalagið þar er undarlega ólíkt því sem finna má í Dan 7.13 og vísun Matteusar í þann ritningarstað. Í fyrsta lagi hefur hann orðið „ský“ í

¹⁴⁰ Ibid, s. 117.

¹⁴¹ Ibid, s. 181.

¹⁴² Borsch, *Christian and Gnostic Son of Man* 1970, s. 27.

¹⁴³ Hare, *Son of Man* 1990, s. 55.

eintölu, νεφέλη, þar sem bæði Matteus og Daníel hafa fleirtölu, τῶν νεφελῶν. Í öðru lagi talar hann bara um „ský“ en ekki „ský himins“ eins og Matteus (Matt 24.30) og Daníel gera, τῶν νεφελῶν τοῦ οὐρανοῦ. Loks notar Lúkas forsetninguna ἐν, á meðan Matteus notar forsetninguna ἐπὶ en í Dan 7.13 stendur μετὰ.

Með tilliti til Messíasarleyndarinnar er mannssonarheitið þó greinilega ekki Messíasartitill í Lúkasarguðspjalli. Eins og Matteus virðist Lúkas því aðeins líta á mannssonarheitið sem annað heiti persónunnar Jesú frá Nasaret. Ekki er hægt að sjá að það sé notað í ákveðnu kristfræðilegu eða eskatólógísku samhengi. Það bendir á Jesú án þess að segja neitt um hann¹⁴⁴.

Hvað Markúsarguðspjall varðar þá er Messíasarleyndin einmitt eitt helsta stíleinkenni þess. Hvergi í samstofnaguðspjöllunum er hún eins áberandi í uppbyggingu frásagnarinnar¹⁴⁵. Ljóst er að Markús lítur ekki heldur á mannssonarheitið sem Messíasartitill, Mrk 2.10 tekur af allan vafa um það. Sú tilgáta hefur verið sett fram að efnið í Markúsarguðspjalli 2.1-3.6 hafi verið fengið úr annarri hefð og því sé notkunin á hugtakinu þar á skjön við frásagnartækni ritsins að öðru leyti. En jafnvel þótt efnið væri upprunnið annars staðar og fellt inn í guðspjallið eftir á, er óhugsandi að titlar á borð við „Kristur“ eða „Sonur Guðs“ hefðu fengið að standa óbreyttir þarna þótt þeir hefðu staðið þar í hefðinni. Hinn arameískumælandi höfundur guðspjallsins lítur því einfaldlega ekki á Mannssonarheitið sem samheiti þeirra, ekki frekar en Matteus og Lúkas¹⁴⁶.

Að þessu sögðu má ljóst vera að annað hvort hafði Bultmann rétt fyrir sér og það ótrúlega gerðist að allir fjórir guðspjallamennirnir „misskildu“ mannssonarheitið eða það hafði einfaldlega ekki þessa eskatólógísku merkingu fyrir ritunartíma samstofnaguðspjallanna sem Bultmann vill gefa því. Ef um misskilning hefði verið að ræða mætti sennilega ganga út frá því sem vísu að einhver hlyti að hafa verið í aðstöðu til að „leiðrétta“ hann og ekki látið hjá líða að gera það¹⁴⁷. Hinn sögulegi Jesús starfaði ekki beint í kyrrþey. Vitni voru að ræðum hans og fólk með góða þekkingu á arameísku og grísku, að ógleymdum menningar- og tákneimi gyðing-hellenísks samfélags á fyrstu öldinni, eins og hlýtur að mega gefa sér að eigi við um höfunda guðspjallanna,

¹⁴⁴ Ibid, s. 78.

¹⁴⁵ James D. G. Dunn, „The Messianic Secret in Mark“ 1974, s. 116.

¹⁴⁶ Hare, *Son of Man* 1990, s. 185 – 186.

¹⁴⁷ Borsch, *Son of Man* 1967, s. 24.

hlýtur að hafa skilið hvað Jesús átti við þegar hann kallaði sig Mannssoninn. Ástæða þess að það er ekki útskýrt í guðspjöllunum hlýtur að vera sú sama og fyrir því að píslarsöguna vantar í Q; það var ekki til siðs að eyða orðum í það sem sagði sig sjálf.

Elstu og „áreiðanlegustu“ mannsónartextarnir, þeir sem rekja má til elstu útgáfunnar af Q, fjalla ekki um mannsóninn sem á efsta degi kemur í skýjum til að dæma lifendur og dauða. Þar má miklu frekar greina hinn jarðneska mannsón¹⁴⁸, þann sem á hvergi höfði að að halla, étur og drekkur, er herra hvíldardagsins en ekki öfugt og „heimskinginn“ dæmir af félagsskapnum sem hann umgengst því hann er blindaður af „hégóma og eftirsókn eftir vindi“ ólíkt „börnum spekinnar“. Hinn upphaflegi mannsónur virðist því mun skyldari spekinni en verunni í mannsmynd sem gegnir hlutverki dómarans í Daníelsbók, eða eins og bandaríski guðfræðingurinn R. G. Hamerton Kelly orðar það: „'Son of Man' therefore seems to be a designation for Jesus as the final, but rejected, envoy of Wisdom.“¹⁴⁹

XIII. Elía og aðrir mannsónarkandídatar

Á einhverju stigi þróunarinnar fer Mannsónurinn að tengjast apókalyptík og hugmyndum um endurkomuna. Af þeim sökum er ekki hægt að segja skilið við guðspjöllin í þessu samhengi án þess að fara nokkrum orðum um spámanninn Elía, svo oft sem hann kemur við sögu, ekki síst í tengslum endurkomuna og hina hinstu tíma.

Ekkert spádómsrit er kennt við Elía en þó var hann einn mikilvægasti spámaður Gamla testamentisins. Grunntextinn sem greinir frá starfi og boðun Elía er í 17.-19. kafla og 21. kafla Fyrri Konungabókar. Í Septúagintu er 21. kaflinn hafður í beinu framhaldi af hinum þremur, en það er m.a. talið til marks um að þar sé um að ræða sjálfstæða textahefð sem felld hafi verið inn í hina devterónómísku frásögn bókarinnar. Textarannsóknir þykja hafa sýnt að í þessum köflum sé orðfærið og guðfræðin að ýmsu leyti í mótsögn við það sem gerist annars staðar í ritinu¹⁵⁰.

Elía á að hafa komið fram á 9. öld f.Kr. þegar trú ættfeðranna var í mikilli hættu vegna fönískra áhrifa. Á þeim tíma voru Föníkíumenn á hátindi veldis síns, en höfuðborg þeirra var Týrus. Hafði konungur Norðurríkisins tekið sér föníska eiginkonu,

¹⁴⁸ Kloppenborg Verbin, *Excavating Q* 2000, s. 389.

¹⁴⁹ Hamerton-Kelly, *Pre-existence, Wisdom and the Son of Man* 1973, s. 35.

¹⁵⁰ Anderson, *Living World* 1988, s. 271

Jesebel að nafni. Eins og fram hefur komið hafði fönískt hug- og verkvit verið grundvöllur musterissmíðarinnar u.þ.b. einni öld áður. Látið er líta svo út að Jesebel hafi einsett sér að ráða niðurlögum Jahve-trúarinnar og Elía einkum staðið í vegi fyrir þeim áformum. Í því sambandi er rétt að áréttta að ekki var óalgengt á þessum tíma að ríki tryggðu frið við voldug grannríki með því einmitt að tileinka sér trúariðkun þeirra¹⁵¹.

Elía er getið alloft í guðspjöllunum, oftast hjá Markúsi en sjaldnast hjá Jóhannesi¹⁵². Sérstaða Elía var ekki síst í því fólgin að hann „dó“ ekki í hefðbundnum skilningi heldur var hann numinn á brott af eldvagni (2 Kon 2.11). Hann átti því auðveldara með að „snúa aftur“ en flestir aðrir. Í Spádómsbók Malakís segir Guð: „Sjá, ég sendi Elía spámann til ykkar áður en hinn mikli og ógurlegi dagur Drottins kemur. Hann mun sætta feður við syni og syni við feður svo að ég verði ekki að helga landið banni þegar ég kem“ (2.23-24). Fyrir vikið var persóna Elía nátengd eskatólógískum væntingum þjóðarinnar, hann átti jú að snúa aftur fyrir hina hinstu daga.

Það þarf því ekki að undra að í hinu apókalyptíska andrúmslofti fyrstu aldarinnar hafi fólk verið að svipast um eftir Elía og jafnvel greint hann í ýmsum persónum. Þar komu Jóhannes skírari og Jesús frá Nasaret einna helst til greina. Fjöldi ritningarstaða vitnar um það að Elía hafi verið vænst í slíku samhengi. Frásögnin í innleiðingunni að straumhvörfunum, sem játning Péturs markar, er nánast samhljóða í öllum samstofnaguðspjöllunum. Jesús spyr lærisveinana: „Hvern segja menn mig vera?“ Þeir svöruðu honum: „Jóhannes skírara, aðrir Elía og aðrir einn af spámönnum“ (Mrk. 8.27-28, // Lúk 9.18-19, Matt 16.13). Eini markverði munurinn á orðfærinu er sá að í hliðstæðunni hjá Matteusi er mannsönnarheitið notað: „Hvern segja menn Mannssoninn vera?“

Í Jóhannesarguðspjalli er Jóhannes skírari spurður að því berum orðum hvort hann sé Elía og neitar hann því (Jóh 1.21-22). Ýmsir ritningarstaðir samstofnaguðspjallanna taka á hinn bóginn af allan vafa um að samkvæmt þeim var Jóhannes Elía (Matt 11.14, 17.10-13, Mrk 11.13). Í Lúkasarguðspjalli segir engill við Sakaríu, föður Jóhannesar skírara, að sonur hans muni ganga fram „í anda og krafti Elía til að snúa hjörtum feðra til barna sinna og gefa óhlýðnum réttlátt hugarfar og búa Drottni altygjaðan lýð“ (Lúk 1.17). Ritningarstaðurinn bergmálar þannig spádómsorð Malakís. Aftur á móti virðast höfundar samstofnaguðspjallanna ekki hafa skilið Malakí þannig að Elía myndi snúa

¹⁵¹ Ibid, s. 272.

¹⁵² Matt 11.14, 16.14, 17.3-4, 17.10-12. Mrk 6.15, 8.28, 9.4-5, 9.11-13, 15.35-36. Lúk 1.17, 4.25-26, 9.5, 9.19, 9.30-33. Jóh 1.21, 1.24.

aftur í eldvagni eða skýjum himins í eigin persónu, heldur myndi hann annað hvort endurfæðast sem annar maður eða jafnvel að síðari tíma einstaklingur gæti gengist undir hið eskatológíska hlutverk sem Elía var ætlað og þar með „orðið“ hann¹⁵³.

Þegar lærisveinarnir spyrja Jesú hvort Elía muni koma aftur eins og spáð sé svarar hann: „Elía er þegar kominn og menn þekktu hann ekki heldur gerðu honum allt sem þeir vildu. Eins munu þeir láta Mannssoninn þola þíslir.“ (Matt 17.12, // Mrk 9.13). Í Markúsarguðspjalli segir hann að ritað hafi verið um örlög hans sjálfs eins og Elía/Jóhannesar (Mrk 9.12-13). Þannig er dauða Jóhannesar stillt upp sem fyrirboða um óhjákvæmileg örlög Jesú.

Margt í frásögn guðspjallanna bendir eindregið til þess að höfundar þeirra hafi meðvitað reynt að draga fram hliðstæður á milli Elía og Jóhannesar skírara. Báðir koma þeir fyrir sjónir eins og hálfgerðir villimenn utan úr auðninni. Í Síðari Konungabók er klæðnaði Elía lýst þannig að hann hafi verið í skinnfeldi og gyrtur leðurbelti um lendar sér (2 Kon 1.18). Jóhannes bar klæði úr úlfaldahári og hafði leðurbelti um lendar sér (Matt 3.4, Mrk 1.6). Örlög þeirra hefðu líka getað orðið svipuð. Báðir eiga í útistöðum við eiginkonu valdhafa sem virðist vera ráðandi aðilinn í sambandinu, Jesebel og Heródías. Það er hún sem leggur á ráðin um dauða spámansins¹⁵⁴ (Mrk 6.19 og 1 Kon 19.2).

Ýmislegt í fari Jesú, einkum kraftaverk hans, á sér líka hliðstæður við Elía. Eins og Elía reisir Jesús látna upp frá dauðum og mettar með undursamlegum hætti, hvort tveggja athafnir sem heyra undir hinn „litúrgíska“ son Mannsins sem fjallað hefur verið um. Köllun lærisveinanna (Matt 8.21-22, Lúk 9.59-60) líkir eftir köllun Elísa (1 Kon 19.19-21). Uppstigningu Jesú (Post 1.8) svipar til þess þegar Elía er upp numinn¹⁵⁵ (2 Kon 2.9-12). Aftur á móti er afstaða Jesú og Elía til óvina sinna gerólík. Jesús fyrirgaf sínum og mælti jafnvel svo fyrir um að menn skyldu elska óvini sína (Matt 5.44, Lúk 6.27) á meðan Elía hikar ekki við að ganga á milli bols og höfuðs á sínum (1 Kon 18.40).

Markverðustu textarnir sem varða Elía eru þó sennilega frásagnirnar af ummynduninni á fjallinu (Matt 17.1-9, Mrk 9.2-9, Lúk 9.28-36). Þar hittir Jesús þá Elía og Móse fyrir og verður ljómandi eins og sól. Móse stendur þar sem holdgervingur lögmálsins,

¹⁵³ Borsch, *Son of Man* 1967, s. 373.

¹⁵⁴ Porter, *Jesus Christ* 1999, s. 105.

¹⁵⁵ *Ibid*, s. 133.

Tórunnar, og Elía er fulltrúi spámanna. Þetta voru „stoðirnar tvær“ sem gyðingdómurinn hvíldi á (sbr. Matt 7.12). Fjallið var staðurinn þar sem konungurinn fæddist og þarna er frásögninni því ætlað að sýna Jesú taka við „keflinu“ af þeim, hinu trúarlega leiðtogahlutverki. Aftur hljómar rödd af himni sem segir: „Þetta er sonur minn sem ég hef útvalið, hlýðið á hann!“ Allt endurómar þetta krýningarsálminn, Sálm 2.6-7.

Elía var þó ekki eini mannsónarkandidatinn í gyðinglegri apókalyptík. Þannig var því t.a.m. trúað af sumum að bæði Barúk¹⁵⁶ og Esra¹⁵⁷ biðu einhver eskatólógísk hlutverk¹⁵⁸. Í Móse þóttu einnig allir helstu eiginleikar „Manns“, prests, konungs og spámanns sameinast í einni persónu. Bent hefur verið á að veldissprotinn, sem var táknum vald konungsins, hafi í raun verið dreginn af tákmyndinni um tré lífsins sem konungurinn varðveitti og var oft sýndur með í hendinni. Í framhaldi af því var til gyðingleg helgisögn um staf Móse sem tengdist þessu, en samkvæmt henni hafði stafurinn gengið allt frá Adam, hinum fyrsta manni, í gegn um Set og Nóa til Móse, afkomanda hans¹⁵⁹.

Set var þriðji sonur Adams og Evu. Hann er eina afkvæmi þeirra fyrir utan Kaín og Abel sem er nafngreint. Í Fyrstu Mósebók segir: „Adam var hundrað og þrjátíu ára er hann gat son líkan sér, eftir sinni mynd, og nefndi hann Set“ (1 Mós 5.3). Þarna svipar orðfærinu óneitanlega til sköpunar mannsins (1 Mós 1.26). Þar sem Set var sonur Adams, bókstaflega *ben adam*, fékk þessa einkunn og var eini nafngreindi afkomandi hans sem ekki var morðingi eða myrtur, var kannski eðlilegt að um hann myndaðist einnig einhvers konar mannsónar-helgisögn. Set var talinn forfaðir Nóa og þar af leiðandi allra réttláttra manna.

Elía er alls ekki einn um að „hverfa“ með undursamlegum hætti. Í Henoksbókinni er greint frá því að persóna sé numin á brott og gerð að Mannssyni. Í hinni apókrýfu Speki Salómóns, sem rituð er á grísku á fyrstu öldinni f.Kr. og er sennilega upprunnin í Alexandríu, segir frá réttlátum manni sem var „þekkur Guði og elskaður af honum.“ Hann deyr og fær þannig að „losna fljótt frá illskunni“. Hann er „hrifinn brott til þess að illskan spillti ekki skilningi hans“. En hinn „réttláti, sem dáinn er, mun dæma þá

¹⁵⁶ Barúk Neríason var samkvæmt hefðinni ritari spámansins Jeremía. Hin apókrýfa Barúksbók er eignuð honum.

¹⁵⁷ Esra, sá sem Esrabók Gamla testamentisins er kennd við, var sennilega uppi á 6. öld f.Kr. Esrabók er framhald Króníkubókanna og upphaflega var hún og Nehemíabók sama ritið, sem síðar var klofið í tvennt. Ritið er skrifað bæði á hebresku og arameísku.

¹⁵⁸ Kloppenborg Verbin, *Excavating Q* 2000, s. 377.

¹⁵⁹ Borsch, *Son of Man* 1967, s. 98 – 99.

óguðlegu sem á lífi eru“ (SSal 4.10-16). Þessar hugmyndir sem lifandi hafa verið í huga fólks á fyrstu öldinni kunna að útskýra af hverju Q leggur enga sérstaka áherslu á hjálpræðisgildi dauða og upprisu Jesú, heldur fremur á endurkomu hans í skýjum sem Mannssonarins sem dæmir lifendur og dauða. Í þeim textum, sem til eru um þetta efni, hefur hinn fyrirsjáanlegi og óhjákvæmlegi dauði spámannsins ekkert hjálpræðisgildi í sjálfum sér, heldur er það upphafning spámannsins og réttlætning á efsta degi sem er höfuðatriði¹⁶⁰.

Tilvísanirnar í Elía í Nýja testamentinu gegna auðvitað fyrst og fremst því hlutverki að sýna og sanna fyrir frumlesendum þess að spádómar Gamla testamentisins um það sem koma skyldi á hinum efstu dögum hafi ræst í lífi, starfi og dauða Jesú frá Nasaret. Þær hafa verið nauðsynlegar til að ávarpa og afgreiða væntingar fólks um eskatólógískt hlutverk Elía. En jafnframt leiða þær í ljós að væntingar fyrstu aldarinnar um óverðskuldaða þjáningu og dauða, uppreisn, upphafningu og loks, á efsta degi, hinn endanlega lokadóm hins réttláta og fullkomna manns, sem líða skyldi fyrir syndir heimsins, eiga sér djúpar rætur í gyðinglegri spekihefð.

XIV. Mannssonurinn og Páll postuli

Orðasambandið *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου* kemur aldrei fyrir í bréfum Páls postula, það einskorðast við Jesúhefðina. Þrátt fyrir það hafa fræðimenn greint ýmiss konar „mannssonar-hugmyndafræði“ í bréfum hans. Er þar einkum stuðst við tal hans um fortilveruna og endurkomuna, hvort tveggja óaðskiljanlega hluta mannssonarhugmyndanna.

Einna næst orðasambandinu sjálfu hafa menn þóst komast í öðrum kafla Filíppíbréfsins, sem talið er yngst raunverulegra Pálsbréfa Nýja testamentisins. Þar notar Páll sálm sem að öllum líkindum á rætur í tímanum fyrir kristni og er talinn vera þýðing á arameískum sálmi sem nú er glataður. Þar segir: „Hann svipti sig öllu, tók á sig þjóns mynd og varð mönnum líkur (*ὁμοιωμάτι ἀνθρώπων*)“ (Fil 2.7). Afar freistandi er að bera þetta fyrst saman við þýðingu Septúagintu á arameíska orðasambandinu *kibar enasha* í Dan 7.13, *ὡς υἱὸς ἀνθρώπου* („áþekkur mannssyni“) og síðan við ritningarstaðinn sem Dan 7.13 bergmálar, sýnina í Esk 1.26, þar sem Septúaginta segir

¹⁶⁰ Ibid, s. 378.

að „einhver sem virtist vera í mannsmynd“ sé ὁμοίωμα ὡς εἶδος ἀνθρώπου. Tungutakið er af nákvæmlega sama toga. Þótt vissulega sé varhugavert að draga miklar ályktanir af „afturábak-þýðingum“ af þessu tagi er ekki annað hægt en að gera því skóna að arameíska orðasambandið *kibar enasha* liggja að baki ὁμοιώματι ἀνθρώπων í Fil 2.7.

Í fimmtánda kafla Fyrra Korintubrúfs vitnar Páll í Sálmi 8.7: „Allt hefur hann lagt undir fætur honum“ (1 Kor 15.27). Þar er einmitt „Mannssonar-sálmur“ á ferðinni. Sá sem fær allt lagt undir fætur sína er „sonur manns“¹⁶¹, υἱὸς ἀνθρώπου (án greinis) skv. Septúagintu. Hafi Páll ekki hugsað um Jesú sem Mannssoninn í þessu samhengi, hví hefði hann þá, af öllum textum ritningarinnar, átt að velja einmitt þennan til að færa rök fyrir veldi og dýrð Krists? Guðfræðingurinn A. M. Hunter gengur svo langt að segja að þarna sé Páll beinlínis kominn með mannssonarheitið fram á varirnar¹⁶².

Myndin af fortilverunni virðist óskýr í fyrstu bréfum Páls, þ.e.a.s. fortilveru Krists fyrir fæðingu hans. Lítil vafi virðist leika á tilveru hans á himnum eftir upprisuna fram að hinum efsta degi. Fyrra Þessalóníkubrúf er talið elst hinna raunverulegu Pálsbrúfa. Í Fyrra Þessalóníkubrúfi segir: „Allir segja frá því á hvern hátt ég kom til ykkar og hvernig þið sneruð ykkur til Guðs frá skurðgoðunum til þess að þjóna lifandi og sönnum Guði, og hvernig þið væntið nú sonar hans, frá himnum, Jesú, sem Guð vakti upp frá dauðum og mun frelsa okkur frá hinni komandi reiði“ (1 Þess 1.9-10). Út frá þessum ritningarstað í Fyrra Þessalóníkubrúfi fullyrðir R. G. Hamerton-Kelly einmitt að hin fyrsta kristna guðfræði hafi stuðst við gyðinglega apókalyptík, þar sem tilvist á himnum er til staðar fyrir hina eskatológísku opinberun. Sömu kristfræði segir Hamerton-Kelly vera á bak við ritningarstaðinn í Síðara Þessalóníkubrúfi þar sem segir: „Þá mun lögleysinginn opinberast en Drottinn Jesús mun koma og birtast, tortíma honum með anda munns síns og gera hann að engu“ (2 Þess 2.8). Hann telur að þarna sé hinn upprisni tilgreindur sem hinn eskatológíski Mannssonur hinnar apókrýfu 4. Esrabókar, sem „geymdur hafi verið um aldir“¹⁶³. Sé svo hlýtur fortilvera hans fyrir fæðinguna einnig að liggja til grundvallar. Hamerton-Kelly bendir að vísu á að þar sem almennt sé

¹⁶¹ Þýtt sem „mannsins barn“ 2007.

¹⁶² „The title Son of Man trembles on Paul's lips.“ Borsch, *Son of Man* 1967, s. 243.

¹⁶³ Sjá neðanmálsgrein nr. 78.

véfennt að Páll sé höfundur Síðara Þessalóníkuþréfs sé varhugavert að ritskýra 1 Þess 1.9-10 út frá 2 Þess 2.8¹⁶⁴.

Þegar á líður verður útfærsla Páls á hugmyndum tengdum Mannssyninum þó skýrari, einkum með Adams-mótífinu. Í Fyrri Korintubrési 15.45-49 segir: „Þannig er og ritað: „Hinn fyrsti maður, Adam, varð lifandi sál, hinn síðari Adam lifgandi andi. En hið andlega kemur ekki fyrst heldur hið jarðneska, því næst hið andlega. Hinn fyrsti maður er frá jörðu, jarðneskur, hinn annar maður er frá himni. Eins og hinn jarðneski var, þannig eru og hinir jarðnesku og eins og hinn himneski, þannig eru og hinir himnesku. Og eins og við höfum borið mynd hins jarðneska munum við einnig bera mynd hins himneska.“ Þarna leggur Páll áherslu á að sá sem varð „lifandi sál“ (ψυχὴ ζῶσα) hafi verið „hinn fyrsti maður“ (ὁ πρῶτος ἄνθρωπος) og nafn hans Adam. Ritningarstaðurinn sem Páll vitnar þarna í er Fyrstu Mósebók 2.5: „Þá mótaði Drottinn Guð manninn af moldu jarðar og blés lífsanda í nasir hans. Þannig varð maðurinn lifandi vera.“ Á eftir þessum fyrsta manni kemur síðan „hinn síðari Adam“ (ὁ ἔσχατος Ἄδὰμ). Sá fyrri er jarðneskur, en „hinn annar maður er frá himni“ (ὁ δεύτερος ἄνθρωπος ἐξ οὐρανοῦ) sem bendir til fortilveru hans þar fyrir opinberun hans á jörðu¹⁶⁵. Hugmyndin um „Manninn“ (*adam*) og „son Mannsins“ (*ben adam*), sem kemur og friðþægir fyrir þann fyrri með þjáningu sinni, dauða og upprisu til að taka við hlutverki hans og tryggja velsæld lýðsins, gengur aftur ljósum logum í þessum texta¹⁶⁶.

Adams-myndin er ítrekað dregin upp í textum Páls. Í Síðara Korintubrési 4.4 segir um Krist að hann sé „mynd Guðs“ (εἰκὼν τοῦ θεοῦ). Í Rómverjabréfinu 8.29 er þessu sama stefi brugðið aftur upp: „Þau sem hann þekkti fyrir fram hefur hann og fyrirhugað til þess að mótast eftir mynd sonar síns (τῆς εἰκόνοσ τοῦ υἱοῦ αὐτοῦ) svo að hann sé frumburður meðal margra systkina.“ Þarna er „mynd sonarins“ ítrekun á syninum sem „mynd Guðs“ sem enn endurspeglar myndina sem við berum af hinum fyrsta manni, sbr. 1 Kor 15.49. Í öllum þessum textum er orðið „mynd“ augljóslega þrungið merkingu og vísar hástöfum til sköpunar mannsins (*adam*) sem Guð segir vera „eftir vorri mynd“ (κατ' εἰκόνα ἡμετέρων) í 1 Mós 1.26. Ítarlegustu útlistunina á Adams-mótífinu er sennilega að finna í Róverjabréfinu 5.12-18. Niðurlag textans er á þessa leið: „Allir urðu

¹⁶⁴ Hamerton-Kelly, *Pre-existence, Wisdom and the Son of Man* 1973, s. 104 – 105.

¹⁶⁵ *Ibid*, s. 133.

¹⁶⁶ Pannenberg, *Jesus – God and Man* 1968, s. 198 – 199.

syndarar vegna óhlýðni eins manns. Eins verða allir lýstir sýknir saka vegna hlýðni hins eina“ (Róm 5.19).

Þýski guðfræðingurinn Wolfhart Pannenberg (f. 1928) bendir á tengsl Adams-mótífs Páls við Mannsson Daniëlsbókar. Hann segir útfærslu Páls að vissu leyti endurtaka tákmyndina úr Daniëlsbók 7.13 um hið komandi ríki Guðs í mannsmynd, þ.e. mynd „áþekkri manssyni“. Hann segir að Páll kynni þarna til sögunnar nýja túlkun þeirrar hugmyndar, túlkun sem feli í sér að raunveruleiki „hins nýja manns“ hafi hafist með upprisu Krists. Adam og Kristur eru hliðstæður með öfugum formerkjum. Undirgefni Jesú við Guðs vilja og upprisa hans sýnir andstæðuna við hinn fyrri Adam. Raungerving hins síðasta Adams mun hafa áhrif á alla komandi menn á sama hátt og hinn fyrsti maður ofurseldi alla sem fylgdu í kjölfarið synd og dauða með breytni sinni.

Í textanum í fimmta kafla Rómverjabréfsins má greina rabbínsk áhrif á frumkristna notkun orðanna Ἀδὰμ og ἄνθρωπος að mati W. D. Davies¹⁶⁷. Kristfræðilega endurtúlkun viðeigandi hefða af þessum toga segir Pannenberg víða mega greina í Nýja testamentinu og nefnir hann einmitt sérstaklega til sögunnar hugmynd Páls um Jesú sem mynd Guðs. Kristfræðilega túlkun Jóhannesarguðspjalls á λόγος hugmyndinni segir hann hugsanlega einnig flokkast undir þetta. Um samband Adams-mótífs Páls við Mannssoninn segir hann:

„The connection ... between this concept and the figure of the Son of Man, which was important for Jesus' message and for the earliest Christology, shows that the understanding of Jesus as the eschatological man was by no means merely a peripheral concept in primitive Christianity.“¹⁶⁸

Stóra spurningin er því líklega ekki hvort Páll hafi þekkt til „Mannssonarins“, heldur af hverju hann notar aldrei orðasambandið ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου í því samhengi þar sem það hefði legið í augum uppi. Segja má að svarið við þeirri spurningu hafi þegar komið fram. Orðasambandið er ógrískulegt, það er „barbarismi“. Móðurmál Páls var gríska, hann hlaut klassíska gríska menntun í mælskufræði og hann prédikaði fagnaðarerið í dreifingunni „meðal heiðingjanna“ (Gal 1.15). Það má því gefa sér að

¹⁶⁷ Borsch, *Son of Man* 1967, s. 245.

¹⁶⁸ Pannenberg, *Jesus – God and Man* 1968, s. 201.

orðasambandið $\acute{o} \upsilon\acute{\iota}\acute{o}\varsigma \tau\omicron\upsilon \acute{\alpha}\nu\theta\rho\acute{\omega}\pi\omicron\upsilon$ hafi alls ekki verið honum tamt og sennilega hefði það hljómað ankanalega í eyrum hans sem titill. Hugtakið er „semitismi“, en lítið örlar á semískum áhrifum í málfari Páls postula. Að öllum líkindum þekkti hann hugtakið einfaldlega ekki.

Bréf Páls eru elstu rit Nýja testamentisins sem varðveitt eru í upprunalegri mynd – aðeins Q-1 hlutar samstofnaguðspjallanna kynnu að vera eldri. Reikna má með því að um svipað leyti og hann var að skrifa söfnuðunum, mestanpart í Litlu-Asíu og Grikklandi, hafi ritið Q verið að taka á sig mynd fyrir botni Miðjarðarhafsins og hugtakið $\acute{o} \upsilon\acute{\iota}\acute{o}\varsigma \tau\omicron\upsilon \acute{\alpha}\nu\theta\rho\acute{\omega}\pi\omicron\upsilon$, í þeirri merkingu sem það hefur í samstofnaguðspjöllunum, þar með verið að líta dagsins ljós. Mannssonarheitið var því ekki farið í dreifingu þegar Páll sat við skrif. Af þeim sökum greip hann til annarra aðferða til að miðla útlistun sinni á hugmyndinni um hinn eskatológíska endurlausnara. Hann hefur vitað að þar á bak við lægi annað hvort hebreskan *ben adam* eða arameískan *bar (e)nash(a)*, en ekki dottið í hug að þýða það orðrétt á grísku þótt hann væri að fást við hugmyndina. Jafnvel þótt hann hefði þekkt til orðasambandsins hefði hann ekki haft neina ástæðu til að ætla að viðtakendur bréfanna skildu það. Þess vegna kýs hann að tala um „hinn síðari Adam“, $\acute{o} \acute{\epsilon}\sigma\chi\alpha\tau\omicron\varsigma \acute{A}\delta\acute{\alpha}\mu$, eða „hinn annan mann“, $\acute{o} \delta\epsilon\acute{\upsilon}\tau\epsilon\rho\omicron\varsigma \acute{\alpha}\nu\theta\rho\omega\pi\omicron\varsigma$, þar sem guðspjallamennirnir hefðu líklega notað mannssonarheitið. Útlegging Páls á þeim hugmyndum kynni að vera útskýringin á mannssonarhugtakinu sem vantar í guðspjöllin. Vegna þess hverjir viðtakendur guðspjallanna voru og hvenær þau voru rituð var hún óþörf þar. Útskýringarinnar var á hinn bóginn þörf hjá Páli, en hann þekkti ekki hugtakið sjálf.

XV. Mannssonurinn og frumkirkjan

Frumkirkjan virðist leggja afar lítið upp úr mannssonarheitinu, það er því sem næst ósýnilegt í fyrstu ritum kristinna manna. Sjálfst orðasambandið $\acute{o} \upsilon\acute{\iota}\acute{o}\varsigma \tau\omicron\upsilon \acute{\alpha}\nu\theta\rho\acute{\omega}\pi\omicron\upsilon$ sést afar sjaldan í nokkrum kristnum ritum frá fyrstu öldum okkar tímatafs. Það kemur aðeins einu sinni eða tvisvar sinnum fyrir í skrifum fyrstu postulafeðranna og þá einvörðungu til að leggja áherslu á mannlegt eðli frelsarans¹⁶⁹. Hvergi vitna þeir í mannssonartexta guðspjallanna með mannssonarheitinu og þaðan af síður sést það notað

¹⁶⁹ Borsch, *Son of Man* 1967, s. 19.

þegar skírskotað er til Dan 7.13. Aðrir titlar, s.s. Kristur (Messías), Sonur Guðs, Drottinn (κύριος), Frelsari (σωτήρ) og Logos (λόγος), eru á hinn bóginn mjög algengir í þessum textum¹⁷⁰.

Þar sem hugtakið hverfur nánast strax úr hellenískri kristni geta Mannssonurinn og sonur Guðs orðið merkingarlegar andstæður, þar sem Mannssonurinn táknar mennsku Krists¹⁷¹. Á þann hátt er orðasambandið υἱὸς ἀνθρώπου (án greinis) notað í Barnabasarbréfi, apókrýfum texta sem ritaður hefur verið einhvern tímann á milli ársins 70 og 130 og hefur ýmist verið eignaður Barnabasi Postulasögunnar eða einum fyrsta kirkjuföðurnum, Barnabasi frá Alexandríu, sem uppi var á ritunartíma bréfsins. Þar segir: „Lítið Jesú, ekki son manns heldur son Guðs ...“ (οὐχί υἱὸς ἀνθρώπου ἀλλὰ υἱὸς θεοῦ). Þar sem orðasambandið stendur án greinis þarna er álitamál hvort um hið eiginlega mannssonarheiti sé að ræða. Það er ekki eins og þarna standi það sem titill eða sjálfsskilgreining Jesú. En jafnvel þótt svo væri þá á notkun þess í þessu samhengi ekkert skylt við þá sem blasir við í guðspjöllunum.

Í bréfi Ignatíusar kirkjuföður til Efesusmanna er notkun orðasambandsins nær hinni nýjatestamentislegu en hjá Barnabasi. Bréfið er skrifað á síðari hluta fyrstu aldarinnar. Þar lýsir Ignatíus Jesú þannig að hann hafi að holdi til verið af kyni Davíðs, sonur manns og sonur Guðs (τῷ υἱῷ ἀνθρώπου καὶ υἱῷ θεοῦ). Gera má því skóna að þarna sé Ignatíus undir áhrifum frá kristfræði Páls postula: „Sem maður er hann fæddur af kyni Davíðs (ἐκ σπέρματος Δαυὶδ κατὰ σάρκα)“ (Róm 1.3)¹⁷². Samt er dagljóst að Ignatíus notar orðasambandið ekki sem eiginlegan titil heldur sem mótvægi við guðssonarheitið til að árétta hið tvöfalda eðli Krists – rétt eins og gert er í Barnabasarbréfinu. Síðari hluti orðasambandsins, ἀνθρώπου, stendur þarna án greinis. Þannig vísar það ekki til „mannsins“ heldur „manns“ með mjög almennri skírskotun.

Þar með eru mannssonartextar fyrstu postulafeðranna upptaldir¹⁷³. Þessa fjarveru mannssonarheitisins er alls ekki hægt að rekja til skorts á eskatológískum áhuga hjá frumkirkjunni¹⁷⁴. Þvert á móti þá var apókalýptíkin allsráðandi þar. Þess vegna ætti að vera ljóst að mannssonarheitið hafi einfaldlega ekki tengst þeim fræðum sérstaklega, frekar en nokkrum öðrum í sjálfu sér. Í því sambandi má nefna að Tólfpostulakverið

¹⁷⁰ Borsch, *Christian and Gnostic Son of Man* 1970, s. 36 – 37.

¹⁷¹ Bultmann, *Theology* 1952, 1. bindi, s. 79 – 80.

¹⁷² Borsch, *Christian and Gnostic Son of Man* 1970, s. 37 – 38.

¹⁷³ Hare, *Son of Man* 1990, s. 43.

¹⁷⁴ *Ibid*, s. 78.

(*Didache*), enn ein apókrýfan frá lokum fyrstu aldarinnar eða upphafi þeirrar annarrar, endar á apókalyptískum texta þar sem mannssonarheitið kemur hvergi við sögu. Leiða mætti líkur að því að höfundar þess hljóti að hafa gert sér sérstakt far um að sneiða hjá mannssonarheitinu þegar jafnskýr vísun í Dan 7.13 og þar er að finna réttlætir ekki einu sinni notkun þess¹⁷⁵.

Nefna mætti fleiri dæmi þess að postulafeðurnir virði mannssonarheitið að vettugi þar sem notkun þess gæti virst liggja í augum uppi. Í Öðru Klemensarbréfi, sem talið er ritað af Klemens I páfa í Róm seint á fyrstu öldinni, er í tvígang vitnað í texta í Matteusarguðspjalli þar sem mannssonarheitið kemur ekki fyrir, Matt 9.13 og 12.32. Í hliðstæðum þeirra hjá Lúkasi, Lúk 19.10 og 12.8, er mannssonarheitið notað. Höfundurinn leyfir sér að verða fyrir áhrifum af textum héðan og þaðan í umfjöllun sinni um þessa texta, t.d frá Fyrra og Síðara Korintubrési og Fyrra Þessalóníkubrési¹⁷⁶.

Á annarri öldinni kemur síðan kirkjufaðirinn Jústínus píslarvottur fram á sjónarsviðið. Af frumkristnum höfundum er hann sá sem leggur einna gleggst út af mannssonarheitinu í skrifum sínum. Í Trúvörninni (*Apologies*), sem stíluð er á heiðingja (þ.e. ekki Gyðinga eða Gyðing-kristna) og er talin rituð um miðja aðra öldina, kemur heitið tvisvar fyrir, fyrst í tilvitnun í Dan 7.13 (I.51) og síðan með vísun í uppruna Jesú (I.54). Í Samræðum við Trýfon (*Dialogue with Trypho*) sem beint er til Gyðinga er notkun hans á mannssonarhugtakinu markvissari. Þar vitnar hann í Dan 7.13 til marks um væntanlega endurkomu Jesú í dýrð.

Aftur á móti er vafasamt að fullyrða að Jústínus noti mannssonarheitið þar sem dýrðartil. Hann notar það án greinis og með samtengingunni ὡς, þ.e.a.s. með orðréttri tilvitnun í gríska þýðingu Septúagintu á arameíska orðasambandinu *kibar enash* í Dan 7.13, „áþekkur mannssyni“¹⁷⁷. Þessu heldur hann til streitu ávallt þegar hann vitnar í veruna í spádómi Daníels og í þau tvö skipti þegar hann útlistar heitið. Hann talar ávallt um veruna sem „áþekka mannssyni“, ὡς υἱὸς ἀνθρώπου. Þegar hann vitnar í guðspjöllin notar hann á hinn bóginn mannssonarheitið með báðum greinunum, ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου¹⁷⁸. Helsta heimild hans virðist vera píslarspádómurinn í Markúsarguðspjalli 8.31 og hliðstæða hans í Lúkasarguðspjalli 9.22. Þarna er tilgangur Jústínusar

¹⁷⁵ Ibid, s. 44.

¹⁷⁶ Borsch, *Christian and Gnostic Son of Man* 1970, s. 42.

¹⁷⁷ Hare, *Son of Man* 1990, s. 33.

¹⁷⁸ Borsch, *Christian and Gnostic Son of Man* 1970, s. 43.

að sýna fram á að Jesús hafi verið spámaður sem gerði sér grein fyrir spádómunum um sjálfan sig og spáði fyrir um uppfyllingu þeirra¹⁷⁹. Mannssonarheitið sem slíkt hefur lítið vægi þar, það endurómar aðeins stöðu sína í frumheimildum hans.

Frederick H. Borsch segir ljóst að Jústínus hafi ekki skilið til fullnustu merkingu mannssonarheitisins¹⁸⁰ og Douglas R. A. Hare bætir því við að ekkert bendi til þess að hann hafi fyrst og fremst lítið á það sem apókalyptískan titil¹⁸¹. Þannig sést að þrátt fyrir tilraunir Jústínusar til að útskýra heitið með tilliti til mannlegs eðlis og uppruna Jesú þá gerir hann sér far um að sneiða hjá því undir vissum kringumstæðum. Kafli 49 í Samræðum við Tryfón er alfarið helgaður sambandinu á milli Elía, Jóhannesar skírara og Krists. Í guðspjöllunum er stanslaust talað um Mannssoninn þegar þessi hugmyndafræðilegu vensl ber á góma. Jústínus hunsar mannssonarheitið aftur á móti algerlega í kaflanum. Þrátt fyrir að hann styðjist við textann í sautjándka kafla Matteusarguðspjalls í málflutningi sínum þá sleppir hann því alveg að tilgreina Mannssoninn sem Matteus nefnir í þriggung í þeim kafla (Matt 17.9, 17.12 og 17.22)¹⁸².

Fleiri frumkristnar heimildir um mannssonarhugtak í einhverri mynd mætti nefna, en flestar eiga þær það sameiginlegt að skilningurinn á hugtakinu endurspeglar mannssonarheitið sem vísun til mennsku Krists, í stíl við útleggingu Jóhannesarguðspjalls á því. Tertúllíanus (160-230) og Gregoríus frá Nyssa (330-395) eru báðir þessu marki brenndir¹⁸³. Í Pétursguðspjalli, sem aðeins hefur varðveist í latneskri þýðingu en er hugsanlega ritað seint á annarri öldinni, þá sennilegast á grísku, er fjöldi spádóma sem tengjast Jesú. Þar er á einum stað vísað til Dan 7.13 án þess að orðasambandið beri á góma, með eða án greina, á nokkurn hátt annars staðar í ritinu¹⁸⁴. Í endursögn Evsebíusar frá Sesareu (263-339) á frásögn Hegesippusar (110-180) af píslarvættisdauða Jakobs, bróður Drottins, er Jakob sagður hafa nefnt Mannssoninn í andlátsorðum sínum. Setningin endurspeglar ræðu Stefáns píslarvotts í Postulasögunni 7.56 og er talin tilbúningur frá annarri öldinni. Engin önnur frásögn af dauða Jakobs er samhljóða henni¹⁸⁵.

¹⁷⁹ Ibid, s. 45.

¹⁸⁰ Ibid, s. 49.

¹⁸¹ Hare, *Son of Man* 1990, s. 34.

¹⁸² Borsch, *The Christian and Gnostic Son of Man* 1970, s. 47.

¹⁸³ Casey, *Solution* 2007, bls 2.

¹⁸⁴ Borsch, *Christian and Gnostic Son of Man* 1970, s. 54.

¹⁸⁵ Ibid, s. 50 – 52.

Besta dæmið um þessa þöggun mannsunarheitisins hjá frumkirkjunni kynni að vera fólgið í Opinberunarbók Péturs, apókrýfu riti sem sennilega er frá fyrri hluta annarrar aldarinnar. Í upphafskafli ritsins er augljóslega vitnað af miklum þrótti í ýmsa mannsunartexta guðspjallanna, s.s. Mrk 13.26, Matt 16.27, 24.27 og 24.30 og Lúk 9.26. Jafnaugljóst er að ritarinn hefur lagt lykkju á leið sína til að forðast að nota mannsunarheitið og á einum stað hefur hann beinlínis sett guðssonarheitið í stað þess. Síðar í ritinu er aftur að finna tungutak fengið beint upp úr þessum textum, auk mannsunartextans í Mrk 14.62, án þess að mannsunarheitinu bregði fyrir¹⁸⁶.

Fræðimönnum hefur reynst afar erfitt að gera grein fyrir þessum áberandi skorti á mannsunarheitinu í hinu tiltölulega mikla úrvali kristinna rita frá fyrstu öldum okkar tímatafs. Titillinn sem er lykilatriði í sjálfsskilgreiningu Jesú í öllum samstofna-guðspjöllunum og auk þess áberandi í Jóhannesarguðspjalli er vægast sagt furðulega fáséður í öllu þessu textamagni. Þótt Jesús hafi talað stanslaust um sjálfan sig sem Mannssoninn í öllum guðspjöllunum, ekki síst á mikilvægum tímamótum í starfi sínu, sýna fyrstu kirkjuféðurnir og kristnu höfundarnir titilinum engan áhuga. Í engum textaslitrum, sendibréfum, hómilíum né apókrýfum verkum sem þekkt eru frá fyrstu tveim öldunum, virðist mannsunarheitið skipta neinu sérstöku máli. Gildir þetta jafnt um þessa texta alla, óháð ritunartíma þeirra, landafræðilegum uppruna, menningarlegum bakgrunni og jafnvel guðfræðilegum áherslum¹⁸⁷.

Hvernig í ósköpunum getur staðið á þessu? Tvenns konar rök hafa einkum verið færð fyrir þessari undarlegu þróun. Að öllum líkindum gera hvorug þeirra fullnægjandi grein fyrir henni, þótt hvor tveggja eigi sennilega einhvern hlut að máli.

Þau fyrri byggja á þeirri staðreynd að Mannssonarhugtakið kemur mun oftár fyrir í gnóstískum ritum á annari öld en annars staðar. Á þessum tíma bar töluvert á gnóstískum hópum utan meginkristninnar sem lögðu ofuráhersla á veru sem nefnd var Anþrópos, þ.e. „Maður“. Írenaeus kirkjufaðir frá Lyon (130-202) og Hippólýtus frá Róm (170-236) greina báðir frá þessum söfnuðum. Í sambandi við himnaveruna Anþrópos var alloft minnst á aðra veru, sem gegndi hlutverki endurlausnara og nefndist Mannssonurinn. Flókin kosmólógía lá að baki þessum hugmyndum, sem jafnan eru kenndar við helsta upphafsmann þeirra, Valentíníus (100-160). Samkvæmt þeim var

¹⁸⁶ Ibid, s. 54 – 55.

¹⁸⁷ Ibid, s. 55.

frelsarinn, Mannssonurinn (υἱὸς ἀνθρώπου), sonur hins himneska Anþróposar og goðmagnsins (*syzygy*) Ekklesíu. Ennfremur eru svipaðar hugmyndir, kenndar við hina gnóstísku Ófíða (*Ophites*), teknar til ítarlegrar umfjöllunar í riti Írenaeusar „Gegn villutrú“ (*Adversus Haereses*)¹⁸⁸. Þessar gnóstísku hugmyndir voru víðtækari og náðu til fleiri hópa, en mannssonar-fræði þeirra byggði sjaldnast á mannssonartextum hinna kanónísku guðspjalla¹⁸⁹. Þess vegna má geta sér þess til að mannssonarheitið hafi verið „eyðilagt“ af þessum hópum og öðrum af sama toga, hálf- eða gervi-kristnum ef ekki beinlínis hundheiðnum. Notkun mannssonarheitisins kynni að hafa skapað afar óheppileg hugrenningatengsl við hópa, sem notuðu það í allt annarri merkingu um allt annars konar frelsara. Þessir hópar voru áberandi á þessum tíma og áttu í opinberum útistöðum við kristinn „rétttrúnað“.

Hin rökin eru á þá leið að mannssonarheitið hafi einfaldlega orðið úrelt eftir uppstigningu Jesú. Þá þurfti ekki lengur að segja söguna af Mannssyninum. Sagan af mannum sem lifði óaðfínanlegu lífi, var einlægur þjónn Guðs og stóðst freistinguna að misnota vald sitt sjálfum sér til framdráttar hafði átt sér stað. Hann mátti loks þola auðmýkingu, þjáningu og dauða til að færa lýðnum frelsi og velferð, en Guð reisti hann upp frá dauðum, gaf honum sigur og hóf hann upp til að sitja í dýrðarhásætinu sér við hlið þaðan sem hann mun koma aftur og dæma lifendur og dauða¹⁹⁰. Þetta er saga Mannssonarins og þetta er líka ævisaga Jesú frá Nasaret. Söguna af Mannssyninum þurfti að segja á meðan Jesús var á lífi og starfaði, af því að hún var ekki enn komin fram. Það þurfti að segja frá því að Mannssonurinn væri kominn og Jesús væri hann. Eftir upprisu Jesú var sagan aftur á móti orðin raungerð í sögu Jesú Krists. Fagnaðarerindið um hann var saga Mannssonarins.

XVI. Niðurstaða

Mannssonarheitið vísar ekki til mennsku Jesú Krists. Fráleitt er að ætla að hún hafi verið eitthvað þrætuepli meðal þeirra sem boðun Jesú frá Nasaret beindist að á starfstíma hans. Ekkert bendir til þess að hann hafi haft einhverja ástæðu til að hamra á henni með þessum hætti. Hellenísk hugsun rúmaði það alveg að sannur Guð gæti haft

¹⁸⁸ Ibid, s. 59 – 61.

¹⁸⁹ Ibid, s. 111.

¹⁹⁰ Borsch, *Son of Man* 1967, s. 402 – 403.

hold. Það er ekki fyrr en eðli frelsarans verður að guðfræðilegu álitamáli, áratugum eftir páskaatburðinn, að hugtakið er túlkað til skilgreiningar á mannlegu eðli hans. Þannig var hægt að sanna að hann hefði verið sannur maður jafnt og sannur Guð og „orþódox“ kristsfræði fékk biblíulega staðfestingu. Þetta var með öllu eðlileg útlekking, enda gefur strípuð samsetning orðasambandsins ærið tilefni til að skilja það á þennan hátt. Þessi túlkun er ævafor, jafnvel má ganga svo langt að segja að Mannssonur Jóhannesar-guðspjalls gefi henni ærlega undir fótinn. Hún er aftur á móti ekki upprunaleg.

Mannssonarheitið er ekki heldur röng þýðing á orðasambandi sem merkti manninn almennt. Vissulega opnar slíkur lestur merkingu ákveðinna ritningarstaða upp á gátt. Nefna mætti Matt 9.6 (// Mrk 2.10, Lúk 5.24.), Matt 12.8 (// Mrk 2.28, Lúk 6.5) og Matt 12.32 (// Lúk 12.10) sem dæmi um það. Slík túlkun gerbreytir að vísu guðfræði þeirra og merkingu: „Maðurinn almennt hefur vald á jörðu til að fyrirgefa syndir.“ „Maðurinn almennt er herra hvíldardagsins.“ Mun fleiri ritningarstaðir verða á hinn bóginn beinlínis ankanalegir við slíka túlkun. Gildir það ekki bara um eskatólógiska texta, „Maðurinn almennt kemur eins og elding sem leiftrar frá austri til vesturs“ (Matt 27.4) og píslarspádóma, „Maðurinn almennt á margt að líða“ (Lúk 9.22), heldur líka um þá texta sem telja má upprunalegasta, þ.e. vera komna beint úr fyrstu útgáfu Q, „Maðurinn almennt á hvergi höfði að að halla“ (Matt 8.20, Lúk 9.58). Sú tilgáta hlýtur því að falla um sjálfa sig.

Móðurmál hins sögulega Jesú var sennilega sýrlensk mállýska af arameískum meiði. Þess vegna kynni Jesús frá Nasaret að hafa kallað sjálfan sig *bar (e)nash(a)* eða eitthvað annað afar líkt því. Á fyrstu öldinni var ekki óþekkt að þannig væri talað um sjálfan sig, sjálfan sig ásamt tengdum hópi eða einhverja aðra manneskju af tilhlýðilegri auðmýkt og virðingu á arameísku. Fyrir slíkri málnotkun eru heimildir. Samhengið eitt mun hafa skorið úr um við hvern var átt. Aftur á móti er nánast ógjörningur að finna í þeirri hugsun heila brú að þýða þetta orðasamband bókstaflega og orðrétt yfir á grísku sem *ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου*. Slík orðanotkun hefði verið óskiljanleg eintyngdu grískumælandi fólki. Orðasambandið átti sér enga forsögu í almennu grísku málfari, er „ógrískulegt“ og merkingarlaust í sjálfu sér.

Guðspjöllin eru skrifuð á grísku fyrir grískumælandi lesendur og áheyrendur. Þótt móðurmál a.m.k. eins guðspjallamannsins, Markúsar, hafi verið arameíska er ekki hægt að finna því neinn stað í guðspjallinu að vald hans á grísku hafi verið svo aumt að hann

hefði látið frá sér fara slíka hryggðarþýðingu. Það myndi ekki heldur útskýra notkun hugtaksins í hinum guðspjöllunum. Móðurmál Krists ritningarinnar er á hinn bóginn gríska og móðurmál þeirra sem fagnaðarerindið beindist að, eða a.m.k. *lingua franca* umhverfisins, var gríska. Þess vegna hlýtur mannsunarheitið í Nýja testamentinu að eiga sér rætur í mannsunarartextum Septúagintu. Önnur textatengsl er ekki í boði.

Mannsonartexta Nýja testamentisins má greina í þrjá flokka eftir inntaki þeirra. Þegar að er gáð er enn fremur hægt að greina ólíkar uppsprettur hvers þessara flokka. Eins og Nýja testamentið sjálft virðist mannsunarheitið þannig eiga sér þróunarsögu og vera sett saman úr ýmsum áttum.

Elstu og áreiðanlegustu textarnir eru þeir sem ættaðir eru úr frumgerð ritsins sem nefnt hefur verið Q, þ.e. Q-1. Þar er á ferðinni jarðneskur Mannssonur sem er handhafi spekinnar líkt og hinir fornu konungar. Hann á hvergi höfði að að halla, er miskilinn, úthrópaður og hafnað. Mannssonurinn er þannig eins konar persónugervingur spekinnar, sem prédikar á götum úti en boðskapur hennar finnur hvergi skjól.

Um svipað leyti verður til annar Mannssonur í apókalyptísku andrúmslofti fyrstu aldarinnar. Jesúhópar í Norður-Galíleu hafa séð í verunni sem er „áþekk Mannssyni“ í Daniëlsbók eskatólógískan messíasarspádóm. Þar sem Jesús kallar sjálfan sig *bar (e)nash(a)* ber veran sem er áþekk Mannssyni, *kibar enash*, mynd Krists. Þessar tvær útlekkingar renna síðan áreynslulaust saman í meginendurskoðun Q-2. Ekki þurfti að koma til neinna árekstra á milli þessara tveggja ólíku útlistana á Mannssyninum. Engin þversögn var í því að Mannssonurinn sem sneri aftur á hinsta degi væri sá sem hafnað var í lifanda lífi. Slík vera átti sér stoð í gyðinglegri spekihefð. Hinn réttláti sem var misrétti beittur og snéri aftur á efsta degi til að útdeila réttlætinu var þekkt fyrirbæri í eskatólógískri hugmyndafræði gyðingdómsins. Hún var gjarnan tengd Elía spámanni, en ekki endilega. Rætur hennar liggja enn dýpra í semískri menningararfleifð frjósama hálfmánans. Hún kallast m.a. á við babýlónskar konungsdauða- og upprisuhátíðir.

Þess vegna fellur hinn líðandi Mannssonur Markúsarguðspjalls afar ljúflega að þeirri mynd sem Q-2 hafði dregið upp. Hún storkar engu sem þar er að finna eða skekkir nokkra mynd. Í raun bætir hinn líðandi Mannssonur aðeins þriðju víddinni við hugtakið. Segja má að hún lími saman hin jarðnesku og apókalyptísku hlutverk Mannssonarins og brúi bilið á milli þeirra. Hún bætir við þeirri vídd að píslir og dauði hins réttláta hafi endurlausnargildi í sjálfum sér.

Allt tengist þetta konungshlutverkinu. Konungurinn var handhafi spekinnar. Í konungsdauða- og upprisurítúalínu er hann hirtur og hafnað, hann sigrar dauða og djöful, en rís upp og gætir þjóðarinnar. Hinn líðandi þjónn Drottins, fyrirmyndin að Mannssyni Markúsar, er konungurinn. Þannig er mannssonarheitið í raun enn einn konungstitillinn. Það vísar þó ekki til veraldlegrar stöðu konungsins og valds heldur litúrgísku hlutverks, jafnt auðmýktar hans og hlýðni sem sigurs hans og upphafningar. Mannssonurinn gegnir hinu trúarlega og andlega hlutverki konungsins, ekki þess hernaðarlega sem hefðbundin Messíasarmynd gerði. Krossfestur Messías var hneyksli í gyðinglegri hugsun¹⁹¹ samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu hlutverksins.

Á fyrstu öldinni hafði aftur á móti ný messíasarmynd rutt sér til rúms. Þjóðin var orðin verulega langeyg eftir hinum veraldlega valdhafa sem hrísta myndi ok erlendra kúgara af Gyðingum, endurreisa konungsríki Davíðs og hefja nýja gullöld þjóðarinnar. Ekkert bólaði á honum og framtíðin lofaði ekki góðu fyrir komu hans. Það þarf ekki að undra að margir hafi verið orðnir úrkula vonar.

Það eitt að segjast ætla að taka að sér hlutverk Messíasar var auðvitað bein ögrun við hið rómverska yfirvald. Það var byltingaráróður og sem slíkur dauðasök, eins og Jesús frá Nasaret fékk að reyna. Þess vegna kallar Kristur sig Mannssoninn en ekki Messías og biður alla sem kalla hann Messías að hafa hljótt um það. Kristur gat kallað sig Mannssoninn án þess að það hefði neinar veraldlegar afleiðingar. Heitið var ekki messíasartitill í sjálfu sér, eins og messíasarleynd samstofnaguðspjallanna sýnir. Hinn undirliggjandi boðskapur var að hin hefðbundna messíasarhugmynd væri röng. Ríki Guðs er ekki af þessum heimi. Þess vegna hæfir frelsaranum ekki veraldlegur konungstitill heldur geistlegur. Hlutverk hans er ekki veraldlegt. Og á sama hátt og Jóhannes varð Elía með því að taka að sér eskatólógískt hlutverk hans varð Kristur Mannssonurinn með því að gangast undir hlutverk hans í þjáningu sinni, dauða og upprisu. Þess vegna hvarf Mannssonarhugtakið síðan tiltölulega fljótt úr umferð hjá frumkirkjunni. Ógjörningur var orðið að greina á milli Mannssonarins og fagnaðar-erindisins um hinn krossfesta og upprisna frelsara.

Uppgötvunin sem þurfti að gera var ekki sú að Jesús væri Mannssonurinn. Hann lagði spilin strax á borðið hvað það varðaði. Það sem þurfti að uppgötva var að Mannssonurinn var Messíasinn sem beðið var eftir.

¹⁹¹ Bultmann, *Theology* 1952, 1. bindi, s. 46.

XVII. Lokaorð

Tal Jesú um ragnarök og heimsenda hafa gjarnan verið eins og hálfgerð feimnismál. Kristnir menn hafa jafnvel borið vísi að kinnroða gagnvart þessum apókalyptísku ofuráherslum frumkirkjunnar. Þeim finnst frelsara sínum gerð skömm til með því að teikna hann upp eins og hvern annan heimsendaspámann. Slíkir menn hafa nefnilega skotið upp kollinum með reglulegu millibili alla mannkynsöguna og ævinlega afhjúpast sem ótýndir loddarar þegar jörðin hélt áfram að snúast um möndul sinn þrátt fyrir gaspur þeirra. Það særir trúarvitund kristinna manna að sjá frelsarann fyrir sér í slíku hlutverki. Slíkt tal þykir aukinheldur illa samræmast kærleiksboðskapnum sem er grunnstefið í kristinni prédikun.

Þess vegna skapaðist fljótt hefð fyrir því að leggja allegóríska merkingu í tal Jesú um hina efstu daga. Í stað þess að telja það vísa til sögulegs atburðar í ókominni framtíð, sem myndi hafa áveðna dagsetningu og ártal eins og hver annar stórviðburður, var það skilið í ljósi persónulegs skapadægurs hvers einstaklings. Það er fullkomlega rökrétt. Þegar einstaklingurinn deyr ferst heimurinn, eins og hann sá hann og skildi, með honum.

Í þessari ritgerð hefur verið lögð áhersla á að apókalyptískt gildi mannsónarheitisins hafi verið ofmetið í gegn um tíðina, að sá skilningur feli í raun aðeins í sér lítinn hluta af merkingu hugtaksins. Jafnframt hefur mun víðara og dýpra merkingarsamhengi þess, ættað úr „frumdjúpi“ semískrar menningararfleifðar, verið dregið fram. Með því er alls ekki ætlunin að sópa hinum apókalyptíska þætti úr boðun Jesú undir teppið eða fyrirverða sig fyrir hann á nokkurn hátt. Það er nefnilega með öllu ástæðulaust. Þar kemur einkum tvennt til:

Í fyrsta lagi vitum við að Jesús hafði rétt fyrir sér. Heimurinn mun farast. Sólstjörnur eins og sú sem jörðin okkar snýst um eiga sér takmarkaðan líftíma í algeimi. Sólin á reyndar u.þ.b. fimm milljarða ára eftir enn að mati sérfræðinga¹⁹², en allir vita líka að tímatali Biblíunnar verður alltaf að taka með ákveðnum fyrirvara.

¹⁹² Þorsteinn Þorsteinsson. „Hvenær deyr mannkynið? Hvenær deyr sólin?“. *Vísindavefurinn* 29.2.2000. <http://visindavefur.is/?id=164>. (Skoðað 17.11.2008).

Hitt er meira um vert. Saga frumkirkjunnar er saga fólks sem trúði því af öllu hjarta að heimsendir væri í nánd og það sjálft myndi lifa að sjá hann. Það merkilega er ekki að það skyldi hafa haft rangt fyrir sér um tímasetninguna, heldur að saga frumkirkjunnar skuli ekki vera saga af samfélagi í upplausn. Hún er ekki saga af fólki sem var lamað af angist og skelfingu vegna væntanlegra endaloka himins og jarðar. Þvert á móti þá er þetta saga af samfélagi sem einkenndist af bróðurþeli og náungakærleika, saga fólks sem lifði lífinu sáttt við Guð og menn, gætti hvert annars í ofsóknum og þrengingum og beið þess sem verða vildi af æðruleysi og sálarstyrk. Erfitt er að ímynda sér vestrænt nútímasamfélag bregðast á þann hátt við yfirvofandi tortímingu veraldarinnar, hvort heldur sem hún myndi stafa af árekstri jarðarinnar við annan himinhnött eða náttúruhamförum af áður óþekktri stærðargráðu.

Sá sem er í liði með konungi lífsins þarf nefnilega ekkert að óttast. Ekki einu sinni heimsenda.

XVIII. Viðbót: Ritningarstaðir¹⁹³

a. בן אדם og בר אנש (כ) í Gamla testamentinu

Sálmarnir:

8.5 *hvað er þá maðurinn (אדם) þess, að þú minnst hans, og mannsins barn (בן אדם), að þú vitjir þess?*

80.18 *Hönd þín hvíli yfir manningum (אדם) þér til hægri handar, mannssyninum (בן אדם) sem óx að styrk hjá þér. (Þýtt sem „mannsins barni“ 1981.)*

144.3 *Drottinn, hvað er maðurinn (אדם), að þú þekkir hann, mannsins barn (בן-אנוש), að þú gefir því gaum. „ben enosh“ – sbr. Hebreabréfið 2.16.*

146.3 *Treystið eigi tignarmenum (אדם), mönnum (בן אדם) sem enga hjálp geta veitt.*

Fjórða Mósebók:

23.19 *Guð er ekki maður (אדם) sem lýgur, ekki sonur manns (בן אדם) sem skiptir um skoðun.*

Jeremía:

49.18 *Eins og þegar Sódóma og Gómorra og nágrannaborgir þeirra höfðu verið eyddar, segir Drottinn, þar mun enginn maður (אדם) búa og enginn (בן אדם) hafa viðdvöl.*

49.33 *Hasór verður bústaður sjakala, þar mun enginn maður (אדם) búa og enginn (אדם בן) hafa þar viðdvöl.*

¹⁹³ Ritningarstaðirnir eru ekki taldir upp í kanónískri röð heldur því sem næst verður komist aldursröð þeirra, þ.e. ritunartíma. Hér eru versin ennfremur ekki alltaf í heild sinni heldur stundum aðeins hluti þeirra.

50.40 Þar mun enginn maður (אדם) búa og enginn (בן אדם) hafa þar viðdvöl.

51.43 Borgir hennar urðu auðn, skrælnað land og eyðimörk, land þar sem enginn (אדם) býr og enginn maður (בן אדם) fer um.

Jesaja:

51.12 Ég hugga yður, ég sjálfur.

Hver ert þú þá sem óttast dauðlega menn (אדם)

og mannanna börn (בן אדם) sem falla sem grasið ...

56.2 Sæll er sá maður sem breytir þannig

og heldur fast við það

að halda hvíldardaginn án þess að vanhelga hann

og varðveitir hönd sína frá því að gera illt.

(Versið var þýtt: „Sæll er sá maður (אדם), sem gjörir þetta, og það mannsbarn

(בן אדם), sem heldur fast við það ...“, 1981.)

Esekíel :

2.1, 2.3, 2.6, 2.8, 3.1, 3.3, 3.4, 3.10, 3.17, 3.25, 4.1, 4.16, 5.1, 6.2, 7.2, 8.5, 8.6, 8.8, 8.12, 8.15, 8.17, 11.2, 11.4, 11.15, 12.2, 12.3, 12.9, 12.18, 12.22, 12.27, 13.2, 13.17, 14.3, 14.13, 15.2, 16.2, 17.2, 20.2, 20.4, 20.27, 20.46, 21.2, 21.6, 21.9, 21.12, 21.14, 21.19, 21.28, 22.2, 22.18, 22.24, 23.2, 23.36, 24.2, 24.16, 24.25, 25.2, 26.2, 27.2, 28.2, 28.12, 28.21, 29.2, 29.18, 30.2, 30.21, 31.2, 32.2, 32.18, 33.2, 33.7, 33.10, 33.12, 33.24, 33.30, 34.2, 35.2, 36.1, 36.17, 37.3, 37.9, 37.1-14 (beinin í dalnum), 37.11, 37.15, 38.2, 38.14, 39.1, 39.17, 40.4, 43.7, 43.10, 43.18, 44.5, 47.6. – Guð ávarpar Esekíel ávallt: „Mannssonur“.

Daníel:

7.13 (arameíska) **sýn Daníels** – כִּבַּר אַנַּשׁ (kibar anash)

Ég horfði á í nætursýnum

og sá þá einhvern koma á skýjum himins,

áþekkan mannsyni (כבר אנוש).

Hann kom til Hins aldna

og var leiddur fyrir hann.

8.17 (hebreska) **Gabriel ávarpar Daníel**

En hann sagði við mig: „Skildu það, mannsbarn (בן אדם), að þessi sýn varðar síðustu tíma.“

(Þýtt sem „mannsson“ 1981.)

10.16 *Einhver, áþekkur manni (בן אדם), snart þá varir mínar og ég opnaði munninn.*

Jobsbók:

16.21 ... *hann skeri úr deilum milli manns (אדם) og Guðs*

og manna (בן אדם) á meðal ...

25.6 ... *hvað þá hinn dauðlegi (אדם), maðurinn sá,*

mannssonurinn (בן אדם), ormurinn.

35.8 *Ranglæti þitt kemur niður á fólki (אדם) eins og þér,*

réttlæti þitt snertir aðeins menn (בן אדם).

(Þýtt sem „mannsins barn“ 1981.)

b. ó υἱός τοῦ ἀνθρώπου í Nýja testamentinu

Efni úr Q í Matteusarguðspjalli (5):

8.20 *Jesús sagði við hann: „Refar eiga greni og fuglar himins hreiður en*

Mannssonurinn á hvergi höfði sínu að að halla.“ – // Lúk 9.58,

Tómasarguðspjall 86.

11.19 *Mannssonurinn kom, át og drakk, og menn segja: „Hann er mathákur og*

vínsvelgur, vinur tollheimtumanna og bersyndugra!“ – // Lúk 7.34.

- 12.40 *Jónas var í kviði stórhvelisins þrjá daga og þrjár nætur og eins mun Mannssonurinn vera þrjá daga og þrjár nætur í skauti jarðar. – // Lúk 11.30.*
- 19.28 *Þegar Guð hefur endurnýjað allt og Mannssonurinn situr í dýrðarhásæti sínu munuð þið, sem fylgið mér, einnig sitja í tólf hásætum og dæma tólf ættkvíslir Ísraels. – // Lúk 12.28-30 (án mannsónarheitisins).*
- 24.44 *Verið þér og viðbúin því að Mannssonurinn kemur á þeirri stundu sem þér ætlið eigi. – // Lúk 12.40. (Þessi texti á sér líka hliðstæðu í Tómasarguðspjalli 21b og 103, en þar án mannsónarheitisins.)*

Efni úr Q í Lúkasarguðspjalli (7):

- 6.22 *Sælir eruð þér þá er menn hata yður, þá er þeir útskýfa yður og smána og bera út óhróður um yður vegna Mannssonarins. – // Matt 5.11 (án mannsónarheitisins).*
- 7.34 *Og Mannssonurinn er kominn, etur og drekkur og þið segið: Hann er mathákur og vínsvelgur, vinur tollheimtumanna og syndara! – // Matt 11.19.*
- 9.58 *Jesús sagði við hann: „Refar eiga greni og fuglar himins hreiður en Mannssonurinn á hvergi höfði sínu að að halla.“ – // Matt 8.20 og í Tómasarguðspjalli 86.*
- 12.40 *Verið þér og viðbúnir því að Mannssonurinn kemur á þeirri stundu sem þér ætlið eigi – // Matt 24.44. (Þessi texti á sér líka hliðstæðu í Tómasarguðspjalli 21b og 103, en þar án mannsónarheitisins.)*
- 17.24 *Mannssonurinn kemur eins og elding sem leiftrar og lýsir frá einu skauti himins til annars. – // Matt 24.27.*

19.10 Því að Mannssonurinn er kominn að leita að hinu týnda og frelsa það. – // Matt 18.11

22.22 Mannssonurinn fer að sönnu þá leið sem ákveðin er en vei þeim manni sem því veldur að hann verður framseldur – // Matt 26.24.

Markúsarguðspjall (14):

2.10 En til þess að þið vitið að Mannssonurinn hefur vald til að fyrirgefa syndir á jörðu ... – // Matt 9:6, Lúk 5:24.

2.28 Því er Mannssonurinn einnig Drottinn hvildardagsins. – // Matt 12:8, Lúk 6:5.

3.28 Sannlega segi ég ykkur: Allt verður mannanna börnum (τοῖς υἱοῖς τῶν ἀνθρώπων) fyrirgefið, allar syndir þeirra og lastmælin, hve mjög sem þau kunna að lastmæla ... – // Matt 12.32 (með mannsönarheiti). (Hér standa báðir liðir ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου) í fleirtölu og því er ekki um hið eiginlega mannsönarheiti að ræða.)

8.31 Þá tók Jesús að kenna þeim: „Mannssonurinn á margt að líða. Öldungarnir, æðstu prestarnir og fræðimennirnir munu útskýfa honum. Menn munu lífláta hann en hann mun upp rísa eftir þrjá daga.“ – // Lúk 9.22, Matt 16.21 (án mannsönarheitisins).

8.38 Þegar Mannssonurinn kemur í dýrð föður síns með heilögum englum mun hann blygðast sín fyrir hvern þann sem blygðast sín fyrir mig hjá þessari ótrúu og syndugu kynslóð. – // Lúk 9.26. (Hér áleit Rudolf Bultmann að Mannssonurinn og „ég“ væri sitt hvor persónan.)

9.9 Á leiðinni ofan fjallið bannaði Jesús þeim að segja nokkrum frá því er þeir höfðu séð fyrir en Mannssonurinn væri risinn upp frá dauðum. — // Matt 17.9. (Hér talar Jesús í óbeinni ræðu.)

- 9.12 *Jesús svaraði þeim: „Víst kemur Elía fyrst og færir allt í lag. En hvernig er ritað um Mannssoninn? Á hann ekki margt að líða og verða smáður?*
- 9.31 *Hann sagði þeim: „Mannssonurinn verður framseldur í manna hendur og þeir munu lífláta hann en eftir þrjá daga mun hann rísa upp.“*
- 10.33 *Nú förum við upp til Jerúsalem. Þar verður Mannssonurinn framseldur æðstu prestum og fræðimönnum. Þeir munu dæma hann til dauða og framselja hann heiðingjum.*
- 10.45 *Því að Mannssonurinn er ekki kominn til þess að láta þjóna sér heldur til að þjóna og gefa líf sitt til lausnargjalds fyrir alla. – // Matt 20.28. Hér má einnig benda á Lúk 22.27 (án mannssoarheitisins).*
- 13.26 *Þá munu menn sjá Mannssoninn koma í skýjum með miklum mætti og dýrð. – sbr. Dan. 7.13.*
- 14.21 *Mannssonurinn fer að sönnu héðan svo sem um hann er ritað en vei þeim manni sem því veldur að Mannssonurinn verður framseldur. Betra væri þeim manni að hafa aldrei fæðst.*
- 14.41 *Í þriðja sinn kom hann og sagði við þá: „Sofið þið enn og hvílist? Nú er nóg. Stundin er komin. Mannssonurinn er framseldur í hendur syndugra manna.“*
- 14.62 *Jesús sagði: „Ég er sá og þið munuð sjá Mannssoninn sitja til hægri handar Hins almáttuga og koma í skýjum himins.“*

Matteusarguðspjall (26):

- 9.6 *En til þess að þið vitið að Mannssonurinn hefur vald á jörðu að fyrirgefa syndir ... – // Mrk 2.10, Lúk 5.24.*

- 10.23 *Þér munuð ekki hafa náð til allra borga Ísraels, áður en Mannssonurinn kemur.*
- 12.8 *Því að Mannssonurinn er Drottinn hvíldardagsins. – // Mrk 2.28, Lúk 6.5.*
- 12.32 *Hverjum sem mælir gegn Mannssyninum, verður það fyrirgefið ... – // Lúk 12.10, Mrk 3.28 (án mannsunarheitisins).*
- 13.37 *Sá er sáir góða sæðinu, er Mannssonurinn.*
- 13.41 *Mannssonurinn mun senda engla sína og þeir munu nema brott úr ríki hans allt sem leiðir í villu og alla er illt fremja ...*
- 16.13 *Hvern segja menn Mannssoninn vera? – // Mrk 8.27, Lúk 9.18 (hvort tveggja án mannsunarheitisins).*
- 16.27 *Mannssonurinn mun koma í dýrð föður síns með englum sínum og þá mun hann gjalda sérhverjum eftir breytni hans.*
- 16.28 *Sannlega segi ég ykkur: Nokkrir þeirra sem hér standa munu ekki mæta dauða sínum fyrr en þeir sjá Mannssoninn koma í ríki sínu. – // Mrk 9.1, Lúk 9.27 (hvort tveggja án mannsunarheitisins).*
- 17.9 *Segið engum frá sýninni, fyrr en Mannssonurinn er risinn upp frá dauðum – // Mrk 9.9.*
- 17.12 *Elía er þegar kominn og menn þekktu hann ekki heldur gerðu honum allt sem þeir vildu. Eins munu þeir láta Mannssoninn þola þíslir.*
- 17.22 *Mannssonurinn verður framseldur í manna hendur.*

- 18.11 *Því að Mannssonurinn er kominn að frelsa hið týnda. (Versið vantar í sum handrit.)*
- 20.18 *Nú förum við upp til Jerúsalem. Þar verður Mannssonurinn framseldur æðstu prestum og fræðimönnum.*
- 20.28 *Mannssonurinn er ekki kominn til þess að láta þjóna sér heldur til að þjóna og gefa líf sitt til lausnargjalds fyrir alla. – // Mrk 10.45. Hér má einnig benda á líkindi við Lúk 22.27 (án mannsónarheitisins).*
- 24.27 *Mannssonurinn kemur eins og elding sem leiftrar frá austri til vesturs.*
- 24.30 *Þá mun tákn Mannssonarins birtast á himni og allar kynkvíslir jarðar hefja kveinstafi. Og menn munu sjá Mannssoninn koma á skýjum himins með mætti og mikilli dýrð.*
- 24.37 *Eins og var á dögum Nóa, svo mun verða við komu Mannssonarins.*
- 24.39 *Eins verður við komu Mannssonarins.*
- 25.31 *Þegar Mannssonurinn kemur í dýrð sinni og allir englar með honum, þá mun hann sitja í dýrðarhásæti sínu.*
- 26.2 *Þið vitið, að eftir tvo daga eru páskar. Þá verður Mannssonurinn framseldur til krossfestingar.*
- 26.24 *Mannssonurinn fer að sönnu héðan svo sem um hann er ritað en vei þeim manni sem því veldur að Mannssonurinn verður framseldur.*
- 26.45 *Stundin er komin og Mannssonurinn er framseldur í hendur syndugra manna.*

26.64 *Upp frá þessu munuð þið sjá Mannssoninn sitja til hægri handar Hinum almáttuga og koma á skýjum himins. (sbr. Daníel 7.13-14)*

Jóhannesarguðspjall (13):

1.51 *Og hann segir við hann: „Sannlega, sannlega segi ég yður: Þér munuð sjá himininn opinn og engla Guðs stíga upp og stíga niður yfir Mannssoninn.“*

3.13-14 ¹³*Enginn hefur stigið upp til himins nema sá er steig niður frá himni, Mannssonurinn. ¹⁴Og eins og Móse hóf upp höggorminn í eyðimörkinni, þannig á Mannssonurinn að verða upp hafinn.*

5.27 *Og hann hefur veitt honum vald til að halda dóm því að hann er Mannssonur. – Hér stendur „ὕψος ἀνθρώπου“ án greinis.*

6.27 *Aflið yður eigi þeirrar fæðu sem eyðist heldur þeirrar fæðu sem varir til eilífs lífs og Mannssonurinn mun gefa yður. Því að faðirinn, sjálfur Guð, hefur veitt honum vald sitt.*

6.53 *Þá sagði Jesús við þá: „Sannlega, sannlega segi ég yður: Ef þér etið ekki hold Mannssonarins og drekkið blóð hans þá er ekki líf í yður.“*

6.62 *En ef þér sæjuð Mannssoninn stíga upp þangað sem hann áður var?*

8.28 *Því sagði Jesús: „Þegar þér hefjið upp Mannssoninn munuð þér skilja að ég er sá sem ég er og að ég geri ekkert einn og sér heldur tala ég það eitt sem faðirinn hefur kennt mér.“*

9.35 *Jesús heyrði að þeir hefðu rekið hann út. Hann fann hann og sagði við hann: „Trúir þú á Mannssoninn?“*

12.23 *Jesús svaraði þeim: „Stundin er komin að dýrð Mannssonarins verði opinber.*

12.34 *Mannfjöldinn svaraði honum: „Lögmálið segir okkur að Kristur muni verða til eilífðar. Hvernig getur þú sagt að Mannssonurinn eigi að verða upp hafinn? Hver er þessi Mannssonur?“ – Hér talar Jesús ekki heldur talar mannfjöldinn við Jesús.*

13.31-32 ³¹*Þegar hann var farinn út sagði Jesús: „Nú er Mannssonurinn dýrlegur orðinn og Guð er orðinn dýrlegur í honum. ³²Fyrst Mannssonurinn hefur birt dýrð Guðs mun Guð veita honum dýrð sína og skjótt mun hann gera það.*

Lúkasarguðspjall (20):

5.24 *En til þess að þið vitið að Mannssonurinn hefur vald á jörðu til að fyrirgefa syndir, þá segi ég þér,“ - og nú talar hann við lama manninn: „Statt upp, tak rekkju þína og far heim til þín.“ – // Mrk 2.10, Matt 9.6.*

6.5 *Og hann sagði við þá: „Mannssonurinn er Drottinn hvíldardagsins.“ – // Matt 12.8, Mrk 2.28.*

9.22 *„Mannssonurinn á margt að líða. Öldungarnir, æðstu prestarnir og fræðimennirnir munu útskúfa honum og hann verður líflátinn. En á þriðja degi mun hann upp rísa.“ – // Mrk 8.31, Matt 16.21 (án mannsönarheitisins).*

9.26 *Þegar Mannssonurinn kemur í dýrð sinni og dýrð föðurins og heilagra engla mun hann blygðast sín fyrir þann sem blygðast sín fyrir mig og mín orð – // Mrk 8.38 (Hér áleit Rudolf Bultmann að Mannssonurinn og „ég“ væri sitt hvor persónan.)*

9.44 *Festið þessi orð í huga: Mannssonurinn verður framseldur í manna hendur.*

9.56 *Mannssonurinn er ekki kominn til að tortíma mannlífum heldur til að frelsa.*

- 11.30 Því Jónas varð Nínívemönnum tákni og eins mun Mannssonurinn verða þessari kynslóð. – // Mrk 8.12, Matt 16.4 (hvort tveggja án mannssonarheitisins).
- 12.8-10 ⁸En ég segi yður: Hvern þann sem kannast við mig fyrir mönnum mun og Mannssonurinn kannast við fyrir englum Guðs. ⁹En þeim sem afneitar mér fyrir mönnum mun Mannssonurinn afneita fyrir englum Guðs. ¹⁰Hverjum sem mælir gegn Mannssyninum verður það fyrirgefið en þeim sem lastmælir gegn heilögum anda verður ekki fyrirgefið. – // Matt 12.32 (með mannssonarheiti), Matt 10.32, Mrk 8.38 (hvort tveggja án mannssonarheitisins). Ennfremur virðist Op. 3.3 og 3.5 bergmála þennan ritningarstað (án mannssonarheitisins). (Hér áleit Rudolf Bultmann að Mannssonurinn og „ég“ væri sitt hvor persónan.)
- 17.22 Og Jesús sagði við lærisveinana: „Þeir dagar munu koma að þér þráið að sjá einn dag Mannssonarins og munuð eigi sjá hann.
- 17.26 Eins og var á dögum Nóa, svo mun og verða á dögum Mannssonarins.
- 17.30 Eins mun verða á þeim degi er Mannssonurinn opinberast.
- 18.8 Ég segi yður: Hann mun skjótt rétta hlut þeirra. En mun Mannssonurinn finna trúna á jörðu þegar hann kemur? “
- 18.31 Jesús tók þá tólf til sín og sagði við þá: „Nú förum við upp til Jerúsalem og mun allt það koma fram sem spámennirnir hafa skrifað um Mannssoninn.
- 21.27 Þá munu menn sjá Mannssoninn koma í skýi með mætti og mikilli dýrð. (sbr. Dan. 7.13)
- 21.36 Vakið því allar stundir og biðið svo að þér megið umflyja allt þetta sem koma á og standast frammi fyrir Mannssyninum.
- 22.48 Jesús sagði við hann: „Júdas, svikur þú Mannssoninn með kossi? “

22.69 *En upp frá þessu mun Mannssonurinn sitja til hægri handar almáttugum Guði.*

24.7 *Hann sagði að Mannssonurinn skyldi framseldur verða í hendur syndugra manna og krossfestur en rísa upp á þriðja degi. – Hér talar Jesús ekki heldur „tveir menn í leiftrandi klæðum“ við konurnar sem komu með Jesú frá Galíleu.*

Opinberunarbókin (2):

1.13 *... og milli ljósastikanna einhvern, líkan mannsyni, klæddan skósíðum kyrtli og gullbelti var spennt um bringu hans.*

14.14 *Og ég sá, og sjá: Hvítt ský og á skýinu einhvern sitja líkan mannsyni. Hann hafði gullkórónu á höfði og beitta sigð í hendi. (sbr. Dan. 7.13)*

Postulasagan (1):

7.56. *„Ég sé himnana opna og Mannssoninn standa til hægri handar Guði.“ – Stefán píslarvottur.*

Hebreabréfið (1):

2.16 *Hvað er maður, að þú minnst hans?
Eða mannssonur, að þú vitjir hans? – vitnað í Sálm 144.*

XIX. Heimildaskrá

- Aichele, Georges og Philips, Gary A, 1995: „Introduction: Exegesis, Eisegesis, Integesis“. (*Semeia 69/70. Intertextuality and the Bible*. 1995. Ritstj. George Aichele og Gary A. Philips.) Atlanta, Scholars Press.
- Anderson, Bernard W., 1988: *The Living World of the Old Testament*. (Fourth edition.) Essex, Longman Group.
- Armstrong, Karen, 1994: *A History of God*. New York, Ballantine Books.
- Betz, Otto, 1987: „Miracles in the Writings of Flavius Josephus“. (*Josephus, Judaism and Christianity*. 1987. Ritstj. Louis H. Feldman og Gohei Hata.) Leiden, Brill.
- Biblían, 1981. Reykjavík.
- Biblían, 2007. Reykjavík.
- Borsch, Frederick H., 1967: *The Son of Man in Myth and History*. London, SCM Press.
- Borsch, Frederick H., 1970: *The Christian and Gnostic Son of Man*. (Studies in Biblical Theology, Second Series, 14.) London, SCM Press.
- Brueggemann, Walter, 1997: *Theology of the Old Testament – Testimony, Dispute, Advocacy*. Minneapolis, Fortress Press.
- Bultmann, Rudolf, 1952: *Theology of the New Testament*. 1. & 2. bindi. (Ensk þýð. Kendrick Grobel.) London, SCM Press.
- Casey, Maurice, 2007: *The Solution to the 'Son of Man' Problem*. (Library of New Testament Studies 342. Ritstj. Mark Goodacre.) London, T&T Clark International.
- Dunn, James D. G., 1974: „The Messianic Secret in Mark.“ (*The Messianic Secret*. 1983. Ritstj. Christopher Tuckett.) Philadelphia, Fortress Press. Bls. 116 – 131.
- Frankfort, Henri, 1948: *Kingship and the Gods – A Study of Ancient Near Eastern Religion as the Integration of Society & Nature*. Chicago, The University of Chicago Press.
- Greenberg, Moshe, 1983: *Ezekiel, 1-20*. (The Anchor Bible.) New York, Doubleday.
- Guðrún Kvaran, 2008: „Biblía 21. aldar“. *Ritröð Guðfræðistofnunar – Studia Theologica Islandica 26*. 2008:1. Reykjavík. Bls. 41 – 76.
- Gunnar Kristjánsson, 2008: „Þýðing og stíll nýju biblíuútgáfunnar“. *Ritröð Guðfræðistofnunar – Studia Theologica Islandica 26*. 2008:1. Reykjavík. Bls. 27 – 39.

- Hamerton-Kelly, R. G., 1973: *Pre-existence, Wisdom and the Son of Man – A Study of the Idea of Pre-existence in the New Testament*. Cambridge, Cambridge University Press.
- Hare, Douglas R. A., 1990: *The Son of Man Tradition*. Minneapolis, Fortress Press.
- Hartman, Louis F. og Di Lella, Alexander A., 1978: *The Book of Daniel*. (The Anchor Bible.) Garden City, New York, Doubleday & Company.
- James, Fleming, 1951: *The Personalities of the Old Testament*. New York, Charles Scribner's Sons.
- Johnson, Luke Timothy, 1992: *Acts of the Apostles*. (Sacra Pagina Series, Volume 5. Ritstj. Daniel J. Harrington, S. J.) Collegeville, Minnesota, The Liturgical Press.
- Jón Ma. Ásgeirsson, 2007: „Inngangur“. (*Frá Sýrlandi til Íslands – Arfur Tómasar Postula*. 2007. Jón Ma. Ásgeirsson og Þórður Ingi Guðjónsson.) Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Kaiser, Otto, 1969: *Introduction to the Old Testament – A Presentation of its Results and Problems*. (ensk þýð. John Sturdy 1975.) Oxford, Basil Blackwell.
- Kloppenborg Verbin, John S., 2000: *Excavating Q – The History and Setting of the Sayings Gospel*. Minneapolis, Fortress Press.
- Koester, Helmut, 1995: *Introduction to the New Testament, Vol. 1: History, Culture, and Religion*. (Önnur útgáfa; ensk þýð. sami.) New York & Berlin, Walter De Gruyter.
- Koester, Helmut, 2000: *Introduction to the New Testament, Vol. 2: History and Literature of Early Christianity*. (Önnur útgáfa; ensk þýð. sami.) New York & Berlin, Walter De Gruyter.
- McGrath, Alister E., 2007: *Christian Theology – An Introduction*. (Fourth edition.) Oxford, Blackwell Publishing.
- Miller, Ed. L. og Grenz, Stanley J., 1998: *Fortress Introduction to Contemporary Theologies*. Minneapolis, Fortress Press.
- Moule, C. F. D., 1977: *The Origin of Christology*. Cambridge, Cambridge University Press.
- Müller, Mogens, 2008: „Er lösningin på "menneskesøn"-problemet fundet?“ *Dansk teologisk tidsskrift*. 1. tbl. 2008. Kaupmannahöfn. Bls. 42 – 49.
- Pagels, Elaine, 1995: *The Origin of Satan*. New York, Random House.

- Pannenberg, Wolfhart, 1968: *Jesus – God and Man*. London, SCM Press.
- Pope, Marvin H., 1965: *Job*. (The Anchor Bible.) Garden City, New York, Doubleday & Company.
- Porter, J. R., 1999: *Jesus Christ – The Jesus of History, the Christ of Faith*. London, Duncan Baird Publishers.
- Richardson, Alan, 1958: *An Introduction to the Theology of the New Testament*. London, SCM Press.
- Sigurður Örn Steingrímsson, 1968-69: „Mannssonarheitið“. *Orðið – Rit Félags guðfræðinema*. 5. árg. 1. tbl. Reykjavík. S. 38 – 45.
- Sigurvin Jónsson, 2007: „Spekin í samhengi hellenismans“. *Orðið – Rit Félags guðfræðinema*. 38. – 43. árg. Reykjavík. S. 97 – 107.
- Sundemo, Herbert, 1970: *Bibliuhandbókin þín*. (Ísl. þýð. Magnús Guðjónsson, 1974.) Reykjavík, Bókaútgáfan Örn og Örlygur.
- Theissen, Gerd, 1999: *De første kristnes religion: En teori om urkristendommen*. (Dönsk þýð. Knud Rendtorff, 2004.) Gylling, Syddansk Universitetsforlag.
- Voelz, James W, 1995: „Multiple Signs, Levels of Meaning and Self as Text: Elements of Intertextuality“. (*Semeia 69/70. Intertextuality and the Bible*. 1995. Ritstj. George Aichele og Gary A. Philips.) Atlanta, Scholars Press.

Af netinu:

- Þorsteinn Þorsteinsson. „Hvenær deyr mannkynið? Hvenær deyr sólin?“ *Vísindavefurinn* 29.2.2000. <http://visindavefur.is/?id=164>. (Skoðað 17.11.2008).